



ÓLÍ TYNES
Keyrir um á
240 hestafla bíl
Ást við fyrstu sýn hjá fréttamanninum
FÓLK 62



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. október 2006 – 273. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR



Heldur veislu fyrir nána vini

Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti borgarstjórnar, er fertug í dag en heldur upp á afmælið um helgina.

TÍMAMÓT 38

Keisarinn er kviknakinn

„Ríkisstjórnin ræðst ekki að rótum vandans, sem er markaðsfirring í skjóli tollverndar,“ segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 32

Sly í fullu fjöri

Stallone er væntanlegur á hvíta tjaldíð um jólin í gervi Rocky.


BIÓ 70

Svekkjandi tap

Eiður Smári var nálægt því að skora gegn Svíum en niðurstaðan var grátlegt 2-1 tap.

ÍPRÓTTIR 56-57

VEÐRIÐ Í DAG



STREKKINGUR SYÐST Í dag verður austan strekkingur syðst á landinu, annars hægur. Úrkomulítið í fyrstu en vaxandi úrkoma um sunnan og austanvert landið síðdegis og í kvöld. Hiti yfirleitt 7-12 stig.

VEDUR 4

Lögregla fái skammbyssur, skotheld vesti og hjálma

Tillögur hafa verið lagðar fram um að lögreglulið í landinu fái aukinn sérbúnað. Starfshópur um tækja- og búnaðarmál lögreglunnar vann tillögurnar fyrir Ríkislögreglustjóra. Þær hafa verið kynntar ráðherra.

LÖGREGLUMÁL Gert er ráð fyrir að lögregluliðin í landinu fái aukinn sérbúnað, samkvæmt tillögum starfshóps um tækja- og búnaðarmál lögreglunnar. Um er að ræða skammbyssur, skotheld utanklæða skotvesti og skotheld hjálma. Í tillögunum er gert ráð fyrir að hægt verði að vopnbúa með þessum búnaði að lágmarki tuttugu prósent lögregluliðs á hverri lögreglustöð í landinu. Í það minnsta verði aldrei færri en tvær skammbyssur, tvö skotvesti og tveir hjálmar á hverri aðallögreglustöð. Þetta er fyrir utan búnað sérsveitarinnar.

Fréttir þess efnis að skotvopn komi nú í auknum mæli við sögu

í samskiptum lögreglu og borgara vekja spurningar um öryggisbúnað lögreglumanna. Jón F.

„Það hefur oft komið upp umræða um að auka öryggisbúnað lögreglumanna á vettvangi.“

JÓN F. BJARTMARZ
YFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, veitti ofangreindum starfshópi forstöðu. Tillögur hópsins hafa verið kynntar Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra.

„Það hefur oft komið upp

umræða um að auka öryggisbúnað lögreglumanna á vettvangi,“ segir Jón spurður hvort ástæða sé til þess að lögreglumenn beri skotheld vesti í ljósi nýlegra fréttu af vopnaburði borgara. „Hins vegar hefur aldrei verið tekin upp sú stefna að lögreglan gangi almennt daglega í skotvestum.“

Jón segir að um tvenns konar skotvesti geti verið að ræða, annars vegar svokölluð létt vesti, sem menn noti innan klæða, og svo þung vesti sem menn noti utan klæða. Á lögreglustöðvum hér séu fyrst og fremst þungvesti og tillögur starfshópsins geri ráð fyrir að aukið verði við

þann búnað og hann endurnýjaður.

Takmarkað sé hins vegar til að léttvestum en slík vesti eru til staðar hjá lögreglunni í Reykjavík. Þau hafa verið notuð í hættulegum verkefnum.

Þá nefnir Jón að búnaðarmál lögreglu þurfi alltaf að vera til endurskoðunar í ljósi atburða hvers tíma. „Það er kannski ástæða til að fara að athuga það rækilega hvort lögreglumenn eigi ekki að nota léttvesti til daglegra starfa,“ segir hann og bætir við að tímabært hafi verið að lögreglan ræddi öryggismál sín nú enda sé hér fyrst og fremst um öryggisbúnað að ræða.

- jss / sjá síðu 24



MIKHÁIL GORBATSJOV VIÐ KOMUNA TIL LANDSINS Fyrirverandi leiðtogi Sovétríkjanna er staddur hér á landi í tilefni af tuttugu ára afmælis leiðtogafundar hans og Ronalds Reagan, fyrirverandi forseta Bandaríkjanna, sem fram fór í Höfða 12. október árið 1986. Einkaflugvél Björgólf Thors Björgólfssonar viðskiptajöfurs lenti með Gorbatsjov á Reykjavíkflugvelli í gær. Gorbatsjov mun halda fyrirlestur í Háskólabíó í dag og situr síðan kvöldverð á Bessastöðum í boði forseta Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tveir menn réðust á stöðumælavörð þegar hann ætlaði að sekta þá:

Nefbrutu stöðumælavörð

LÖGREGLUMÁL Tveir menn réðust á stöðumælavörð þegar hann gerði sig líklegan til að sekta þá. Stöðumælavörðurinn hafði áður beðið mennina að færa bifreið sína þar sem henni var lagt ólöglega á Laugaveginum en þeir neitað. Hann nefbrotnaði í árásinni og hefur kært málið til lögreglu, þar sem það er til meðferðar. Atvikið átti sér stað síðastliðinn föstudag.

Stefán Haraldsson, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs,

segir það ekki algennt að stöðumælavörðir verði fyrir árásum. „Þetta er nú sem betur fer sjaldgæft. En þeir lenda auðvitað í alls kyns samskiptum við fólk sem eru mismunandi erfið. En að þeir verði beinlínis fyrir alvarlegri líkamsárás er sjaldgæft.“

Stefán segist ekki finna fyrir því að stöðumælavörðirnir séu skelkaðir í starfi sínu. „Það fylgir þessu starfi kannski ákveðið óöryggi en ég myndi ekki segja að

menn væru skelkaðir, enda endist enginn í þessu starfi ef hann er skelkaður.“

Hann bendir á að fleiri stéttir en einungis stöðumælavörðir geti lent í erfiðum samskiptum við borgarana. „Það eru alls konar stéttir sem hafa það hlutverk að halda uppi einhvers konar almannareglu á sínum svæðum eða vinnustað, til dæmis strætóbílstjórar. Þetta eru ekkert bara stöðumælavörðir.“

- þsj

Óhapp eða hryðjuverk: Lítil vél flaug á 50 hæða háhýsi

NEW YORK, AP Minnst tveir létu lífið þegar lítil flugvél flaug á fimmtíu hæða íbúðarhús á Manhattan í gær. Vélin flaug inn á tuttugustu hæð byggingarinnar. Ekki var vitað hvort um hryðjuverk væri að ræða en bandarískir alríkislögreglumenn sögðu ekki ástæðu til að ætla að svo væri.

Brak úr vélinni féll niður á gangstéttina og mikinn reykmyrkur lagði frá hússinu. Slökkviliðsmenn börðust við bálið frá neðri hæðum hússins, sem er í austurhluta Manhattan, við 72. stræti. Í húsinu eru 183 íbúðir og í þeim býr sterkefnað fólk. Skráður eigandi flugvélarinnar mun vera Cory Lidle, kastari hafnaboltafélagsins New York Yankees.

Í gær, 11. október, voru fimm ár og einn mánuður liðin frá hryðjuverkaárásunum á Tvíburaturunana í New York.

- kóp



SMÁRALIND ER 5 ÁRA OPIÐ TIL KL 21 KVÖLD



Kringlu
20-50% kast
AFSLÁTTUR AF
NÝJUM VÖRUM

HEFST Í DAG!

Kringlan



Lækkaði símreikningur utanríkisráðuneytisins ekki umtalsvert við þessa uppgötvun, Jón?

„Jú, reyndar, þökk sé leynipjónustu Sjálfstæðisflokksins.“

Jón Baldvin Hannibalsson upplýsti á dögunum að sími hans í utanríkisráðuneytinu hefði verið hleraður.

Tryggingaálag á bréf bankanna: Svipuð staða og var uppi í febrúar

VIÐSKIPTI Tryggingaálag á skuldabréf bankanna (CDS) er nú sambærilegt við stöðuna áður en halla tók undan fæti í umræðu um þá og efnahagslífið. Forstöðumaður alþjóðlegrar fjármögnunar Glitnis býst við hægum bata. Í gær var álag á bréf Glitnis 37 punktar, 46 á bréf Landsbankans og 56 á bréf Kaupþings. Hinn 9. febrúar var álagið á bréf Glitnis það sama, 37 punktar, 44 á bréf Landsbankans og 47 punktar á bréf Kaupþings. Almenn bankavísitala Iboxx sem sýnir fjármögnunarkostnað í Evrópu ber hins vegar með sér að almennt hafi þar ríkt stöðugleiki, þótt kjör íslensku bankanna hafi sveiflast.

- kóá / sjá síðu 28

Lokahönd lögð á Lönguhlíð: Segja öryggi barna aukið

SAMGÖNGUMÁL Búið er að leggja lokahönd á breytingar á Lönguhlíð og er gatan nú aðeins með einni akrein í hvora átt en ekki tveimur eins og áður var. Stefán Finnsson, deildarstjóri mannvirkja í Reykjavíkurborg, segir ástæðu breytinganna hafa verið þrýsting íbúa í hverfinu. Mörg börn fari þar um til að komast í skólann og nauðsynlegt hafi verið að bæta öryggi þeirra. Einhverjar kvartanir hafi borist vegna þess að bílastæðum var ekki fjölgað samhliða breytingunum. Það hafi þó ekki verið mögulegt þar sem þau valda oft hættu fyrir börn þar sem þau eigi til að skjótast á milli kyrrstæðra bíla. Því hafi verið kosið að setja upp hjólarain í staðinn. Varðstjóri umferðardeildar lögreglu segir þessar breytingar af hinu góða þó að einstaka ökuður hafi kvartað vegna þeirra.

- kdk



Kristín Gísladóttir sjúkrahjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Sendiför forsætisráðherra, utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra til Washington:

Undirrituðu nýtt varnarsamkomulag

UTANRÍKISMÁL Valgerður Sverrisdóttir og Geir Haarde funduðu í gær með Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Washington. Eftir fundinn, sem var „stuttur, en vinsamlegur“ að sögn Valgerðar, var skrifað undir samkomulag um framtíðarhlutverk Bandaríkjanna í vörnum Íslands. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra var viðstaddur.

Á fundinum var frekari samvinna þjóðanna rædd, til dæmis í viðskiptum og á sviði endurnýjanlegrar orku. Í samtali við Fréttablaðið sagðist Valgerður hafa nýtt sér tækifærið til að þjóa Condoleezza Rice velkomna í heimsókn

til Íslands og að ráðherrann bandaríski hefði þekkt boðið.

Valgerður lýsti einnig yfir ánægju með fund sinn fyrr um daginn með Paul Wolfowitz, forseta Alþjóðabankans. Á honum voru rædd þróunarmál og hugsanlegt samstarf bankans og Íslands á því sviði, sérstaklega við fiskveiðar og orkunýtingu. „Það eru gríðarlegir möguleikar og mikil þörf í ýmsum þróunarlöndum sem eiga auðlindir en kunna ekki að vinna úr þeim. Það væri verðugt verkefni að Íslendingar kæmu þar að málum en við gerum það ekki án samstarfs við bankann,“ sagði Valgerður.

- kóp



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR, CONDOLEEZZA RICE OG GEIR HAARDE Fundurinn fór fram í utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna í Washington í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþingi semji áætlun um nýtingu auðlinda

Skýrsla um verndun og nýtingu orkuauðlinda í jörðu og vatnsafls var kynnt í gær. Tímamótasátt, segir Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra. Metnaðarlaust þar sem orkufyrirtækin komast í skjól með sín áform, segir Kolbrún Halldórsdóttir.

AUÐLINDIR Auðlindanefnd leggur til, í skýrslu sem kynnt var í gær, að Alþingi samþykki verndar- og nýtingaráætlun fyrir jarðvarma og vatnsafl á Íslandi eigi síðar en árið 2010.

Karl Axelsson, formaður nefndarinnar, sagðist vonast til þess að efni skýrslunnar, sem ber heitið „Framtíðarsýn um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls“, legði grunninn að meginlinum stefnumótunar sem gæti skapað „farveg þjóðarsáttar“ um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagði að um tímamót væri að ræða. „Þetta eru mikilvæg og ánægjuleg tímamót sem verða við það að nefndin nær heildrænu samkomulagi um þessi mikilvægu atriði, sem er undirbúningur að gerð áætlunar um nýtingu og vernd auðlinda landsins. Í þessu felst meðal annars að búa til vandaðar reglur um hvernig á að velja úr umsóknum um rannsóknar- og starfsleyfi, og hvaða viðmiðum á að fylgja þangað til heildaráætlunin verður tilbúin en hún getur orðið til innan þriggja ára, samkvæmt markmiðum nefndarinnar.“

Kolbrún Halldórsdóttir, þingkona Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, segist ekki líta á skýrslu nefndarinnar sem tímamótaframlag í umræðu um nýtingu og vernd orkuauðlinda. „Þetta er ekki tímamótasátt í mínum huga. Menn virðast ekki hafa metnað til að nýta tímann framundan til þess að klára áætlunina, heldur er það vilji stjórnvalda að koma orkufyrirtækjunum í skjól með öll sín áform, áður en skrefið verður tekið til fulls. Að auki hefur rammaáætlun ríkisstjórnarinnar aldrei hlotið samþykki eða um hana verið rætt á málefnalegum nótum á Alþingi. Á bak við þá áætlun eru ófullnægjandi gögn og hún er því ekki góður grundvöllur til leyfisveitinga í þessum efnum. Metnaðarfyllsta skrefið, og um leið það ábyrgðarfyllsta, hefði verið að stoppa af framkvæmdir vegna áforma um álver vítt og breitt um



FRÁ FUNDINUM Í ÞJÓDMENNINGARHÚSINU Karl Axelsson, formaður nefndarinnar, skýrði frá meginatriðum skýrslunnar á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Nefndarmenn eru ekki allir sammála um að skýrslan feli í sér sköpun farvegs að þjóðarsátt um auðlindanýtingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

landið. Aðeins þannig hefði verið hægt að skapa raunverulega sátt um málið.“

Í nefndinni sátu Karl Axelsson formaður, Agnar Olsen, Albert Albertsson, Arnþjórg Sveinsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Hjörleifur B. Kvaran, Ingileif Steinunn Kristjánsdóttir, Jóhann Ársæls-son, Kolbrún Halldórsdóttir og Sigfús Ingi Sigfússon. Þrjú nefndarmenn, Agnar, Albert og Hjörleifur, voru tilnefndir af Samorku en formaður nefndarinnar var tilnefndur af iðnaðarráðherra.

magnush@frettabladid.is

Breskir fræðimenn birta áætlun um mannfall í Írak:

Nær 655 þúsund látnir í Írak

ÍRAK, AP Samkvæmt nýrri breskri rannsókn, sem birt er í læknafréttiritinu Lancet, hafa nærri 655 þúsund Írakar látið lífið af völdum stríðsátakanna frá því að Bandaríkjaher gerði innrás í landið ásamt bandamönnum sínum í mars árið 2003.

Þetta er meira en tíu sinnum hærri tala en venjulega hefur verið nefnd um mannfall af völdum átakanna í Írak. Flestir hafa talað um að tala látinna Íraka geti verið um það bil 50 þúsund.

Rannsóknin er þó umdeild, því hún er ekki byggð á beinum upplýsingum um tölu látinna, heldur á viðtölum við fjölskyldur í Írak og er út frá þeim dregin ályktun um mannfallið. Þetta er sams konar aðferð og beitt er þegar hjálparstofnanir meta mannfall af völdum náttúruhamfara.

Ríkisstjórn Íraks sagði í gær að þessi tala væri „ýkt“ og „langt frá sannleikanum“. Stjórnin nefndi þó ekki neina tölu um mannfallið, og hefur reyndar aldrei gert það.

George W. Bush Bandaríkjaforseti sagðist í gær hafna þessari tölu um mannfallið, hann teldi rannsóknina „ekki trúverðuga“. Fyrir einu ári sagði Bush að 30 þúsund Írakar hefðu fallið, en hann hefur ekki nefnt aðra tölu um mannfallið síðan þá.

- gb



ÍRASKUR HERMAÐUR KANNAR UMMERKI BÍLASPRENGJU Tveir vegfarendur létust og sextán særðust þegar sprengja sprakk í þessari bifreið í gær, fyrir utan lögreglustöð í Bagdad.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



SMÁRALIND ER 5 ÁRA ÓTRÚLEG AFMÆLIS- TILBOÐ

Smáralind heldur upp á 5 ára afmæli sitt fram á sunnudag. Í boði verður frábær afmælis dagskrá og afþreying ásamt glæsilegum afmælistilboðum. **Komið og sjáið glæsilega tiskusýningu kl 17.30 í dag.** Við hlökkum til að sjá þig!

Opið til kl. 21 í kvöld

Adams

Þú kaupir 5 vörur en greiðir aðeins fyrir 4, ódýrasta varan fylgir **frítt með**

skór.is

20% afsláttur af völdum vörum

Benetton

20% afsláttur af strákavörum í tilefni afmælisins

Adesso

Kaffi og kaka á **660 kr.**

Zink

20% afmælisafsláttur af Levis bolum dagana 10.-15. október

Drangey

25% afsláttur af leðurhönskum

Hjörtur Nielsen

20% afsláttur af diskum

Byggt og búið

Babyliss Beliss, tæki sem að þurrkar, blæs og sléttar hárið á sama tíma. Tilboð **3.999 kr.**

Intersport

Allar Hummel gallabuxur **35%** afsláttur. Henson barnagallar **4.990 kr.**

Homeart

20% afsláttur af öllum vörum

Eymundsson

50% af öllum bókum sem gefnar voru út sama ár og Smáralind var opnuð

Isis

15% afsláttur af skarti frá Pilgrim, Evita Peroni og Guess og fleiri góð tilboð

Líf og list

Allir blómavasar á **15%** afmælisafslætti

Hygea

20% afsláttur af öllum Lancome, Dior og Guerlain vörum. **30%** afsláttur af nýju skarti. Make up-kassar á **1.000 kr.** meðan birgðir endast. Ráðgjöf og kaupaukar. Kynnum nýtt ilmvatn frá Guerlain: Insolence

Hagkaup

Nýtt í Hagkaupum: MAMMA MIO, ný lína fyrir verðandi mæður. Tilboðs gjafapakkingar. **20%** afsláttur af MARBERT snyrtivörum. **20%** afsláttur af ORIGINS vörum. Frábær leið til að kynna ORIGINS. SOTH'YS tilboð á hreinsimjólk og andlitsvatni, sett **kr. 1.669**, verð áður 3.338 kr. Sérfræðingur frá SOTH'YS veitir ráðgjöf alla helgina. Sérfræðingur frá SHISEIDO veitir ráðgjöf. Glæsileg gjöf fylgir kaupum. NO 7, gjöf fylgir 3.000 kr. kaupum. Kynning á IMEEN kremlínunni föstudag frá kl. 14-18.

Debenhams

Persónulegur stílisti verður með tiskuráðgjöf og snyrtivörudeild sýnir förðun fyrir veturinn 2006/2007, fimmtudag kl. 18 og laugardag kl. 14.30.

Lukkupottur: Allir sem bóka tíma hjá persónulegum stílista til 1. nóvember fara í lukkupott. Þrjú nöfn verða dregin út og fá glæsilega vinninga:

Fataúttekt, Designers at Debenhams gjafir, Samsonite taska, ráðgjöf í snyrtivörudeild, snyrtivörupakki frá Elisabeth Arden og gisting og dekur á Fosshótel Reykholti. 50 fyrstu sem bóka sig fá mascara frá Gosh.

Allar konur sem koma í mælingu og mátnu í undirfatadeild fá flotta gjöf frá Biotherme, á meðan birgðir endast.

Tilboð í undirfatadeild, 2 brjóstahaldarar 1.000 kr. afsláttur, 3 brjóstahaldarar 2.000 kr. afsláttur.

Designers at Debenhams, 20% afsláttur í öllum deildum.

ELISABET ARDEN: **20%** afsláttur.

VIKTOR&ROLF-FLOWERBOMB: Kynning á þessum glæsilega ilmi, föstudag og laugardag, einungis í Debenhams.

Laugardagur: Frí ásetning fylgir kaupum á gerviaughárum frá MAC. Flott kremtilboð og nýir haustlitir og glæsilegir kaupaukar.



Opið:

Mán, þri, mið 11-19

fim 11-21, fös 11-19

lau 11-18, sun 13-18

Sími 528 8000

smaralind.is



GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	68,38	68,7
	Sterlingspund	126,99	127,61
	Evra	85,78	86,26
	Dönsk króna	11,504	11,572
	Norsk króna	10,184	10,244
	Sænsk króna	9,256	9,310
	Japanskt jen	0,5722	0,5756
SDR		100,34	100,94
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR			
118,7077			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Ný skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um ríkisfjármál: Mest aukning skatttekna hér

EFNAHAGSMÁL Skatttekjur sem hlutfall af vergri landsframleiðslu jukust mest á Íslandi árið 2005 af sextán löndum sem tekin voru með í könnun Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem birt var í gær. Jókst hlutfallið úr 38,7 prósentum í 42,4 prósent. Á eftir Íslandi jukust skatttekjur mest í Bandaríkjunum, þar sem hlutfallið mældist nú 26,8 prósent, og í Bretlandi, þar sem hlutfallið er 37,2 prósent. Í 17 af þeim 24 löndum jukust skatttekjur en í fimm tilfellum drógust þær saman.



GUNNAR ÁRNASON, SÉRFRÆÐINGUR Í EFNAHAGSMÁLUM HJÁ SPV.

Í skýrslunni kom fram að aukninguna megi fyrst og fremst rekja

til mikils hagvaxtar sem hafi leitt til hærri skattgreiðslna frá fyrirtækjum og einstaklingum. Þar að

auki hafi skattkerfið og innheimta skatta í sumum löndum verið beturbætt.

Gunnar Arnason, sérfræðingur í efnahagsmálum hjá Sparisjóði vélstjóra, segir þessa niðurstöðu ekki koma á óvart miðað við hvernig hefur áráð á Íslandi að undanförmu. „Í fyrri var hagvöxtur á Íslandi 7,5 prósent. Laun hafa verið að hækka og velta og umsvif í þjóðfélaginu að aukast. Við slíkar aðstæður rjúka tekjur ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum upp, þannig að þrátt fyrir að tekjuskattsprósentan hafi ekki aukist hafa skatttekjur gert það í krónum talið.“

- hhs

Héraðsdómur Reykjavíkur: Storfelld ræktun á kannabis

DÓMSMÁL Mál á hendur karlmanni og konu á fimmtugsaldri vegna ræktunar og meðferðar á gifurlegu magni af fíkniefnum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Í fórum þeirra höfðu fundist um 975 grömm af amfetamíni, tæp 872 grömm af hassi, um 666 grömm af maríjúana, 7,6 kíló af kannabislaufum, 1.860 grömm af kannabisstönglum, tæp 5 grömm af kannabisfræjum, 288 kannabisplöntur og 62 kannabisgræðingar auk ógrynni tækja og tóla sem nauðsynleg eru til ræktunar á kannabisefnum.

- þsj



HATTURINN FAUK Ian Paisley kemur til víðræðnanna í Skotlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýjar víðræður um N-Írland: Leita nýrra leiða í Skotlandi

SKOTLAND, AP Fulltrúar helstu deiluaðila á Norður-Írlandi komu í gær til Skotlands ásamt fulltrúum breskra og írskra stjórnvalda, þar sem þeir ætla að reyna til þrautar að finna nýjar lausnir á deilunni til þess að bjarga heimastjórninni á Norður-Írlandi.

Heimastjórnin hefur verið óvirk allt frá árinu 2002, en þá tóku Bretar aftur upp beina stjórn á Norður-Írlandi vegna þess að mótmælendur og kabólskir gátu ekki komið sér saman um meirihlutastjórn.

Bretar og Írar hafa gefið Norður-Írlandi frest þangað til í nóvember til þess að finna lausn á deilunni.

- gb

Morðið á Önnu áfall fyrir lýðræði og frjálsa fjölmiðla

Mikhaíl Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtogi Sovétríkjanna, fer fram á að ítarleg rannsókn fari fram á morðinu á rússnesku blaðakonunni Önnu Politkovskaju. Gorbatsjov kom til landsins með einkapotu.

HEIMSÓKN „Það var mikið áfall að heyra af þessu morði. Ég er einn af eigendum blaðsins og því snerti þetta mig mikið,“ sagði Mikhaíl Gorbatsjov, fyrrverandi aðalritari sovéska Kommúnistaflokksins og leiðtogi Sovétríkjanna, er hann tjáði sig um morðið á rússnesku blaðakonunni Önnu Politkovskaju, sem myrt var á laugardaginn skammt frá heimili sínu í Moskvu. Gorbatsjov kom til landsins með einkapotu Björgólfs Thors Björgólfssonar frá Þýskalandi.

Politkovskaja skrifaði meðal annars greinar í rússneska dagblaðið Novaja Gazeta, sem er að hluta til í eigu Gorbatsjovs, og sagði hann atvikið því snerta hann beint. „Dagblaðið sem Anna vann hjá er framúrskarandi fjölmiðill þar sem frelsi og hlutleysi er haft að leiðarljósi. Anna var afar góður blaðamaður og hennar framlag skipti rússneskt samfélag, og alþjóðasamfélagið einnig, miklu máli. Morðið á Önnu er ekki aðeins átakanlegt fyrir börnin hennar tvö og hennar nánustu fjölskyldu, heldur rússneskt samfélag í heild sinni,“ sagði Gorbatsjov og lagði áherslu á að óháð rannsókn á morðinu þyrfti að fara fram. „Þetta er óhugnanlegur glæpur sem verður að rannsaka til hlítar. Það að drepa fólk getur aldrei leyst vandamál og þess vegna krefjumst við þess að ítarleg rannsókn fari fram, sem embætti yfir-saksóknara í Rússlandi stýri.“

Politkovskaja var þekkt fyrir afhjúpanði umfjöllun um harðræði rússneska hersins í stríðinu í Tsjetsjeníu auk fjölda greina um vafasamar starfsaðferðir rússneska yfirvalda eftir að Vladimir Pútín komst til valda. Hún hlaut



MIKHAÍL GORBATSJOV RÆÐIR VIÐ FRÉTTAMENN Gorbatsjov ræddi við fréttamenn á Reykjavíkflugvelli í gær eftir að hafa komið til landsins með einkapotu Björgólfs Thor Björgólfssonar, meðal annars um morðið á rússnesku blaðakonunni Önnu Politkovskaju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fjölda verðlauna fyrir störf sín og var vinsæl meðal almennings í Rússlandi.

Fjölmiðlar um allan heim hafa flutt fréttir af því undanfarna daga að stjórn Pútíns hafi hugsanlega staðið á bak við morðið á Önnu.

„Þetta er óhugnanlegur glæpur sem verður að rannsaka til hlítar.“

MIKHAÍL GORBATSJOV

Gorbatsjov var ekki tilbúinn til þess að draga rússnesk yfirvöld til ábyrgðar en ítrekaði mikilvægi óháðrar rannsóknar. Hann leit á morðið sem áfall fyrir fjölmiðlun. „Þetta er áfall fyrir lýðræði og frjálsa, óháða og framúrskarandi fjölmiðlun.“

magnush@frettabladid.is

BÍLL DAGSINS
OPEL ZAFIRA COMFORT 1.6
Nýskr. 01.00 - Beinskiptur - Ekinn 64 þús. - Allt að 100% lán.

Verð 860.000.-

Ingvar Helgason **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ÚRKOMA SYÐRA SÍÐDEGIS

Það er talsvert minni vindur í kortunum í dag en var í gær. Raunar hæglaestisveður víðast hvar en þó verður strekkingur allra syðst. Framan af degi verður úrkomullitíð en þó er viss hætt á smáskúrum við suðausturströndina þegar á daginn liður fer úrkoma vaxandi sunnan til og austan. Kortin eru mjög mild og mun hitinn ná mjög víða 8-10 gráðum. Fram undan eru mildari dagar.

VEÐURHÖRFUR Í BORGinni Í DAG

Austan 5-8 m/s. Fremur skýjað og úrkomlaust en skúrir í kvöld. Miit.

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	15°C hálfskýjað	London	18°C heiðskirt	Alicante	28°C hálfskýjað
Þórshöfn	12°C skúrir	Paris	18°C hálfskýjað	Mallorca	21°C hálfskýjað
Oslo	9°C hálfskýjað	Frankfurt	19°C hálfskýjað	Algarve	24°C rigning
Stokkhólmur	14°C hálfskýjað	Friedrichshafen	19°C hálfskýjað	Krit	24°C hálfskýjað
Gautaborg	14°C hálfskýjað	Berlin	20°C hálfskýjað	Las Palmas	28°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Kringlu 20-50% kast

AFSLÁTTUR AF
NÝJUM VÖRUM

fim-sun



Opið til 21 í kvöld

Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
10.00 - 18.30	10.00 - 21.00	10.00 - 19.00	10.00 - 18.00	13.00 - 17.00

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Nýtt kortatímabil

Kringlan



Mannstu eftir leiðtogafundin- um í Höfða 1986?

Já	89,2%
Nei	10,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG?

Fylgdist þú með landsleik Íslendinga gegn Svíum?

Segðu skoðun þína á visir.is



Tvær járnbrautarlestir rákust á í Frakklandi:

Tólf manns fórust

ZOUFFTGEN, AP Á annan tug manna fórst þegar tvær járnbrautarlestir, önnur farþegalest en hin flutningalest, rákust á skammt frá bænum Zoufftgen í norðanverðu Frakklandi, fáeinum kílómetrum frá landamærum Lúxemborgar.

Báðir lestarstjórnir fórust, ásamt nýu farþegum og einum járnbrautarstarfsmanni. Rúmlega tuttugu manns særðust, þar af sumir alvarlega. Meira en hundrað björgunarmenn komu á staðinn, bæði frá Frakklandi og Lúxemborg.

Árekssturinn olli því að einn af vögnum farþegalestarinnar

lyftist upp og lagðist ofan á næsta vagn, þannig að sá vagn féll saman. Sumir af vögnum flutningalestarinnar lögðust ýmist á hliðina, klesstust saman eða stóðu jafnvel upp á endann.

Níu manns voru fastir í vögnum farþegalestarinnar og tók töluvert langan tíma að bjarga þeim út.

Farþegalestin var á leiðinni frá Lúxemborg til frönsku borgarinnar Nancy. Vegna þess að viðgerðir stóðu yfir á teinunum sem lestin átti að aka eftir var hún flutt yfir á annað spor þar sem hún mætti flutningalestinni. Þær rákust saman á fullri ferð.



BJÖRGUNARSTARF Árekssturinn varð stuttu fyrir hádegi í gær skammt frá bænum Zoufftgen, sem er rétt við landamæri Lúxemborgar.

Ekki virðist sem lestirnar hafi farið of hratt, en flutningalestin var á grænu ljósi þegar áreks-

urinn varð, samkvæmt Guillaume Pepy, yfirmanni frönsku járnbrautanna.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS Hefur áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Vestmanneyja.

Flugfélag Íslands í Eyjaflug: Flug til Eyja

SAMGÖNGUR Flugfélag Íslands hefur áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Vestmanneyja næsta mánudag og býður upp á þrettán flug í viku. Um þrjár vikur eru síðan Landsflug hætti flugi. Í framhaldinu ákvað ríkisstjórnin, að tillögu samgönguráðherra, að hafinn yrði undirbúningur að útboði á ríkisstyrktu flugi á þessari leið. Ljóst var að Flugfélag Íslands var eini flugrekandinn með flugvéla- kost sem mætti þeim óskum sem gerðar voru um sætaframboð. - hs

FRÍSTUNDAHEIMILI

159 börn bíða

Nú bíða 159 börn eftir að komast að á frístundaheimilum í Reykjavík en alls hafa nú 2.265 börn fengið pláss eins og þau þurfa. Enn vantar 36 starfsmenn til starfa á frístundaheimilin í Reykjavíkurborg.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fjötutíu bílbeltalausir

Lögreglan í Reykjavík stöðvaði fjötutíu ökumenn í gær sem voru óspenntir undir stýri. Þeir eiga allir von á sekt fyrir kæruleysið.

Óheppinn í ökuþrófi

Sautján ára piltur í ökuþrófi lenti í áreksstri á Höfðabakka í Reykjavík í gær. Piltinum fipaðist við akstur og snarhemaði. Þau viðbrögð höfðu þær afleiðingar að fjórir bílar skullu saman. Engin slys urðu á fólki.



BANDARÍKAJAFORSETI AÐ LOKNU ÁVARPI George W. Bush gaf yfirlýsingu um Norður-Kóreu í gær.

Bandaríkin vilja harðar refsiaðgerðir

Bush segist ekki hafa neinn áhuga á að ráðast á Norður-Kóreu. Norður-Kóreumenn hóta hins vegar fleiri tilraunum með kjarnorkusprengrum og segjast líta á allar refsiaðgerðir frá Sameinuðu þjóðunum sem stríðsyfirlýsingu.

WASHINGTON, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti segist ekki hafa nein áform um að ráðast á Norður-Kóreu. Á hinn bóginn vill hann að samþykktar verði harðar refsiaðgerðir í framhaldi af yfirlýsingu Norður-Kóreumanna um að þeir hafi sprengt kjarnorkusprengru í tilraunaskyni.

Á blaðamannafundi sem Bush hélt í Hvíta húsinu í Washington í gær sagði hann Bandaríkin ekki vilja hitta Norður-Kóreumenn til tvíhliðna viðræðna, en stuttu áður hafði Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hvatt Bandaríkjamenn til að ganga að boði Norður-Kóreumanna um slíkar viðræður.

Norður-Kóreumenn hótuðu hins vegar í gær fleiri tilraunum

með kjarnorkusprengrum og sögðust líta á það sem stríðsyfirlýsingu samþykktu Sameinuðu þjóðirnar refsiaðgerðir. Í fyrstu opinberu yfirlýsingunni sem barst frá Norður-Kóreu frá því sprengingin varð aðfaranótt mánudags segja stjórnvöld þar í landi tilraunina með kjarnorkusprengru hafa tekist vel.

„Ef Bandaríkin halda áfram að angra okkur og auka þrýstinginn, þá lítum við á það sem stríðsyfirlýsingu og grípum til viðeigandi áþreifanlegra ráðstafana,“ segir í yfirlýsingunni.

Kim Young-nam, næstæðsti leiðtogi Norður-Kóreu, sagði enn fremur í viðtali við japanska fréttastofu að framhald á kjarnorkutilraunum færi eftir því hvaða

stefnu Bandaríkin tækju gagnvart Norður-Kóreu. Tilraunirnar yrðu fleiri héldu Bandaríkin áfram „fjandsamlegri afstöðu“ sinni.

Japönsk stjórnvöld tilkynntu í gær um refsiaðgerðir sem þau hafa nú þegar ákveðið að grípa til. Þær fela í sér að skipum frá Norður-Kóreu verði bannað að koma til Japans, allur innflutningur frá Norður-Kóreu verði bannaður og norður-kóreskum ríkisborgurum einnig bannað að koma til Japans, en þó með ákveðnum undantekningum.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna er þessa dagana að velta fyrir sér til hvaða refsiaðgerða skuli grípa, en samstaða virðist vera í ráðinu um að grípið verði til slíkra aðgerða á næstunni. gudsteinn@frettabladid.is

SÓMI

FERSKT

FERSKT Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI

KANADÍSK MENNINGAR- HÁTÍÐ 14.-22. OKTÓBER 2006

ANGELA HEWITT Í SALNUM

Hinn heimskunni píanóleikari **Angela Hewitt** leikur verk eftir Bach, Beethoven, Rameau og Chabrier á tvennum tónleikum í Salnum á Kanadískri menningarhátið í Kópavogi.

mánudaginn 16. október kl. 20
þriðjudaginn 17. október kl. 20

Miðasala og nánari upplýsingar á www.salurinn.is og í síma 5 700 400

Stór hluti framkvæmda samgönguáætlunar 2007-2018 snýr að þjóðvegakerfinu:

Þjóðvegirnir styttnir og bættir

SAMGÖNGUÁÆTLUN Mikilvægt er að fjalla um mismunandi nýtingu hálendisins við ákvörðun um gerð og legu hálendisvega. Þetta er eitt af því sem fram kemur í nýju umhverfismati samgönguáætlunar.

Framkvæmd áætlunarinnar er talin hafa jákvæð áhrif á ferðir meirihluta landsmanna en stór hluti framkvæmda samgönguáætlunar snúa að þjóðvegakerfinu. Bætur og styttingar á því munu auka öryggi og umferð.

Í skýrslunni er rætt um áhrif hálendisveggar á umhverfið en víðerni eins og miðhálandi Íslands finnast óvída annars staðar í Evrópu og er sérstaða þess því mikil. Fyrir utan hálendisveg hafa vegafarmkvæmdir um Grunnafjörð, Norðausturveg, Héðinsfjarðargöng, Hornafjarðarfljót, Vestfjarðaveg og Djúpvveg einnig áhrif á náttúrufer.

Í umhverfismatinu er fjallað um áhrif samgönguáætlunar á loftslag en til að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt Kyoto-bókuninni er nauðsynlegt að horfa til samgangna sem stórs mengunarvalds. Samgöngur standa fyrir meira en



ÞJÓÐVEGIR LANDSINS Samgöngur valda meira en níutíu prósentum af brennslu eldsneytis á Íslandi.

níutíu prósentum af brennslu eldsneytis á Íslandi og því til mikils að vinna ef losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim er takmörkuð. - hs

Börn

Herrar

Dömur

Heimilið

Snyrtivörur

Komdu og sjáðu hvað virkar fyrir þig!

Stílistar veita ráðgjöf í öllum deildum
á Tískudögum Debenhams 10. – 15. okt.

Afmælishátíðin okkar heldur áfram
með öllu því nýjasta í tískunni.
Komdu og fáðu góð ráð hjá fagfólki okkar í Debenhams.
Frábær tilboð, afslættir og lukkupottur.

Tískuráðgjöf, snyrtivöruráðgjöf, förðunarsýningar.
Lukkupottur hjá Persónulegum stílista.

Þeir sem bóka tíma fyrir 1. nóvember geta átt von á veglegum vinningi.

50 fyrstu sem bóka tíma hjá Persónulegum stílista fá gjöf.

Fimmtudagur: Tískuráðgjöf kl. 18:00 og förðunarsýning kl. 18:15

Laugardagur: Tískuráðgjöf kl. 14:30 og förðunarsýning kl. 14:45



DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

Peningar og punktar, allt sem þú þarft!

e² Vildarkort er nýtt VISA kreditkort sem veitir korthöfum bæði Vildarpunkta Icelandair og endurgreiðslu – allt í sömu færslunni, hvar sem þú verstar innanlands.

Kostir e² Vildarkortsins:

- Þú þarft engu að breyta í innkaupum – Þú færð bæði Vildarpunkta og endurgreiðslu **hvar sem þú verstar innanlands.**
- Þú færð Vildarpunkta og endurgreiðslu af **öllum boðgreiðslum** eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð **0,65–25% viðbótarendurgreiðslu eða viðbótavildarpunkta** og ýmis sértíloð hjá næstum 400 fyrirtækjum.
- Með því að nota e² Vildarkortið geturðu áunnið þér **tugi þúsunda Vildarpunkta** sem hægt er að nota til að komast út í heim með Icelandair og **tugi þúsunda króna** sem þú notar í það sem þér hentar!

Þú sækir um á www.e2.is

Allir geta sótt um kortið óháð viðskiptabanka



SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

Vildarkort
Allt í einu korti



Karlmaður dæmdur í fimm ára fangelsi:

Hrottafengið ofbeldi og nauðganir

DÓMSMÁL Karlmaður á sextugsaldri, Jón Pétursson, var í gær dæmdur í fimm ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa ítrekað nauðgað fyrrverandi unnustu sinni og fyrir að hafa ráðist á aðra fyrrverandi sambýliskonu sína.

Í árásumum kýldi maðurinn konuna ítrekað, hélt koddum yfir vitum hennar og sló hana mörg hnefahögg í andlit og skrokk. Í febrúar á þessu ári hélt maðurinn unnustu sinni fanginni í íbúð frá klukkan fimm um nótt fram yfir

hádegi. Á þeim tíma nauðgaði hann konunni þrisvar og beitti hana ítrekað ofbeldi.

Maðurinn neitaði öllum sakargiftum fyrir dómi en dómari mat konurnar tvær trúverðug vitni. Segir í dómnum að brotin séu sérlega hrottafengin. Hafi maðurinn notað sér að konurnar voru honum háðar en þær eru báðar af erlendum uppruna. Var maðurinn dæmdur til að greiða konunni sem hann nauðgaði 1,2 milljónir króna og hinni sem hann réðst á 800 þúsund krónur í miskabætur. - s dg



ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK Starfsmenn ætla að halda fund í dag til að fara yfir það ástand sem komið er upp innan fyrirtækisins.

Beita hræðslu við stjórnun

Níu starfsmönnum hefur verið sagt upp störfum hjá Alcan á rúmu ári. Aðaltrúnaðarmaður segir stjórnendur beita hræðslu sem tæki til að skapa óöryggi meðal starfsmanna. Ekkert óeðlilegt við uppsagnirnar, segir Hrannar Pétursson.

VINNUMARKAÐUR Níu starfsmönnum hefur verið sagt upp án ástæðu í álveri Alcan í Straumsvík frá 1. mars 2005. Gylfi Ingvarsson, aðaltrúnaðarmaður starfsmanna álversins, segir að verið sé að beita hræðslu sem stjórnunartæki og að stjórnendur séu meðvitað að skapa ástand óöryggis og óvissu meðal starfsmanna. „Þessi stjórnun sem hérna er stunduð, að segja mönnum upp án ástæðu, er ekkert annað en hræðslustjórnun. Þetta líta út fyrir að vera skipulagðir stjórnunarhættir.“

Gylfi segir engan vita hvað þurfi til að standast hið svokallaða frammistöðumat sem fyrirtækið notist við til að komast að því hvort starfsmaður eigi samleið með fyrirtækinu í framtíðinni. „Menn vita ekkert hvernig yfirmennirnir eru sagðar gerðar að vandlega athuguðu máli eftir að framkvæmt hafi verið frammistöðumat hérna án þess að nokkur kannist við það. Því veit enginn hvað hann á að gera til að vera mönnum þóknanlegur. Óvissuástand er vísitandi látið ríkja.“ Starfsmenn hafa boðað til starfsmannafundar í Bæjarbíói klukkan hálf fimm í dag til að fara yfir þá stöðu sem upp er komin innan fyrirtækisins.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi, telur það af og frá að skipulagðri hræðslustjórnun sé beitt til þess að skapa vísitandi óöryggi meðal starfsmanna. Hann telur ekkert óeðlilegt við að níu starfsmönnum hafi verið sagt upp á skömmum tíma enda sé álverið stór vinnustaður. „Starfsmannavelta hjá okkur er með því allra lægsta á landinu og uppsagnir hérna mjög fátíðar. En við erum 500 manna fyrirtæki og það er ekkert óeðlilegt að svona einstök dæmi geti komið upp.“ Hrannar segir að bíða verði niðurstöðu starfsmannafundarins í dag áður en fyrirtækið skoði hvort það grípi til einhverra aðgerða til að reyna að lægja öldurnar milli stjórnenda og starfsmanna. „Við teljum okkur geta fært góða sönnun fyrir því að hér séu flest mál í góðum farvegi. Við erum á hverjum degi að gera það sem við teljum best fyrir þetta fyrirtæki og það fólk sem hér vinnur. Það er auðvitað ekki þægileg staða að hafa ólgu innan fyrirtækisins en ég held að það væri ágætt ef einhverjir þeirra sem hafa haft hvað stærst orð uppi undanfarna daga skoðuðu sinn gang líka.“

thorur@frettabladid.is

AÐEINS ÓDÝRARI!

NÝTT KORTATÍMABIL



„HELLE“ SJÓNVARPSSKÁPUR

Fallegur sjónvarpsskápur í hlyn lit með hillum og glerhurðum. Stærð H: 40 x D: 40/60 x B: 110 sm.



„LUCKY“ BORDSTOFUSTÓLL

Fallegur borðstofustóll með krómfótum. Fæst í svörtu og hvítu.



„HELENA“ KOMMÓÐUR

Kommóður úr gegnheilli, antikbæsaðri furu með sérstaklega djúpum skúffum.



„OPEL“ KOMMÓÐUR

Fallegar eikarlitaðar kommóður. Einstaklega smekklegar og stílhreinar. Henta hvar sem er. Stærð 95 x 68 x 40 sm.



„JONAS“ STÓLL

Góður skrifborðsstóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stíglausa hækkun/lækkun á setu stólsins. Leður á öllum slitflötum. Litur svart.



„ARDEN“ BORD + 4 STÓLAR

Flott borð og stólar á frábæru verði. Litir: hvítt, svart, natur og kirsuberja. St. 75x120 sm. Borð verð: 8.990,- Stóll verð: 2.990,-



„CATANIA“ SVEFNSÓFI

Stílhreinn og flottur svefnsófi. Fæst í kremlit og gráu. St. 236 x 85 x 87 sm. Útdreginn er svefnsófinn 120 x 198 sm.



PLUS B10 BOXDÝNA

Tvöfalt gormalag með fallegu vatteruðu, jacquardofnu áklæði. Í efra lagi eru 230 Bonell/LFK-gormar á hvern fermetra og í neðra lagi dýnnar eru 150 Bonellgormar á hvern fermetra. Miðlungs stíf. Innifalið í verði er 5 sm þykk og góð yfirdýna. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri og gegnheillri furu.

góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

WWW.SVAR.IS

LCD SJÓNVARP Á KYNNINGARVERÐI!

2
ÁRA ÁBYRGÐ

TILBOÐSVERÐ

49.900-

FULLT VERÐ: 69.900-

MIRAI 20" LCD

Örþunnt sjónvarp með 640x480 upplausn, 450:1 skerpu, 450 cd/m² birtustig, innbyggða hátalara, fjöldi tengimöguleika og 2ja ára ábyrgð.

2
ÁRA ÁBYRGÐ

TILBOÐSVERÐ

99.900-

FULLT VERÐ: 139.900-

MIRAI 32" HDTV LCD

Örþunnt sjónvarp með 1366x768 HDTV upplausn, 1000:1 skerpu, 550 cd/m² birtustig, 8ms svartíma, innbyggða hátalara, fjöldi tengi-möguleika s.s Scart & HDMI og 2ja ára ábyrgð

2
ÁRA ÁBYRGÐ

TILBOÐSVERÐ

149.900-

FULLT VERÐ: 189.900-

MIRAI 37" HDTV LCD

Örþunnt sjónvarp með 1366x768 HDTV upplausn, 800:1 skerpu, 500 cd/m² birtustig, 9ms svartíma, innbyggða hátalara, fjöldi tengimöguleika s.s Scart & HDMI og 2ja ára ábyrgð

PERSÓNULEG HEIMAPJÓNUSTA

Þjónustumaður **Svar tækni** kemur heim til þín með nýja sjónvarpið og tengir það fyrir aðeins **3.950 kr.*** Vanti þig frekari þjónustu, s.s festingu á vegg, lagnavinnu eða hvað sem er tengt sjónvarpinu þá kippum við því í liðinn gegn hóflegu gjaldi!



*Gjald á við Stór-Höfuðborgarsvæðið.

Komdu í heimsókn í Síðumúla 37, skoðaðu úrvalið og fáðu persónulega þjónustu við val á rétta sjónvarpinu!

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.SVAR.IS

svaR tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

Norska lögreglan kvartar:

Leiðinlegt í Ósló

NOREGUR Óslóarlögreglunni gengur heldur illa þessa dagana að fá nýliða til starfa. Ástæðan mun vera sú að lögreglustörf nýliða í Ósló geta verið afar leiðinleg, þar sem þeim er gert að standa vörð við sendiráð og samkomuhús gyðinga, kemur fram í frétt norska blaðsins Aftenposten um málið í gær.

Jafnframt víkja margir ungliðar sér undan störfum þar vegna hætunnar sem stafar af skipulagðri glæpastarfsemi og glæpagengjum.

Lögregluþyriföld vilja meina að ein ástæðan sé skortur á fjármagni til lögreglunnar. - smk



NORSKA LÖGREGLAN Erfiðlega gengur að fá nýliða til starfa í lögreglunni í Ósló. NORDICPHOTOS/AFP

Borgarskrifstofur að kvöldlagi:

Saksóknari var nakinn á vappi

BANDARÍKIN, AP Scott Blauvelt, 35 ára gamall borgarsaksóknari í Hamilton í Ohio-ríki í Bandaríkjunum, hefur verið kærður fyrir ósemilegt athæfi. Hann sást á öryggismyndavélum tvö kvöld í röð vera nakinn á vappi um stjórnsýslubýggingu í bænum, þar sem borgarskrifstofur eru til húsa.

Blauvelt var látinn laus gegn tryggingu, en á yfir höfði sér sekt og mánaðarlangan fangelsisdóm.

Lögmaður Blauvelts sagði í yfirlýsingu að hann hefði lent í alvarlegu bílslysi árið 2005, ættili við geðsjúkdóm að stríða og tækilýf við flogaveiki. - gb

Framkvæmdastjóri Rolf Johansen & Co greiði sex hundruð þúsund krónur í sekt:

Dæmdur fyrir að auglýsa bjór

DÓMSMÁL Framkvæmdastjóri heilðsölu- og umboðsfyrirtækisins Rolf Johansen & Co ehf. var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða sex hundruð þúsund krónur fyrir að hafa brotið áfengislög með birtingu fimm auglýsinga á áfengum bjór í Gestgjafanum og Fréttablaðinu í fyrra.

Í dómsniðurstöðu er vísað til úrskurðar Hæstaréttar frá 1999 um að auglýsingar njóti verndar tjáningarfrelsisákvæðis í stjórnarskrá. Þar segir að heimilt sé, með skirskotun til heilsværndarsjónarmiða, að setja tjáningarfrelsinu slíkar skorður með lögum eins og gert er með ákvæði um auglýsingabann í áfengislögum.

Ákærði krafðist sýknu í málinu og byggði það meðal annars á

því að bannákvæði við auglýsingum í áfengislögum færi í bága við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Slíkt auglýsingabann leiddi til þess að erlendir áfengisframleiðendur stæðu höllum fæti gagnvart innlendum framleiðendum í samkeppni á íslenskum markaði.

Segir í dómsniðurstöðu að af dómsframkvæmd Evrópudómstólsins og EFTA-dómstólsins verði ráðið að reglur um frjálst flæði vöru og þjónustu standi ekki í vegi slíks auglýsingabanns. Þykir ekki hafa verið leitt í ljós að unnt sé með öðrum aðferðum að ná fram sömu heilsværndarmarkmiðum og liggja að baki ákvæði um auglýsingabann í áfengislögum, sem þá hefðu minni áhrif á markaðsfrelsið. - sdg



ÓTILGREIND BJÓRTEGUND Í GLÖSUM Lýðheilsustöð tilkynnti brotin til lögreglu, sem hóf þá rannsókn málsins.



Á ils.is getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánatíma

Önnur þjónusta á Netinu:

- Bráðamat
- Útreikningur greiðslubýrði
- Reiknivélar
- Upplýsingar frá ráðgjafa í Netsamtali



Íbúðalánasjóður lokar kl. 12 á morgun, föstudag

Vegna skipulagsdags hjá starfsfólki verður Íbúðalánasjóður lokaður frá hádegi, föstudaginn 13. október. Íbúðalánasjóður opnar aftur mánudaginn 16. október, kl. 8.00.

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla



Íbúðalánasjóður

Hjá Hive kostar 8 Mb nettenging það sama og 1 Mb tenging hjá Símanum eða Og Vodafone.

Hive Lite 3.990 kr. á mánuði

Með Hive Lite færðu 8Mb nettengingu og 4 GB af erlendu niðrhali fyrir aðeins 3.990 krónur á mánuði. Fyrir sama pening færðu 1Mb tengingu hjá Símanum eða Og Vodafone. Það er óneitanlega ekkert gaman að borga sama verð fyrir átta sinnum hægari tengingu. Enda er það algjör óþarfi – sérstaklega þegar það er ekkert mál að skipta. **Hringdu í 414-1616 og fáðu meira fyrir peninginn.**

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is

Hive



Dögg Pálsdóttir

LÁTUM VERKIN TALA

Prófkjör sjálfstæðismanna
í Reykjavík, 27. og 28. október 2006

Í dag, 12. október, kl. 17
opnar kosningaskrifstofa
Daggar Pálsdóttur að
Laugavegi 170, 2. hæð
(í gamla Hekluhúsinu).
Við hlökkum til að sjá þig.

Stuðningsmenn

KOSNINGASKRIFSTOFA
Laugavegi 170, 2. hæð
dogg@dogg.is
sími 517-8388

www.dogg.is

4
í sætið



Námskeið ungra ökumanna:

Komið í veg fyrir slys

UMFERÐARMÁL Námskeið Umferðarstofu og Sjóvárs Forvarnahúss fyrir unga ökumenn verða endurvakin. Markhópurinn er aðallega 17-20 ára ökumenn þótt aðrir hópar séu velkominir. Námskeiðin verða haldin víða um land, í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði, Selfossi, í Keflavík og á Akranesi.

Á námskeiðunum er lagt upp úr því að þátttakendur geri sér grein fyrir eigin kostum og göllum í umferðinni og hve lítið þarf til að illa fari þegar mistök eru gerð.

Þau níu ár sem námskeiðin hafa verið haldin hefur verið komið í veg fyrir 1.100 slys á fólki að því er fram kemur í fréttatilkyningu. - hs



NÁMSKEIÐ UNGRA ÖKUMANNA
Einar Guðmundsson, forstöðumaður forvarnahússins, og Birgir Hákonarson, framkvæmdastjóri umferðaröryggisviðs Umferðarstofu.



FJÖLMENN MÓTMÆLI Í ANKARA „Ekki breyta sögulegum staðreyndum“ stendur á mótmælaspjaldinu sem þessi tyrkneski maður gekk með í hópi fleiri mótmælenda um götur Ankara í gær. FRETTABLAÐID/AP

Tyrkir reiðir út í Frakka

Hörð deila er komin upp milli Frakka og Tyrkja út af ásökunum um þjóðarmorð, annars vegar Tyrkja á Armenum, hins vegar Frakka í Alsír.

ANKARA, AP Þingmenn á tyrkneska þinginu ræddu í gær lagafrumvarp, þar sem því yrði lýst yfir að Frakkar hefðu framið þjóðarmorð í Alsír vorid 1945. Tyrknesku lögin yrðu sett í hefndarskyni við sambærilegt lagafrumvarp sem nú er til umræðu í Frakklandi, þar sem fullt er að Tyrkir hafi framið fjöldamorð á Armenum snemma á síðustu öld.

Í tyrkneska þinginu var þó ekki mikill stuðningur við frumvarpið, enda væru þeir þá að hefna sín á Frökkum með því að gera nákvæmlega það sama og þeir. Recep Erdogan forsætisráðherra, sem hefur gagnrýnt frönsku lögin harðlega, er til dæmis alveg á móti þessari hugmynd um hefndaraðgerð: „Það er ekki hægt að hreinsa óhreinindi með óhreinindum, það er aðeins hægt að hreinsa óhreinindi með hreinu vatni,“ sagði hann.

Niðurstaðan í tyrkneska þinginu varð sú að málið verður sett til umfjöllunar í nefnd.

Í dag er hins vegar búist við því að franska frumvarpið komi til umræðu á þingi í Frakklandi. Frumvarpið felur það í sér að blátt bann verður við því að neita því í ræðu eða riti, að viðlögum sektum og fangelsisvist, að Tyrkir

hafi framið þjóðarmorð á Armenum á árunum 1915 til 1923.

Um það bil 400 þúsund manns í Frakklandi eru af armenskum uppruna. Fólkið heldur því fram að Tyrkir hafi á þessum árum myrt allt að eina og hálf milljón Armena og reynt að hrekja alla Armena út úr Tyrklandi. Armenar í Frakklandi hafa barist hart fyrir því að opinber viðurkenning fái á því að þarna hafi átt sér stað þjóðarmorð.

Tyrkir hafa jafnan neitað að viðurkenna að fjöldamorðin á Armenum geti talist þjóðarmorð, segja tölur um fjölda látinna ýktar og hafa tekið þetta franska lagafrumvarp afar óstínt upp. Almenn reiði í garð Frakklands og Evrópusambandsins hefur brotist út í Tyrklandi, sem sækist þó eftir að fá aðild að Evrópusambandinu.

Tyrkneska frumvarpið, sem þó var ekki samþykkt, felur í sér sambærileg ákvæði um að refsivert verði að afneita því að Frakkar beri ábyrgð á þjóðarmorði í Alsír, þegar allt að ein og hálf milljón manna féll. Jafnframt var í frumvarpinu hugmynd um að gera 8. maí að minningardegi um þjóðarmorðið, sem sagt er að framið hafi verið í þremur borgum í Alsír þann dag árið 1945.

gudsteinn@frettabladid.is

Farðu út um allt fyrir
2.590.000 kr.



Subaru Forester brúar bil milli tveggja heima. Hann er lipur og léttur í borgarakstri en hefur dráttarkraft á við mun stærri jeppa sem gerir hann óstöðvandi á landsbyggðinni. Stengt aldrifid tryggir einstakt veggrip og niðurstaðan er jepplingur sem nýtist þér jafnt innan sem utan bæjar. Samt er Forester ódýrasti sjálfskipti jepplingurinn á markaðinum í dag.

250.000 kr. Vetrartilboð

Fylgir með á meðan birgðir endast. Upphækkun, heilsársdekk, dráttarbeisli og 16" álfelgur.

www.subaru.is

Forester 2.590.000,- Forester PLUS 2.790.000,- Forester LUX 3.090.000,-

SYMMETRICAL AWD

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opið: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464 7940 Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990 Reyðarfirði 474-1453

Flugfélag Íslands:
Leigan jafnar rekstrarsveiflur

SAMGÖNGUMÁL Flugfélag Íslands ætlar að leigja tvær af DASH 8-flugvélum sínum til Líbýu. Það hefur skrifað undir samning við maltneska fyrirtækið Medavia en það sérhæfir sig í flugi fyrir olíuvinnslufyrirtæki Líbýu. Samningurinn er til sex mánaða og segir framkvæmdastjórn Flugfélags Íslands hann hagstæðan þar sem hann jafni árstíðasveiflur í rekstri þess. Flögið var með aðra vélinu til Norwich á Englandi þar sem hún verður máluð í litum Mediva en Flugfélag Íslands mun þó áfram sjá um viðhald og tryggingar hennar. - kdk

30 geðfatlaðir fá pláss í nýju húsnæði á næstu mánuðum:

855 milljónum varið í rekstur

HEILBRIGÐISMÁL Rekstrarkostnaður búsetuúrræða fyrir geðfatlaða fram til ársins 2010 er áætlaður 855 milljónir króna, sem bætist við einn og hálfan milljarð í húsnæðiskostnað.

Þór Þórarinnsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, segir að nokkrir séu þegar fluttir inn í húsnæði sem keypt hafi verið við Flókaötu. „Þar er pláss fyrir tólf manns en áætlað er að breyta húsnæðinu þannig að til verði 40-60 fermetra íbúðir fyrir hvern og einn. Á næstu sex til átta mánuðum er áætlað að þrjátíu manns geti flutt í nýtt húsnæði á vegum ráðuneytisins.“ Ekki er byrjað að



SVEINN MAGNÚSSON Þeirri spurningu er ósvarað hvernig eigi að manna stuðningsúrræði miðað við þau launakjör sem séu í boði.

manna störf til að sinna stuðningi en Þór segir ráðgert að útbúa sérstakt verkefni til að vekja áhuga á störfunum. - hs

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp, er ánægður með skýrsluna en segir þeirri spurningu ósvarað hvernig eigi að manna þau stuðningsúrræði sem myndist miðað við þau launakjör sem eru í boði. „Af þeim sem bíða eftir búsetuúrræðum eru um 100 manns sem þurfa 24 tíma þjónustu og þörfum þessara einstaklinga getur verið erfitt að sinna í almennu íbúðarhúsnæði eins og því sem ráðuneytið hefur hug á að kaupa.“ Sveinn segir að fyrir þessa einstaklinga þurfi sérstaka íbúðarkjarna þar sem fagaðili sé til staðar allan sólarhringinn. - hs

Nýr framhaldsaðalfundur:
Fyrri samþykkt andstæð lögum

STJÓRNMÁL Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, hefur boðað til nýs framhaldsaðalfundar 17. október þar sem samþykktir framhaldsaðalfundar frá 30. september hafi verið andstæðar lögum félagsins.

Fundurinn 30. september var boðaður af því að einum dagsskrárlíð, framlagningu reikninga, var ólökkið á aðalfundinum. Dagskrárlíðaga þriggja aðskilinnna mála var samþykkt á fundinum og telur stjórnin að óheimilt hafi verið að taka mál á dagskrá sem þegar höfðu verið afgreidd á fundinum. - sdg

Prófkjör Vinstri grænna:

Sækist eftir öðru sæti

STJÓRNMÁL Auður Lilja Erlingsdóttir, formaður Ungra vinstri grænna, hefur ákveðið að gefa kost á sér í forvali Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Reykjavíkarkjördæmunum og Suðvesturkjördæmi sem haldið verður 2. desember

næstkomandi. Auður sækist eftir öðru sæti í forvalinu.

Auður Lilja er formaður Ungra vinstri grænna og hefur setið í stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Reykjavík. Auk starfa sinna fyrir Vinstrihreyfinguna - grænt framboð hefur hún starfað í stjórn Stúdentaráðs og situr nú í stjórn Félagsstofnunar stúdenta. - ss

Listi Framsóknarflokks:

Býður sig fram í annað sæti

STJÓRNMÁL Birkir Jón Jónsson alþingismaður gefur kost á sér í 2. sæti Framsóknarflokksins í



BIRKIR JÓN JÓNSSON

Norðausturkjördæmi. Birkir Jón hefur verið þingmaður Framsóknarflokksins frá árinu 2003, þegar hann var fjórði maður listans. Birkir hefur gegnt embætti

formanns iðnaðarnefndar á kjörtímabilinu og er nú formaður fjárlaganefndar Alþingis.

Auk þess á Birkir sæti í landbúnaðarnefnd og félagsmálanefnd. Hann á einnig sæti í bæjarstjórn Fjallabyggðar. - ss

Hraðakstur í íbúðarhverfum:

Aka ógætilega nálægt börnum

LÖGREGLUMÁL „Ökumenn eiga að vera þroskaðri en börn. Það virðist þó ekki vera reyndin,“ segir varðstjóri lögreglunnar í Reykjavík. Undanfarna daga hafa verið hraðamælingar í íbúðarhverfum þar sem vitað er að fjöldi barna fer um.

Lítið tillit virðist þó tekið til yngstu vegfarendanna og nefnir lögreglan sem dæmi að síðastliðinn fimmtudag voru 47 ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur í íbúðargötum á meðan börn voru á leið úr skóla.

Flestir voru stöðvaðir á Langholtsvegi en í Mosfellsbæ var ástandið skást. Segist hann hafa fundið fyrir ánægju með framtakid og fjöldi fólks hafi þakkað lögreglunni fyrir. - kdk

Gjafahandbók
Flugstöðvarinnar er komin út

Dagana **12. október – 21. nóvember** geta farþegar nálgast Gjafahandbók Flugstöðvarinnar í öllum verslunum Flugstöðvarinnar og á heimasíðunni www.airport.is.

Gjafahandbókin er jafnframt happadrættismiði og geta heppnir farþegar unnið til glæsilegra vinninga. Dregið er út vikulega og eru vinningsnúmer auglýst á heimasíðu Flugstöðvarinnar www.airport.is

Góðir farþegar

Vegna framkvæmda í flugstöðinni og aukinna öryggisráðstafanna hvetjum við fólk til þess að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

Mætið tímanlega og njótið ferðarinnar. Innritun hefst **kl. 5.00** eða **2 tímum** fyrir brottför.

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR



Tjolahej, tjolahopp

IKEA opnar stærstu verslun

Innflutningspartý alla helgina!

Við bjóðum alla velkomna í fjögurra daga innflutningspartý sem hefst í dag kl. 10:00 og lýkur ekki fyrr en á sunnudagskvöldið kl. 22:00 þegar við lýsum upp naturhimininn með glæsilegri flugeldasýningu.

STÆRSTA VERSLUN Á ÍSLANDI!

Nýja IKEA verslunin breytir öllum viðmiðunum í verslun á Íslandi. 20.600 m² af hugmyndum fyrir íslensk heimili!

SMÁLAND – uppáhaldsland allra krakka

Ævintýraheimur byggður á sænsku Smálöndunum þar sem Emil í Kattholti óx úr grasi.

GLÆSILEGUR FJÖLSKYLDUVEITINGASTAÐUR!

Frábær matur fyrir alla fjölskylduna á lágu verði.

Lina og Emil leika
lausum hala.
Wally trúður fer
á kostum.
Andlitsmálun.

OPIÐ ALLA HELGINA
FRÁ KL. 10:00 - 22:00

Opningartíðningin er hér! Opningartíðningin á Íslandi í Kaupþúni Garðabæ.



© Inter IKEA Systems B.V. 2006

Lokum hér
IKEA

REYKJAVÍK
KÓPAVOGUR

GARÐABÆR

Opnum hér
IKEA



DRAUMALEIKUR IKEA
Þú getur unnið heila sýningarstúku!
Þáttökuseðill er á blaðsíðu 55 í nýja
IKEA bæklingnum!



OPID UM HELGINA

Fimmtudagur	10.00 - 22.00
Föstudagur	10.00 - 22.00
Laugardagur	10.00 - 22.00
Sunnudagur	10.00 - 22.00

www.IKEA.is



Sólríkar sérferðir til **Antalya**
Belek



Töfrandi Tyrkland

LÚXUS & MUNAÐUR

19. október - 11 nætur

Verð frá

99.900 kr.

á mann í tvíbýli 19. okt. í 11 nætur - allt innifalið

Njóttu lífsins í einu fallegasta landi heims


Antalya og Belek eru vinsælustu sólarstaðir Evrópu-manna á suðurströnd Tyrklands og hafa svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Út frá Antalyu eru margar glæsilegar strendur og íslenskir kylfingar hafa lýst Belek sem toppstað, hvort sem talað er um golfvelli, gististaði eða umhverfið sjálft.

***** Lúxusgisting þar sem allt er innifalið

Þú þarft ekki að eyða peningum á Hotel Porto Bello, 5 stjörnu lúxushótel.

Missið ekki af frábæru tækifæri til að upplifa ennþá lengra sumar!

Innifalið í verði: flug, akstur til og frá flugvelli erlendis, gisting í 9 nætur á Porto Bello („allt innifalið.“), íslensk fararstjórn og flugvallarskattar.



VISA ferðir

W
ÚRVAL ÚTSÝN
Sími 585 4000
www.urvalutsyn.is

Stór samsteypustjórn í smíðum í Austurríki:

Gusenberger fær umboð

VÍNARBORG, AP Heinz Fischer, forseti Austurríkis, afhenti í gær Alfred Gusenbauer, leiðtoga sósíaldemókrata, umboð til þess að mynda ríkisstjórn.

Tíu dögum fyrr hafði Sósíaldemókrataflokkurinn sigrað naumlega í þingkosningum. Gusenbauer hyggt mynda „stóra samsteypustjórn“ með Þjóðarflokki, sem hafði farið með völd í landinu fram að kosningunum. Hann sagði þó óhjákvæmilegt að báðir flokkarnir gerðu málaútlögn til þess að geta myndað stjórn.

Wolfgang Schüssel, fráfarandi kanslari og leiðtogi Þjóðarflokksins, sagði þó engan veginn sjálfsagt að stjórnarmyndun tækist. - gb



TEKUR VIÐ UMBOÐI Gusenbauer hneigði sig þegar Fischer afhenti honum stjórnarmyndunarumboðið. FRETTLADID/AP



FERÐAMENN Öflug ferðapjónusta er allra hagur, segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar.

Hótelherbergjum fjölgar

Tekjur Hótel Héraðs á Egilsstöðum jukust um sextíu prósent í septembermánuði milli ára 2005 til 2006 en þar eru Íslendingar stór hópur gesta. Í Reykjavík er fyrirhugað að stórauka gistiryími.

FERÐAPIJÓNUSTA Herbergjum á þriggja og fjögurra stjörnu hótélum mun fjölga um 376 í Reykjavík á næsta ári. Alls verða þau þá 2.578, sem er sautján prósentum meira en nú er. Mestu munar um 205 herbergja stækkun á Grand hóteli og byggingu 105 herbergja hótels sem mun bera nafnið Hótel Arnarhvoll.

Bæði þessi hótél verða tilbúin snemma næsta vor að sögn Ernu Hauksdóttur, framkvæmdastjóra Samtaka ferðapjónustunnar. „Í ár hefur einnig orðið nokkur fjölgun á herbergjum og þessa dagana er verið að opna Hótel Þingholt en þar verða 54 herbergi.“

Erna segir alltaf ákveðna hættu á að herbergjanýting hrökkvi til baka en hvert nýtt hótél sé samt sem áður tækifæri sem bjóði upp á nýja markaðssetningu. Erna segir að opinberir aðilar jafnt sem einkafyrirtæki eigi að taka höndum saman og sjá til þess að markaðssetningin sé öflug því öflug ferðapjónusta sé allra hagur.

„Stærsti hluti þeirra sem gista á hótélum í Reykjavík er erlendir ferðamenn sem eru hér í ýmsum erindagjörðum. Þá hefur verið mikil auking á ferðamönnum sem koma í viðskiptaerindum og til að sitja fundi og ráðstefnur.“

Áætlað er að innan nokkurra ára rísi fyrsta hótelið hér á landi sem mun uppfylla öll skilyrði fimm stjörnu hótela, en þetta er ráðstefnuhöll W-hótels sem byggð verður samsíða Tónlistarhúsinu.

Erna segir að fyrstu átta mánuði þessa árs hafi meðal herbergjanýting verið 53,2% á landsvísu og hafi aukist um 16 prósent frá árinu áður.

Auður Anna Ingólfssdóttir, hótélstjóri Hótel Héraðs á Egilsstöðum, segir að tekjuaukning hótels-



AUÐUR ANNA
INGÓLFSSDÓTTIR

ERNA
HAUKSDÓTTIR

Heimsóknir á Kárahnjúka hafa skilað sér í fleiri bókunum á hótelið en einnig er mikil fjölgun á hópum sem koma hingað til að fara á ráðstefnur eða að gera sér glaðan dag.“

AUÐUR ANNA INGÓLFSSDÓTTIR
HÓTELSTJÓRI

ins hafi verið 60 prósent í septembermánuði milli ára 2005 til 2006.

„Þá hefur verið gríðarleg fjölgun gesta milli ára í júlí og ágúst en hótelið var stækkað um 24 herbergi vorið 2004 og er nú 60 herbergi.“ Auður segir erlenda ferðamenn vera uppistöðuna í hótélgestum yfir sumartímann en að Íslendingar séu meira áberandi á öðrum árstíma. „Sumarið 2005 voru Íslendingar næstflestar gesta hótelsins en þeir eru mikilvægur markhópur. Heimsóknir á Kárahnjúka hafa skilað sér í fleiri bókunum á hótelið en einnig er mikil fjölgun á hópum sem koma hingað til að fara á ráðstefnur eða að gera sér glaðan dag.“ hugrun@frettbladid.is

tilboðin í nettó

ennþá betri verð

þú sparar
600 kr/kg



999 kr/kg

Verð áður 1.599 kr/kg

Smálúðuflokkur 1 kg.

þú sparar
500 kr/kg



50%

afsláttur við kassa

Verð nú 499 kr/kg

Verð áður 999 kr/kg

BK grísabógur reyktur og úrbeinaður

þú sparar
462 kr/kg



25%

afsláttur við kassa

Verð nú 1.848 kr/kg

Verð áður 1.386 kr/kg

Goða Gourmet ofnsteikvillikrydduð



999 kr/kg

Humar 1 kg.

þú sparar
150 kr/kg



50%

afsláttur við kassa

Verð nú 149 kr/kg

Verð áður 299 kr/kg

Matfugl kjúklingavængir



þú sparar
162 kr/kg

25%

afsláttur við kassa

Verð nú 487 kr/kg

Verð áður 649 kr/kg

Matfugl kjúklingalæri



99 kr/pk

Jarðarber



30%

afsláttur við kassa

Grand safar

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 12. október til 15. október eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



ARMBÖND UNNIN Þessi unga stúlka vinnur við gerð gullarmbanda í Bangla-dess, en múslimakonur setja upp ný armbönd í lok föstumánaðarinnar ramadan. NORDICPHOTOS/AFP

Verð á kaffi, te, hreinum ávaxtasafa og hnetusmjöri lækkar:

Óljóst með gos, sultur og kex

MATVÆLAVERÐ Verð á ýmsum nauðsynjavörum gæti lækkað verulega við niðurfellingu hluta vörugjalda og skatta- og tollalækkun 1. mars á næsta ári. Þannig gæti til dæmis verð á Móa ferskum kjúklingi lækkað úr 749 krónum í 703 krónur og ungnautahakki úr 1.449 í 1.360 krónur miðað við verð í Krónunni.

Ljóst er að vörugjöld falla niður á kaffi, bæði instant og venjulegu kaffi, te, niðursoðnum ávöxtum, hnetusmjöri, hreinum ávaxtasafa, sojamjólki, ediki og djúsþykkni. Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga, segir ljóst að aðgerðir ríkisstjórnarinnar muni þýða heilmikla lækkun en margt sé hins vegar óljóst.

Lárus segir að ríkisstjórnin eigi eftir að fara í gegnum það hvort ýmsir tollflokkar flokkist sem sætindi eða ekki. „Þetta eru vörur eins og gos, djús, safar, sultur, sætt kex, kakómalt, íssósúr og frost-



SÆTT KEX Í HILLUM Óljóst er hvort sætt kex flokkist sem sykur eða sætindi eða ekki. Ef það flokkast sem sætindi falla vörugjöldin ekki niður.

pinnar. Þessar vörur hafa vörugjöld og við viljum sjá þau felld niður,“ segir hann og bætir við að ekkert liggir fyrir um tollflokka í kjöti.

„Svo er spurning hvort næsta skref verði að taka tolla af öðrum landbúnaðarvörum, til dæmis ostum, mjólkurvörum, ís, unnum kjötvörum, frönskum kartöflum, snakki úr kartöflum og pitsum. Þessar vörur bera háa tolla,“ segir hann.

- ghs

ÍSRAEL

Sharansky hættir

Natan Sharansky, stjórnálmámaður í Ísrael og fyrrverandi andófsmaður í Sovétríkjunum, sagðist í gær ætla að hætta afskiptum af stjórnálmum í Ísrael, þar sem hann hefur búið frá árinu 1986. Sharansky barðist á sínum tíma hart fyrir því að gyðingar fengu að yfirgefa Sovétríkin og flytja til Ísraels. Hann sat í níu ár í fangabúðum í Sovétríkjunum.

NOREGUR

Grunsamleg hljóð

Sendiráð Bandaríkjanna í Ósló var rýmt í skamma stund á mánudag, eftir að grunsamleg hljóð heyrðust úr ruslagámi. Slökkvilið, lögregla, sjúkrahús og sprengisérfræðingar voru kallaðir út en rannsókn leiddi ekkert misjafnt í ljós.

Heiðursdoktor við HÍ:

Nóbelsverðlaun í þjóðhagfræði

HUGVÍSINDI Bandaríski hagfræðingurinn Edmund S. Phelps hlýtur



EDMUND S. PHELPS.

nóbelsverðlaunin í hagfræði í ár fyrir rannsóknir í þjóðhagfræði. Phelps er meðal annars verðlaunaður fyrir að varpa ljósi á áhrif verðbólgu á atvinnuleysi og

hvornig væntingar um efnahagsástand framtíðar eru markaðar af samtímanum. Dómnafnd segir hann hafa skýrt áhrif velferðarkerfisins á komandi kynslóðir. Phelps er 73 ára og margviðurkendir fyrir fræðistörf sín. Hann lauk doktorsprófi frá Yale árið 1959 og er heiðursdoktor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

- kóp

Tilvísunum á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur fjölgað undanfarin ár:

Fleiri með vægari fatlanir

HEILBRIGÐISMÁL Á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR) hefur verið bætt við stöðugildum með það að markmiði að eyða biðlistum stofnunarinnar. Stofnunin hefur fengið sex ný stöðugildi á fjárlögum og frekari aukning er lögð til í fjárlagafrumvarpi. Þá mun jöfnunarsjóður sveitarfélaga stykja GRR um 13 milljónir en sú fjárhæð verður notuð til sérstaks átaks fyrir þau börn sem beðið hafa lengi.

Stefán Hreiðarsson, forstöðumaður GRR, segir aukningu á tilvísunum hafa verið mikla á undanförunum árum. „Fyrir fjórum til fimm árum bárust GRR 150-180 nýjar tilvísanir árlega en nú eru þær um 250.“

Stefán segir aukningu tilvísana fyrst og fremst vegna barna sem greinast á mörkum þroska-

“ Fyrir fjórum til fimm árum bárust GRR 150-180 nýjar tilvísanir árlega en nú eru þær um 250.

STEFÁN HREIÐARSSON
FORSTÖÐUMAÐUR

hömlunar. „Þá eru að bætast við hópar sem við höfum ekki sinnt áður eins og börn með aspergerheilkenni.“

Stefán segir að komið verði á fót teymi sem einbeiti sér að börnum með vægari fatlanir „Í teyminu munu fagaðilar fara yfir tilvísanirnar og meta hvort börnin þurfi á frekari þjónustu GRR að halda. Fagaðilar munu einnig leggja fötlunarmat á hverja beiðni fyrir sig og veita



STEFÁN HREIÐARSSON Teymisvinna GRR mun skila sér í styttri biðlistum á næsta ári.

ráðleggingar varðandi niðurstöður.“

Stefán segir að teymisvinna GRR muni skila sér í minni biðlistum á næsta ári.

- hs

Evrópumál:

Guðlaugur nýr formaður

STJÓRNMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður og formaður Íslandsdeilar þing-

mannanefndar EFTA, verður formaður sameiginlegrar þingmannanefndar EES starfsárið 2007. Guðlaugur tekur við formennsku um áramót og tekur við af breska Evrópuþingmanningum Diónu Wallis.

Alls sitja 24 þingmenn í sameiginlegri þingmannanefnd EES, þar af tólf frá Evrópuþinginu og tólf frá EFTA-ríkjum. Hlutverk þingmannanefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefa álit sitt á EES-málum.



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSSON

- hs

120 1886 2006



Forseti norska þingsins:

Kannar íslensk stjórnsmál

STJÓRNSMÁL Thorbjörn Jagland, forseti norska þingsins, kom til landsins í gær. Hann og eiginkona hans eru í opinberri heimsókn í boði Sólveigar Pétursdóttur, forseta Alþingis, fram á sunnudag. Á meðan á heimsókninni stendur ætlað hann m.a. að eiga fundi með formönnum þingflokka, formanni Samfylkingarinnar, forseta Íslands, utanríkisráðherra og umhverfisráðherra.

THORBJÖRN JAGLAND

formönnum þingflokka, formanni Samfylkingarinnar, forseta Íslands, utanríkisráðherra og umhverfisráðherra.

- kdk

Fræðslunefndin í Ölfusi hefur sótt um heimild fyrir heimaskólum:

Heimakenntslan er hugsjón

MENNTAMÁL Fræðslunefnd Ölfuss hefur sótt um heimild til menntamálaráðuneytisins fyrir því að tveir heimaskólar verði reknir áfram í sveitarfélaginu næstu tvö árin.

Sigríður Lára Ásbergisdóttir, formaður Fræðslunefndar, segir að ýmislegt bendi til að heimaskólar séu góður kostur en klárlega þurfi að hafa betra eftirlit og aðhald með framkvæmdinni, eins og fram komi í úttekt menntamálaráðuneytisins.

Í úttektinni kom fram að tveir nemendur úr heimaskólunum hefðu ekki tekið samræmd próf í fjórða og sjöunda bekk. „Mér skilst að þetta hafi farist fyrir og

það kemur ekki fyrir aftur. Það geta allir gert mistök,“ segir Sigríður Lára.

Í úttekt menntamálaráðuneytisins kemur fram að önnur fjölskyldan hafi ekki haldið dagbók um kennsluna og eftirliti hafi verið ábótavant. „Menn líta ýmsum augum á það. Við vorum með þetta eftirlit og það gekk mjög vel. Eftirlitsmanninum fannst ekki skipta öllu máli hvort hann læsi dagbók eða ekki,“ segir Halldór Sigurðsson, skólastjóri í Ölfusi.

Hann segir að heimakenntsla sé hugsjónastarf. Heimakenntslan hafi verið endurskoðuð og menn mæst á miðri leið.

- ghs



ÚR SKÓLASTARFI Heimaskólar eru góður kostur, að mati formanns Fræðslunefndar í Ölfusinu, og skólastjóri segir að heimakenntslan sé hugsjónastarf. Myndin er úr safni og tengist efni fréttarinnar ekki beint.

Samstarfsverkefni á Húsavík:

Miðstöð fyrir geðfatlaða

FÉLAGSMÁL Miðstöð fyrir fólk með geðraskanir var opnuð í gær á Húsavík. Þórgímur Sigmundsson, starfsmaður við miðstöðina, segir miklar væntingar bundnar við verkefnið.

Um sé að ræða tilrauna- og samstarfsverkefni Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga, Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Húsavíkurdeildar Rauða kross Íslands.

Hann segir staðinn hugsaðan sem iðjustað og athvarf í senn auk þess sem heilbrigðisþjónusta á geðsviði verði sinnt á staðnum.

- kdk

Fornleifauppgröfturnar á hundruð þúsund ára gömlum menjum:

Fjögurra metra háir risaúlfaldar

SÝRLAND, AP Risaúlfaldar sem voru tvisvar sinnum stærri en úlfaldar nútímans lifðu í eyðimörkinum í Sýrlandi fyrir hundruð þúsund árum síðan, að sögn fornleifafræðinga sem hafa dregið þessar ályktanir af steingerðum beinum sem fundist hafa á svæðinu.

Svissneskir og sýrlenskir fornleifafræðingar standa saman að uppgreftunum, um 220 kílómetrum norðaustur af höfuðborginni Damaskus.

„Þetta er í fyrsta sinn sem slík bein finnast,“ sagði Heba al-Sakel, sem fer fyrir sýrlenska hluta leiðangursins.

Nú velta vísindamennirnir fyrir sér hvaðan þessir úlfaldar komu, hvort þeir hafi verið að færa sig frá Asíu til Afríku, og hvað olli útrýmingu þeirra.

Mannabein fundust nærri úlf-

aldanum og telja vísindamennirnir víst að þar sé um veiðimann dýrsins að ræða, en hjá beinum fundust einnig verkfæri úr steini. „Hann hefur líklega elt bráðina að vatnsbólunum,“ sagði Svisslendingurinn Jean-Marie Le Tensorer.

Úlfaldar í dag eru um tveggja metra háir, svo steingerði úlfaldinn hefur verið allt að fjögurra metra há.

„Venjulegir úlfaldar birtust fyrst í (Mið-Austurlöndum) fyrir sex til sjö þúsund árum, og í fyrsta sinn sjáum við nú villtan úlfalda og afar, afar gamlan,“ sagði Le Tensorer.

- smk

RISAÚLFALDI Fremri úlfaldinn er jafn stór nútíma úlföldum, en sá aftari sýnir hversu stórir úlfaldar voru í sýrlensku eyðimörkinum fyrir hundruð þúsund árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Blindir og sjónskertir:

Kynna dag hvíta stafsins

FÉLAGSMÁL Dagur hvíta stafsins, alþjóðlegur baráttudagur blindra og sjónskertra, verður haldinn hátíðlegur næstkomandi sunnudag. Af því tilefni ætla Blindrafélag Íslands að standa fyrir kynningu í verslunarmiðstöðinni Smáralind milli klukkan eitt og þrjú og kynna málefni félagsins.

Meðal helstu málefna sem verða til umræðu eru notkun hvíta stafsins, sjónhjálpartæki og hjálpartæki sem aðvela blindum og sjónskertum daglegt líf. Þar á meðal eru til dæmis „talandi“ klukkur, spil og málbönd.

Blindraletursstöð býður gestum svo einnig að fá nafn sitt letrað með blindralettri og félagsmenn og starfsmenn ætla að gera sitt besta til að verða við spurningum gesta.

- kdk

Uppfærðu launareikninginn þinn með Launavernd

Launavernd tryggir áframhaldandi tekjur fjölskyldunnar komi til launamissis vegna fráfalls, sjúkdóma eða örorku. Auk þess byggir þú upp viðbótarlífeyrissparnað sem eykur fjárhagslegt sjálfstæði þitt við starfslok. Það eina sem þú þarft að gera er að uppfæra launareikninginn þinn með Launavernd. Komdu við í næsta útibúi, hafðu samband í síma 410 4000 eða farðu á landsbanki.is og fáðu nánari upplýsingar.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Launavernd Landsbankans

Fiskidagar í Nóatúni



SALTFISKUR
MIÐJARÐARHAFSKRYDDAÐUR

1.198 kr. kg



SALTFISKSPJÓT
MEÐ BEIKONI

398 kr. stk.



GRÍSKUR SALTFISKUR
EINFALDUR OG GÓÐUR

1.198 kr. kg



LÚÐUSTEIK
MEÐ PAPRIKUHJÚP

1.598 kr. kg



SJÁVARRÉTTAPATÉ
BLANDAÐUR FISKUR

1.278 kr. kg



SJÓBLEIKJUFLÖK
Í GRANDMARINER

1.598 kr. kg



LAXASTEIK
MEÐ TERYAKI

1.598 kr. kg



SKÖTUSELSPATÉ
MEÐ GRÆNUM PIPARKORNUM

1.278 kr. kg



KEILUSTEIK
MEÐ SKÓGARSVEPPUM

1.118 kr. kg



Bezt á fiskinn
aðeins 399 kr.

MÆLIR MEÐ



Riceselect grjón
aðeins 399 kr.

Perlur hafsins úr fiskborði!

Fremstir í fiski
NÓATÚN
í 40 ár



Setjið steikina í 180° heitan ofn í eldföstu móti með roðhliðina upp, bakið í ofni í 15 - 20 mínútur eftir stærð á steikunum.

LAXASTEIK
MEÐ SULTUÐUM ENGIFER

1.278 kr.
kg



ÝSA
Í TOSKANA

998 kr.
kg



SALTFISKUR
AÐ HÆTTI BÖRSUNGA

1.198 kr.
kg



LAXAPATÉ
REYKT

1.478 kr.
kg



Filippo berio
í úrvali! **25%**
afsláttur

MÆLIR MEÐ



PisG sósurar
aðeins 299 kr.



SJÓBLEIKJA
MEÐ BLÁBERJUM OG TIMJAN

1.598 kr.
kg

Verði ykkur að góðu!

„ORÐRÉTT“

Draumavinna

„Þetta er einfaldlega bara spennandi fyrir svona kalla eins og mig sem elska fótbolta.“

EGGERT MAGNÚSSON, FORMAÐUR KSÍ, ER Í FORSVARI FYRIR FJÁRFESTA SEM ERU AÐ ÍHUGA AÐ GERA TILBOÐ Í ENSKA KNATTSPYRNULIÐIÐ WEST HAM.

Morgunblaðið 11. október.

Draumaferðir

„En þegar allt er borgað og komið fram við mig eins og höfðingja get ég ekki sagt nei við slíku boði.“

HRAFN GUNNLAUGSSON SEGIST EKKI FARA OFT Á KVÍKMYNDAHÁTIÐIR OG HONUM LEIÐIST AÐ LEIKA LEIKSTJÓRA.

Fréttablaðið 11. október.

HVAD ER AÐ FRÉTTA? UNNUR PÁLMAUSDÓTTIR LÍKAMSRÆKTARÞJÁLFARI

Safnar orku í Þrastarlundi

„Það er allt rosa gott að frétta, mikið að gera í líkamsrættinni og í heilsugeiranum almennt,“ segir Unnur Pálmausdóttir líkamsræktarþjálfari. „Fyrir stuttu héldum við heilsuhátíðina Fusion 2006 sem gekk vonum fram. Nú hlökkum við bara til að fara að undirbúa næstu hátíð að ári. Það komu fjórtán útlendingar og þeir gátu ekki hætt að dásama aðstöðuna hér á landi. Fólk var beinlínis í sjokki yfir því hvað líkamsræktaraðstaðan er flott hérna.“

Unnur segir að topparnir í aðsókn að líkamsræktarstöðvum séu í september og svo eftir jólin. „Það margborgar sig þó að hugsa um heilsuna allan ársins hring og gera hreyfingu að lífsstíl. Málið er að fólk finni sína eigin hreyfingu í

hvaða formi sem hún er.“

Unnur flutti með manninum sínum til Selfoss fyrir rúmu ári og segir gott að búa þar. „Umhverfið er afslappandi og maður fær orku frá því. Einn af upphaldsstöðunum okkar er Þrastarlundur, þangað sem gott er að fara í góðar gönguferðir um helgar og safna orku fyrir vikuna.“

Unnur setur það ekki fyrir sig að keyra í bæinn á hverjum degi.

„Það er lítið mál. Þessi hálf tími sem fer í að keyra hvora leið er tími sem maður hefur fyrir sjálfan sig. Á leiðinni í bæinn nær maður að slaka aðeins á og skipuleggja daginn en á leiðinni heim hlustar maður bara á eitthvað gott í útvarpinu.“



FRAMTÍÐIN: RÍKISSTJÓRNIN 2060

Geir, Björn og Valgerður. Ekki framúrsteftuleg nöfn. Miðað við frumleika foreldra í dag verður ríkisstjórn

Íslands 2060 skipuð svona: Forsætisráðherra Sýrus Mír, alheimsráðfrú Míttra Dögun, vélmennaráðfrú



Athena París, gamalmennaráðfrú Daðla Dögg Dögg, orkuráðherra Mekkinó Ríó, uppsprettaráðherra Gilmar Nökkvi, viðlenduráðherra Búri Dór, draumaráðfrú Ísól Kría, stökkbreytingaráðherra Myrkvi Dreki og síðast en ekki síst Hallmundur Forni landbúnaðarráðherra.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

WEST HAM Í EIGU ÍSLENDINGA

Allt annað
en StokeVALTÝR BJÖRN VALTÝSSON
ÍPRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

„Þetta er bara hið besta mál,“ segir Valtýr Björn Valtýsson, íþróttafréttamaður og annar umsjónarmaður Minnar skoðunar á útvarpsstöðinni XFM. „Samkvæmt því sem maður heyrir eru íslensku fjárfestarnir komnir skrefinu lengri en keppinautar þeirra. Samkvæmt þeim West Ham aðdáendum sem ég hef heyrt í, m.a. á spjallþræði liðsins, eru þeir mun spennari fyrir Íslendingum en hinum sem vilja kaupa. Það er einhver Ísraeli sem veit ekkert um fótbolta og svo einhverjir rússneskir olíuauðkífingar. West Ham er ágætis lið, þekkt uppeldisstöð fyrir góða menn eins og t.d. Rio Ferdinand og Joe Cole. Það væri auðvitað frábært ef Íslendingar eignuðust lið í úrvalsdeildinni. Stoke var bara í þriðju efstu deild svo það eru allt aðrar tölur í þessu og greinilega fjársterkir menn hér á ferðinni. Eggert Magnússon er náttúrulega í stjórn Straums-Burðaráss svo fólk getur lagt saman tvo og tvo.“

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.
Flott flæði...
Simi: 565-5566

...fyrir bæði
sturta.is

Garðar eru fyrir krakka

Hamarshögg og glaðværar krakkaraddir rjúfa þögnina. Dauflegur bakgarður við Hávallagötu hefur vaknað til lífsins í sumar. Þar er risið vígalegt þriggja hæða kofavirki með rólu og rammgerðum fangaklefa.

„Það var einn þýskur gaur sem lét okkur hafa spýtur og svo höfum við líka fengið þær úr stillansinum þarna,“ segir Gunnar Þorgeir Bragason, forsprakki framkvæmdanna, og bendir á heimili sitt sem er umkringgt stillönsum. Mamma hans ýtti til hliðar fagurfræðilegum kröfum í útliti bakgarða og allt upp í tíu krakkar hafa hamast við bygginguna í einu. Nágrannarnir hafa ekki amast við virkissmíðinni.

„Við ætlum að nota þetta fyrir snjóboltastríð í vetur,“ segja strákarnir. „Við ætlum að vera á móti Árbæingum og krökkum á Framnesvegi. En við skorum annars bara á alla krakka í snjóboltastríði!“

Virkið er ekki fullklárað enn. „Nei, við ætlum að gera fullt í viðbót. „Pimp my treehouse“, eins og í sjónvarpinu. Það á eftir að mála og allskonar. Hvernig á virkið að vera á litinn? Bleikt! Nei, djók. Bara í allskonar litum.“

„Við byrjuðum þarna í horninu,“ segir Hörður, kallaður Höddi, og bendir. „Þetta átti ekki að vera svona stórt en þetta er bara svo gaman. Kannski smíðum við annað



KOFAFYRIRTÆKI KRAKKA Í VESTURBÆNUM EHF Stoltir krakkar við nýbygginguna. Gunnar Þorgeir fyrir miðju.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

virki hinum megin í garðinum ef við fáum fleiri spýtur.“

„Pabbi minn er smíður og ég hef verið á smíðanámskeiði,“ segir



GUNNAR OG ADAM VINNA Í FANGAKLEFANUM Verður notaður til þykjustu pyntinga í snjóboltastríðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Adam, en annars hafa krakkarnir bara spilað virkissmíðina eftir eyranu.

Blaðamaður forvitnast um



HÖRÐ OG SNORRA VANTAR HVORKI SPÝTU NÉ SÖG Og ekki heldur fjörug lög.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fangaklefan. „Við ætlum að taka krakka til fanga þarna og pynta þá með trjágreinum. En samt bara í þykjustunni. Megum við læsa þig inni svo þú sjáir hvað fangaklefinn er góður? Viltu reyna að sleppa?“

Blaðamaður afþakkar og flýtir sér að spyrja hvort krakkarnir vilji segja eitthvað að lokum. Nú er María, systir Gunnars og Harðar, mætt á svæðið og fær orðið: „Já! Lengi lifi Kofafyrirtæki krakka í Vesturbænum ehf! Við skorum á alla foreldra að leyfa krökkum að byggja í gördunum sínum! Garðar eru fyrir krakka!“

gunnarh@frettabladid.is

Dagur glímunnar sendi kalda kappu á Þverfellshorn:

Toppurinn á karlmennskunni

Glímusamband Íslands stóð fyrir Degi glímunnar í annað sinn á þriðjudaginn. Glímt var um land allt í tilefni dagsins, þar á meðal á Þverfellshorni Esjunnar og er það líkast til í fyrsta skipti sem þjóðaríþróttin er iðkuð þar. „Það var strekkingur og nístingskuldi og mér var ískalt bara við að taka myndirnar,“ segir Lárus Kjartansson, framkvæmdastjóri Glímusambandsins. „Strákarnir hörkuðu af sér enda sögðu þeir í upphafi að þeir ætluðu að glíma berir að ofan. Þeir urðu að standa við stóru orðin en það voru kuldaflekki á þeim að glímu lokinni. Þá var ekkert að gera nema að skella sér í fötin og hlaupa niður. Ég myndi segja að þetta sé toppurinn á karlmennskunni.“

Lárus segir að um fimm hundruð manns stundi glímu á Íslandi, sem er töluverð fækkun frá því fyrir einni öld þegar sagt var að annar hver maður á landinu væri liðtækur í glímu.

„En glíman er í sókn,“ fullyrðir Lárus. „Glímufólki fjölga alltaf og standardinn hækkar. Við erum til dæmis með sprækan sextíu manna úrvalshóp krakka á aldrinum 15-20 ára.“

Margt er framundan. Alþjóðlegt glímumót, Iceland Open, fer fram síðustu helgina í október. „Það koma lið frá sex Evrópuþjóðum, fólk sem leggur stund á íslenska glímu. Við sendum nú bara unglingahópinn til að keppa við þessi lið enda yrði þetta algjör jarðarför ef við sendum okkar bestu menn. Svo erum við á leið til Kasakstan á svakalega fangbragðahátíð í nóvember. Ætli Borat verði ekki kynnir.“

Glímumenn setja nú hausinn í bleyti fyrir dag glímunnar að ári. „Við verðum að toppa okkur á hverju ári. Hver veit, kannski glímum við næst á Hvannadalshnúk eða í fallhlífastökki?“

- gth



ÓLAFUR ODDUR SIGURÐSSON OG SNÆR SELJAN PÓRODDSSON GLÍMA Á ESJUNNI Hlupu niður með kuldaflekki um líkamann eftir átökin.

FRÉTTABLAÐIÐ/LÁRUS KIJARTANSSON

VERKSMÍÐJUÚTSALA Á POTTUM OG PÖNNUM

Vegna flutnings verður rýmingarsala á pottum og pönnum í verksmíðu okkar að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Opið alla daga vikunnar frá kl. 13.00 – 19.00 til 15. október. Ótrúleg verð – allt að 50% afsláttur á öllum pottum og pönnum.

Alpan hf.

HONDA
The Power of Dreams



HAUSTÚTSALA

VIÐ RÝMUM FYRIR ÁRGERÐ 2007

Gold Wing



var kr. 2.629.000
nú kr. 2.370.000

CRF-450X



var kr. 968.000
nú kr. 870.000

CRE-450X götuskráð



var kr. 1.138.000
nú kr. 1.025.000

CRE-250X götuskráð



var kr. 1.075.000
nú kr. 968.000

CR-85R



var kr. 460.000
nú kr. 414.000

CRF-80F



var kr. 347.000
nú kr. 312.000

CRF-50F



var kr. 241.000
nú kr. 217.000

EIGUM FYRIRLIGGJANDI FJÓRHJÓL Á FRÁBÆRU VERÐI

TRX-400FA



kr. 820.000

TRX-350FE



kr. 699.000

TRX-350FM



kr. 659.000

TAKMARKAÐ MAGN
ER AF ÖLLUM HJÓLUM

FÁÐU ÞÉR HJÓL Á FRÁBÆRU VERÐI
FYRSTIR KOMA, FYRSTIR FÁ!




BEST ON EARTH™



Vatnagarðar 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Svona erum við

> Saltinnflutingur fyrstu átta mánuði ársins



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: DAUÐAREFSING

Leyfð í 90 ríkjum heims

Evrópusambandið ætlar að herða baráttu gegn dauðarefsingu og reyna eftir megni að sannfæra Bandaríkin, Kína og fleiri ríki um að afnema hana. Franco Frattini, dómsmálastjóri Evrópusambandsins, og Terry Davis, aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins, skýrðu frá því á dögnum að þeir myndu efna til alþjóðlegrar ráðstefnu um dauðarefsingar á næsta ári.

Hvar eru dauðarefsingar leyfðar? Um 90 ríki heims heimila dauðarefsingar en af þeim hafa 30 ríki ekki nýtt sér þessa heimild í að minnsta kosti tíu ár. Afar fá ríki Vesturlanda eru á meðal þeirra ríkja sem heimila dauðarefsingar; aðeins Bandaríkin eru í fyrrnefnda hópnum og Belgía í þeim síðarnefnda. Fjölmörg ríki í Asíu eins og Kína og Japan beita dauðarefsingum, svo og mörg ríki Mið-Austurlanda eins og Sáði-Arabía, Kúvæt og Túnis. Einnig má nefna ríki í Afríku eins og Nígeríu, Súdan og Úganda, svo og fjölmörg ríki í Austur-Evrópu, til dæmis Rússland og Búlgaríu.

Hvaða rökum er beitt með og á móti dauðarefsingum? Svokölluð gjaldastefna felur í sér að refsingar eigi að vera í

samræmi við alvarleika afbrotsins. Í því ljósi kann dauðarefsing að teljast réttlætning fyrir til dæmis morð eða manndráp af ásetningu. Önnur rök eru að heimild til dauðarefsinga fæli borgarana frá því að fremja alvarlega glæpi. Rannsóknir sýna yfirleitt ekki marktækt samband milli dauðarefsinga og morðtíðni en meginrökin gegn dauðarefsingum eru þó síðferðislegs eðlis og Amnesty International hefur barist gegn þeim um árabil.

Hvenær var síðasta aftaka Íslandssöggunnar? Agnes Magnúsdóttir og Friðrik Sigurðsson voru síðasta fólk til að vera tekið af lífi á Íslandi, sakfelld fyrir morðin á Natani Ketilssyni og Péttri Jónssyni. Agnes og Friðrik voru hálhöggvin opinberlega árið 1830, en dauðarefsing var ekki numin úr gildi úr íslenskum lögum fyrr en 1928.

Heimild: vísindavefur.hi.is



SPURT & SVARAD

GEÐFATLAÐIR

Ekki nóg að byggja

Í vikunni kynnti félagsmálaráðuneytið stefnu og framkvæmdaáætlun sem á einkum að greiða úr búsetuúræðum geðfatlaðra, en á annað hundrað manns eru nú á biðlista. Guðbjörg Sveinsdóttir er forstöðumaður Vinjar, athvarfs fyrir geðfatlaða.



GUÐBJÖRG
SVEINSDÓTTIR
Forstöðumaður

Hvaða væntingar hefur þú nú? Það er tímabært að þessi málaflökkur fái það fjármagn og athygli sem hann þarf eftir að hafa setið langtíðum saman á hakanum. Við teljum þó enn skorta stefnumótun í geðheilbrigðismálum.

Hvað þykir þér helst skorta? Það er ekki nóg að byggja utan um fólk heldur þarf meira. Ég vil ekki að þetta hljómi vanþakklátt fyrir það sem verið er að gera en það er enn óljóst hverjir eigi að sjá um menntamál, bæði meðal geðfatlaðra sem og þeirra sem með þeim starfa, í þessari framkvæmdaáætlun til að þessum málaflökki verði sinnt sem skyldi.

Starfsumhverfi lögreglunnar hefur tekið miklum breytingum til hins verra á síðari árum. Ofbeldi, árásir og hnífstungur eru nær daglegt brauð um helgar. Tilvikum þar sem skotvopn koma við sögu fer fjölgandi. Boðaðar eru réttindabætur.

Aukin vitnavernd lögreglumanna er eitt þeirra atriða sem hrint hefur verið í framkvæmd til verndar þeim gegn ofbeldi. Hún felst í því að þeir þurfa ekki í ákveðnum tilvikum að gefa upp nafn og aðrar persónulegar upplýsingar, heldur einungis lögregluúmer sitt. Það er dómara að meta hvort lögreglumanni beri að gefa upp persónuupplýsingar, en þeir hafa ekki alltaf virt óskir lögreglumanna um leynd. Þetta heimildarákvæði er mjög mikilvægt til að bæta starfsumhverfi, að sögn Páls Winkel, framkvæmdastjóra Landssambands lögreglumanna, einkum ef lögreglumenn þurfa að bera vitni gegn hættulegum brotamönnum.

Breytingar á starfsumhverfi lögreglunnar hafa í mörg ár verið helsta baráttumál Landssambands lögreglumanna. Fréttablaðið fjallaði ítarlega um málið í sumar og varpaði ljósi á þær aðstæður sem lögreglumenn hafa mátt glíma við í



AD STÖRFUM Í þetta sinn var lögreglan að ræða við vitni að líkamsárás, en lögreglan fagnar nú boðuðum úrbótum í starfsumhverfi, þar með talið hertar refsingar vegna ofbeldis gegn henni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

starfi. „Lögreglumenn sem starfa í miðbænum um helgar lenda undantekningarlítið í átökum þar sem þeir þurfa að yfirbuga menn,“ sagði Páll Winkel þá. „Svo er það undir hælinn lagt hvort lögreglumennirnir verða fyrir áverkum.“ Páll sagði í þessu sambandi að hrindingar, þústrar og jafnvel hrækningar á lögreglumenn væru daglegt brauð.

Í viðhorfskönnun sem þá hafði nýlega verið gerð meðal lögreglumanna kom í ljós að 54 prósent þeirra sem starfa á landinu öllu höfðu orðið fyrir líkamsmeiðingum og 64 prósent höfðu orðið fyrir ofbeldi eða hótunum sem þau tóku alvarlega. Loks kom í ljós að í 41 prósentu tilvika hafði hótunum eða öðru alvarlegu áreiti verið beint gegn fjölskyldum lögreglumanna.

Sjaldnast í dóm

Í umfjöllun Fréttablaðsins kom einnig fram að á bilinu 90-95 prósent af þeim málum sem lögreglumenn höfðu skrifað skýrslu á, um meint ofbeldi í sinn garð, höfðu ekki farið fyrir dómstóla. Þau höfðu einfaldlega verið lögð niður, að sögn Páls.

Þá hefur verið mjög algengt að borgarar legðu fram kærur á hendur lögreglumanni eða lögreglumönnum. „Það er að sjálfsögðu

naúsynlegt aðhald ef sannindi eru til staðar. Hins vegar hefur ekki reynst svo vera í 99 prósentum tilvika,“ sagði Páll.

Harðari heimur

Síðan farið var yfir þennan vettvang hafa orðið umtalsverðar breytingar á starfsumhverfi lögreglunnar. Það er sífellt að verða hættulegra.

Segja má að vatnaskil hafi orðið þegar maður var tekinn með fullhlaðna kraftmikla skammbyssu. Í hanskahólfi bifreiðar sinnar geymdi hann svo heimatilbúna sprengju. Skömmu áður hafði lögregla komist í kast við annan byssumann þegar sersveitin yfirbugaði mann með haglabyssu í Breiðholti. Skotárás á hús í Hafnarfirði, svo og tíðar hnífstungur um helgar auk annars ofbeldis, sýna svo ekki verður um villst að menn eru að fást við allt aðra og alvarlegri hluti en fyrir fáeinum árum.

Menn sáu að ekki varð lengur við það ástand unað sem að framan er lýst. Því var það að á síðari hluta síðasta árs sendi Landssamband lögreglumanna Birni Bjarnasyni, dóms- og kirkjumálaráðherra, skýrslu þar sem gerð var grein fyrir óviðunandi vinnuumhverfi lögreglumanna.

Óskaði LL eftir að ráðherra

Úrbætur í starfsumhverfi

- Refsingar vegna ofbeldis gegn lögreglumönnum verulega hertar.
- Vinna að verklagsreglum um rannsókn mála er varða ofbeldi gegn opinberum starfsmönnum.
- Bætt vitnavernd lögreglumanna.
- Stöðugildum í lögreglu fjölgað.
- Nýnemum við Lögregluskóla ríkisins fjölgað.
- Áfallateymi sérfræðinga til aðstoðar lögreglumönnum í kjölfar erfiðra verkefna.
- Tálmu lögreglu í starfi gerð refsiverð.

beitti sér fyrir að starfsumhverfi lögreglumanna yrði bætt. Sambandið fór þess meðal annars á leit að skoðað yrði hvort ekki þætti nauðsynlegt að herða refsingar vegna hótana og ofbeldis í garð lögreglumanna og koma á fót sérstöku áfallateymi til aðstoðar lögreglumönnum vegna erfiðra verkefna auk annarra úrræða sem líkleg væru til að ná árangri.

Verulega hertar refsingar

Í vikunni upplýsti dómsmálaráðherra svo sambandið um að hann hygðist á yfirstandandi þingi leggja fram lagabreytingatillögu þess efnis að refsingar vegna ofbeldis í garð lögreglumanna og samsvarandi stétta yrðu hertar verulega. Sett yrði inn sérstakt ákvæði í almenn hegningarlög þar sem refsivert yrði að tálma því að lögreglumenn gegni skyldustörfum sínum auk þess sem lagt yrði til að settur yrði á fót vinnuhópur með það verkefni að gera tillögur að verklagsreglum um rannsókn mála er varða ofbeldi gegn opinberum starfsmönnum.

Verði þær lagabreytingatillögur að veruleika liggur fyrir að um stór tímamót í réttindabaráttu lögreglumanna verður að ræða og miklar líkur á að starfsumhverfi lögreglumanna muni batna verulega.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR
jss@frettabladid.is

Trigger®

KULDASTÍGVÉL
Stærðir 21-38

F Y R I R Í S L E N S K T V E Ð U R F A R

Nafnspjald

Endurskinsmerki

Styrktur hælkappi

Fylltur hæll

Laust 3-laga innlegg

Álfilma kuldavörn

Stífur kantur

Endurskinsmerki

Fast fódur úr fjótþornandi DACRON 3M

Stamur sóli

Einnig til í svörtu

100% vatnsþétt

Má þvo við 30°C

ÚTSÖLUADILAR: Steinar Waage, Kringlan, Smáralind - ljaskinn ehf., Háaleitisbraut 58-60 Xena, Mjódd, Glæsibær, Spöng - Valmiki, Kringlan - HH skór, Keflavík - Verslunin Sirrý, Grindavík Skóstar Axel Ó, Selfoss, Vestmannaeyjar - Tangó, Höfn Hornafj. - Klörubúð, Djúpvogur Veidiflugan, Reyðarfjörður - KHB Samkaup, Egilsstaðir - Beint í mark, Vopnafjörður - Skóbúð Húsavíkur Skóhusið, Akureyri - Siglóspott, Siglufjörður - Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkrúkur - Skóhornið, Ísafjörður Dalakjör, Búðardalur - Heimahornið, Stykkishólmur - Verslunin Hamrar, Grundarfjörður Blómsturvellir, Hellissandur - Xena Borgarnes - Ozono, Akranes.

Dreifingaraðili: www.leiko.is

Allt of lengi þurft að þola áreiti



GEIR JÓN ÞÓRIS-
SON Vill sjá fólk
bera virðingu fyrir
störfum lögreglu.

„Það hefur lengi verið talað um að taka á þessum málum og nú er það vissulega gert. Við lögreglumenn fögnum því,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónni í lögreglu í Reykjavík, um boðaðar úrbætur í starfsumhverfi lögreglunnar, þar á meðal hertar refsingar vegna ofbeldis gegn henni.

„Lögreglumenn hafa allt of lengi þurft að þola ákveðið áreiti og allt að því ofbeldi, sem síðan hefur ekki náðst að fylgja eftir. Við væntum þess að með þessari lagabreytingu

verði þetta það ljóst að það fari ekkert á milli mála.“ Geir Jón segir ákveðinn fælingarmátt felast í því að umrædd lagasetning nái fram að ganga og fólk verði kynnt hún rækilega. Finni menn að þeir komist upp með umrætt atferli gegn lögreglu haldi þeir því áfram. „Við viljum sjá að fólk beri virðingu fyrir stærstum lögreglunnar. Hún þarf að sjá um að halda uppi lögum og reglu með ákveðnum hætti og almenningur verður einfaldlega að sætta sig við það. Virðing fyrir stærstum lögreglu hefur farið minnkandi að mínu mati. Þetta á við í fleiri starfsgreinum. Þeir sem þurfa að halda uppi aga fá mun sterkari viðbrögð gegn því í dag heldur en var á árum áður. Þessar breytingar nú eru svör við því.“

SHISEIDO

SHISEIDO KYNNIR ÞAÐ NÝJASTA Í HAGKAUPUM 12.-18. OKT.

DUAL BALANCING FOUNDATION, nýr farði sem kemur húðinni í jafnvægi:

- Liturinn kemur í ljós fullkominn og tær innandyra sem utandyra
- Gefur húðinni raka þar sem þörf er á og mattar það sem þar á við
- Jafnar húðlitinn, bæði roða og dökka bletti
- Hentar öllum húðgerðum

Fullkomin áferð sem ljómar og endist allan daginn.

NÝTT Í BIO PERFORMANCE, húðslípunar kerfi:

- Super Exfoliating Discs: slípar og bónar húðina
- Super Refining Essence: örvar frumuendurnýjun og gefur raka

*Gjöfin þín þegar keyptar eru Shiseido vörur fyrir 4.500 kr.

- Snyrtibudda sem inniheldur:
- Compact Foundation 1gr,
- Perfecting Lipstic P7 2,5gr
- Cleansing Lotion 30ml
- Hydro Refining Lotion 30ml
- Relaxing Mask 10ml.


*Meðan birgðir endast



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ÚTGJÖLDIN

> Meðalneysla á kaffi á íbúa í kílóum



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: VALGERÐUR HALLDÓRSDÓTTIR FÉLAGSRÁÐGJAFI

Aldrei komið Jesús í samband

„Ég og vinkona mín keyptum okkur reiðhjól í vor. Það hefðu getað orðið mín verstu kaup fyrr og síðar,“ segir Valgerður Halldórsdóttir, félagsráðgjafi og ritstjóri vefsíðunnar stjuptengsl.is. Hún segir reiðhjólið í fyrstu hafa safnað ryki inni á gólfi hjá sér og síðar orðið að hálfgerðum fatastandi sem lauslegum munum var fleygt á. Fögur fyrirheit og áætlanir um nýjan og breytan lífsstíl hefðu getað farið fyrir lítið ef þær hefðu ekki gripið í taumana. „Við sáum að



svona mátti ekki fara og því stofnuðum við Reiðhjólafélag hafnirskra kvenna. Það hefur gengið svona ljómandi vel. Reyndar svo vel að nú stefnum við á reiðhjóláhátíð næsta haust, sem ber heitið Tour de Femmes eða KvennaTúr upp á íslenskan móð með tilheyrandi vísunum til þess kvenlegra sem í okkur býr. Þessi gripur varð því upphafið að algerlega nýjum og betri lífsstíl og hefur því fengið þann sess í mínum huga sem bestu kaup mín fyrr og síðar. Aftur á móti hlýtur Jesúsmyndin, blikkandi, sem ég festi kaup á í Ameríku fyrir skömmu, að vera verstu kaup mín fyrr og síðar. Mig hafði dreymt um lavalampa frá því í barnsku og hún átti að koma í hans stað. Hins vegar hef ég aldrei komið þessari Jesúsmynd í samband og því hefur hún breyst í rykfalið minnsmarki um bruðl og hugsunarleysi.“

HÚSRÁÐ

MÆTIR Í ALLAR VEISLUR

■ Davíð Ólafsson söngvari segir það gott sparnaðarráð að skrá sjónvarpið á mömmu og sleppa þannig við að borga afnotagjöldin.

„Það er til dæmis gott ráð að nota lítaða olíu á dísilbílinn en hún er helmingi ódýrari en dísilolía.“ Þá segir Davíð það einnig geta reynst vel að fara niður á bryggju og þykjast vera laungetinn sonur útgerðarmannsins og fá þannig ókeypis í soðið.

„Það er líka gott sparnaðarráð að mæta í allar veislur og fara síðastur því þá fær maður að hafa afgangana með sér heim,“ segir þessi spaugsami söngvari.



■ DÝRAST/ÓDÝRAST

Golfkúlur

Golfþróttinni hefur vaxið fiskur um hrygg að undanförun og nú eru menn ekki með mönnum nema þeir láti sjá sig með kylfu á stífslegnum velli. Allt væri þó fyrir bí ef kúlurnar vantaði. Ódýrustu kúlur landsins fást hjá Bónus. Þetta eru Top Flite golfkúlur, 15 stk í pakka á 999 kr., eða 66,6 kr. stk. Dýrustu kúlurnar fást hins vegar hjá Nevada Bob og heita Titleist Pro V-1. Tölf kúlu pakki kostar 6.004 kr., eða 500 kr. kúlan. Það má því fá sjö og hálf af þeim ódýrustu fyrir eina dýra. Gífurlegur gæðamunur er á kúlunum. Þessar dýrustu eru hannaðar fyrir menn með mjög góða sveiflu og ætlaðar lengra komnum kylfingum. Og því miður verður maður vist ekkert betri þótt maður noti rándýra kúlu.



■ Vodafone Passport

Lækkað verð á GSM-símtölum í útlöndum



Vodafone Passport gildir nú þegar í 18 löndum auk Íslands. Þjónustan virkar ávallt innan þess lands sem notandinn er staddur í og þegar hringt er til Íslands. Viðskiptavinir greiða 139 króna tengigjald í upphafi og á 20 mín. fresti en eru á innanlandstaxta þess á milli. Með þessum hætti geta viðskiptavinir sparað um 48 prósent í Danmörku og 76 prósent í Bretlandi miðað við fimm mínútna símtal þegar hringt er til Íslands. GSM áskrifendur hjá Vodafone geta skráð sig í Passport á vodafone.is, í Vodafone verslunum eða með því að hringja í 1414.

■ Ný verslun IKEA opnuð í dag

Vöruúrval eykst um 25 prósent

Í dag opnar IKEA nýja verslun í Kaupþúni í Garðabæ. Verslunin er 20.600 fermetrar eða þrjár sinnum stærra en húsnæði IKEA í Holtagörðum sem verður lokað frá og með deginum í dag. Í nýju versluninni verða 55 sýningarbasar en þeir voru aðeins 20 í Holtagörðum. Allar deildir verslunarinnar verða stærri í hinu nýja húsnæði og verður vöruúrvalið í versluninni aukið um 25 prósent.



ÚTBOÐ

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta óskar eftir tilboðum í eignastýringu sjóðsins, þ.e. vörslu, ávöxtun og umsýslu eigna sjóðsins. Fé sem sjóðurinn hefur nú í eignastýringu hjá tveimur fjármálafyrirtækjum nam um 6.839 milljónum kr. þann 30. júní sl. auk þess sem sjóðurinn átti um 69 milljónir kr. í reiðufé utan eignastýringar.

Gerð er sú krafa að bjóðendur í útboðinu hafi tilskilin leyfi til eignastýringar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sbr. lög nr. 30/2003 um verðbréfavíðskipti, og hafi reynslu af eignastýringastörfum.

Markmið Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta er að eignastýringarsafninu verði skipt meðal tveggja aðila í kjölfar útboðsins en þó er gert ráð fyrir heimild til að ganga til samninga við einungis einn aðila.

Tilboðsfrestur er til kl. 12.00 þann 30. október 2006. Tilboðum skal skilað inn að Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík (hús Seðlabanka Íslands). Fyrirspurnarfrestur bjóðenda rennur út níu almanaksdögum fyrir lok tilboðsfrests.

Útboðsgögn má nálgast hjá framkvæmdastjóra Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, Jónasi Þórðarsyni, frá og með 10. október 2006. Netfang: jonas.thordarson@sedlabanki.is

Reykjavík, 9. október 2006, stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Borgar sig að láta framkalla jafnt og þétt

Ljósmyndun almennings hefur tekið miklum stakka-skiptum síðan stafrænu myndavélarnar byrjuðu að leysa filmuvélarnar af hólmi. Að sama skapi hefur framköllunarbransinn breyst, nú senda margir myndir af harða disknum í gegnum netið og fá myndirnar á pappír með póstinum eða sækja þær í verslanir.

„Filman er nú reyndar ennþá vinsæl,“ segir Sveinn Ingi Nilssen hjá Hans Petersen. „Okkur telst til að hlutfallið sé sirka 50/50 á milli stafrænar framköllunar og filmu, en sú stafræna sækir sífellt á. Það er alltaf að aukast að fólk notfæri sér forritið á heimasíðunni okkar. Við létum íslenska það svo það er auðvelt í notkun og hægt að minnka og stækka myndir að vild. Svo ræður kunninn hvort hann sækir myndirnar í verslanir okkar eða fái þær sendar heim gegn smá aukakostnaði. Þetta er sérstaklega gott fyrir fólk á landsbyggðinni og sparar því sporin.“

Myndir eru minningar og með stafrænu tækninni hefur hættan á því að minningarnar týnist aukist til muna. „Við fáum oft í búðirnar hjá okkur fólk með tölvur sem eru alveg komnar í steik og því miður getum við oft ekkert gert fyrir það,“ segir Sveinn. „Það ættu allir að muna að tölvan getur hrunið fyrirvaralaust og því er mikilvægt að fólk láti framkalla myndirnar



MYNDATAKA MEÐ GAMLA LAGINU Myndin sem kom út úr þessari töku endaði líklega í alþingi á meðan stafrænar myndir vilja festast á hörðu disknum.

jafnt og þétt. Og það góða við stafrænu tæknina er að fólk þarf ekki að sitja uppi með fullt af vondum

myndum heldur getur valið góðu myndirnar úr.“

Eftir því sem lengra líður á milli framköllunar eykst hættan á því að fólk mikli verkið fyrir sér. „Það er oft erfitt fyrir fólk að koma sér af stað,“ segir Sveinn. „Það segir sig sjálft að ef þú ert með þúsund myndir þá er kostnaðurinn umtalsverður, svo ég tali nú ekki um þá miklu vinnu sem þá er framundan við að koma þessum myndum öllum í alþingi. Því mæli ég eindregið með að fólk láti framkalla myndirnar sínar jafnt og þétt. Persónulega miða ég við að fara með mínar myndir í framköllun á svona 200 mynda fresti.“ gunnarh@frettabladid.is

VERÐ Á NETFRAMKÖLLUN*

Hans Petersen	25 kr stk
Pedrómyndir	25 kr stk (tilboð til 31. okt.)
Pixlar	38 kr (1-50) 33 kr (51 - 199) 29 kr (200+)
Myndval	39 kr (1-50 stk) 34 kr (51+ stk)
Framköllun.is	39 kr (1-50 stk) 34 kr (51+ stk)

* Samkvæmt upplýsingum á heimasíðum fyrirtækjanna í gær

MATUR & NÆRING ÓLAFUR UNNARSSON MATVÆLAFRÆÐINGUR

Ostagerð er að margra mati listgrein

Ostagerð á sér langa sögu en hún gengur út á að breyta fljótandi mjólk í ljúffengan mat. Ostur er gerður með því að mjólk úr kúum eða öðrum dýrum er hleypt. Algengast er að ostur sé hleyptur með ostahleypi og sýru en við það hleypur prótínið í mjólkinni. Hlaupið er svo skorið í ostakorn sem sett eru í form og mysan skilin frá. Þannig verður til formaður ostamassi sem getur svo farið í frekari vinnslu eins og hitun, pressun, söltun og gerjun. Þessi víða skilgreining nær þó ekki yfir allar tegundir osta því osta er einnig hægt að gera úr mysunni sem fellur til við ostagerðina.

Við gerjun á osti geta myndast holur. Holur í osti eru alveg jafn mikilvægar og fasti osturinn sjálfur. Holurnar myndast við það að ostagerlar breyta mjólkursýkrinum í mjólkursýru og loft. Það er þessi gerjun sem gefur ostinum sitt einkennandi bragð. Mismunandi gerlar eru notaðir til að búa til mismunandi osta.

Hér áður fyrr var algengt að

ostar væru vaxbornir. Það var gert til að koma í veg fyrir óæskilegan mygluvöxt á yfirborði ostins. Auk þess kemur vaxið í veg fyrir að osturinn þorni. Í dag hafa plastpokar að mestu komið í staðinn fyrir vax. Fyrir fasta osta, sem í daglegu tali kallast brauðostar, er mygla á yfirborði óæskileg en fyrir sérosta eins og Camembert og Brie er hún nauðsynleg. Í sérostum er mygla notuð til að ná fram rétta bragðinu við þroskun ostins sem færir frá yfirborðinu inn að kjarna ostins.

Ostagerð er að margra mati listgrein. Þó svo að ostar séu nú til dags framleiddir í miklu magni í verksmiðjum er mjólkurhræfnið breytilegt eftir árstíðum sem krefst þess að stöðugt sé fylgt með ostinum og breytingar gerðar til að osturinn sé sem bestur.

Ostar geta verið mjög

mismunandi að eigin gerð, áferð og byggingu. Þeir geta verið allt frá því að vera seigfljótandi, þannig að hægt sé að sprautu ostinum, yfir í svo fasta og harða osta að ekki er hægt að sneiða þá heldur þarf að rífa þá. Parmesanostur er dæmi um það.

Algennt er að taka fram fituinnihald í ostinum. Fituinnihaldi er hægt að lýsa með tvennum hætti. Annars vegar sem hlutfalli af þyngd, dæmi um það er 26 prósent

Gouda og hins vegar sem hlutfalli af þurrefni. 26 prósent Goudaostur verður að 45 prósentum sé miðað við fitu í þurrefni.

Ostar eru mikið notaðir ofan á brauð og í matargerð svo sem á pitsur, í ofnbakaða rétti og sósur. Auk þess eru þeir oft borðaðir einir sér og mörgum þykir gott að fá sér gott vín með góðum osti.

www.mni.is

Nýtt kortatímabil

Kalli kartöflukóngur
er búinn að taka upp!

2 kíló!

59
KR.

PREMIER/RAUÐAR/
GULLAUGA

*Fögnum uppskerunni
með dúndurtilboði!*

**Gullauga
Premier
Rauðar**

KARTAFLAN

Kartöflurnar eru taldar hafa borist til Evrópu fyrir tilstuðlan konkvistadoranna um 1580 en eru upprunnar í suðurhluta Chile.

Erfitt áttu þær uppdráttar þar sem þær þroskuðust neðanjarðar og taldar framleiðsla kölska - ekki bætti heldur úr að Biblían minntist ekki stöku orði á þær. Neysla þeirra varð því hin óguðlegasta. Þrátt fyrir þrýsting þennan, unnu þær sér sess með tímanum og um 1650 voru þær orðnar grunnfæða Íra og í Evrópu unnu þær sér sess hveitisins um svipað leyti. 1840 varð uppskerubrestur á kartöflum á Írlandi sem varð til þess að nálægt einni milljón manns lést úr næringarskortri og sjúkdómum eða svalt til bana. Það segir meira en nokkur innihaldslýsing.

Kartöflur eru um 80% vatn og 2% prótín en með hátt C-vítamín innihald og kalíum. Hýðið er næringarríkast og kartaflan næst því. Kartaflan inniheldur einnig járn, fosfór, kalsíum, brennistein og B-vítamín.

www.bonus.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.511 +1,03% Fjöldi viðskipta: 573
Velta: 11.305 milljónir

MESTA HÆKKUN

Landsbankinn +2,22%
Glitnir +1,90%
Str-Burðarás +1,77%

MESTA LÆKKUN

Vinnslustöðin -2,20%
Grandi -0,42%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 69,90 +0,29% ... Alfesca 5,00 +0,60% ... Atlantic Petroleum 585,00 +1,04% ... Atorca 6,50 +0,00% ... Avion 30,80 +1,65% ... Bakkavör 58,90 +0,86% ... Dagsbrún 5,09 +0,20% ... FL Group 23,00 +0,44% ... Glitnir 21,50 +1,90% ... Kaupþing 894,00 +0,56% ... Landsbankinn 27,60 +2,22% ... Marel 80,50 +0,63% ... Mosaic Fashions 17,20 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,30 +1,77% ... Össur 124,00 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Bolabrögð vegna léns Nyhedsavisen
Frá því er greint í dönsku miðlum að fríblöðin Dato og 24timer virðist beita heldur óvönduðum meðlum í viðleitni sinni til að leggja stein í götu Nyhedsavisen íslenskættaða. Fríblöðin tvö hafa nefnilega bæði gert tilraun til að kaupa lénið www.nyhedsavisen.dk, sem keppinautur þeirra hefur eðlilega mikinn áhuga á að eignast, að því er Børsen greinir frá. Lénið er hins vegar í eigu sælgætis- og leikfangaframleiðandans Dracco. Fyrirtækið greindi sjálft frá áhuga fleiri en bara Nyhedsavisen á lénið. Ekki hefur hins vegar náðst saman um kaupverð ennþá. Hjá Dracco gera menn hins vegar frekar ráð fyrir að selja það á endanum fríblaðinu íslenskættaða. Um leið er því vísað á bug að einhver stríðni sé falin í meldingunni sem núna má lesa á síðunni þegar farið er á slóðina eftirsóttu. Þar stendur: „Velkomin á www.nyhedsavisen.dk. Við erum ekki alveg tilbúin ennþá, en líttu við aftur eftir nokkra

mánuði.“ Vef sjálfs Nyhedsavisen er svo aftur að finna á slóðinni www.avisen.dk.

Afturhjóladrifinn Lada

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings tekur oft skemmtilegar líkingar til að skýra mál sitt. Á fundi bankans um þróun og horfur á hlutabréfamarkaði lýsti hann vegferðinni á markaði eins og akstri í snjó. Það væri lítið mál meðan maður héldi ferðinni, en eftir að komast af stað ef maður stoppaði. Leó Hauksson fundarstjóri benti á að menn ættu að fara varlega í að hlusta á hagfræðinga þegar hlutabréfamarkaður væri annars vegar. Flestir væru betur akandi en svo að snjórin ylli þeim vandræðum. Það væru ekki allir á afturhjóladrífinni Löðu station eins og Ásgeir. Ásgeir er reyndar betur akandi en svo en skáldaleyfi fundarstjórans vakti kátinu fundarmanna.

MARKAÐSPUNKTAR...

Engin verðbólga verður árið 2007 samkvæmt endurskoðaðri verðbólgu-spá Landsbankans eftir að ríkisstjórnin tilkynnti um lækkun skatta á matvæli í mars á næsta ári. Telur bankinn að áhrifin komi að fullu fram í tveimur mánuðum, í mars og apríl.

Atvinnuleysi var eitt prósent í september og lækkaði úr 1,20 prósentum frá því í ágúst, samkvæmt frétt frá Vinnuálastofnun. Að meðaltali voru 1.628 atvinnulausir í mánuðinum. Á höfuðborgarsvæðinu er atvinnuleysið eitt prósent af ætluðum mannafla og 1,1 prósent á landsbyggðinni.

Heildarútlán Íbúðalánasjóds námu 3,4 milljörðum króna í september og voru útlán sjóðsins á þriðja ársfjórðungi alls 11,4 milljarðar. Er þetta tölurverður samdráttur frá sama tímabili árið 2005 þegar útlán sjóðsins námu 19,6 milljörðum króna.

Spá sjö þúsund stigum

Heildarhagnaður 14 fyrirtækja verði 38 milljarðar.

Kaupþing reiknar með að heildarhagnaður þeirra fjórtán fyrirtækja sem félagið spár fyrir um verði 38 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi sem er tæplega þriðjafni prósentu aukning frá sama tímabili í fyrra.

Þetta er öllu lægri spá en sú sem Glitnir og Landsbankinn hafa sett fram, en hafa ber í huga að Kaupþing spár ekki um eigin afkomu og afkomu Existu, sem enn er tengd Kaupþingi sterkum böndum.

Af þeim félögum sem Kaupþing horfir til mun Glitnir hagnast mest á þriðja ársfjórðungi, um 8,4 milljarða króna, en Landsbankinn kemur skammt á eftir með um 7,8 milljarða.

Á fundi greiningardeildar Kaupþings í gær kom fram í máli Ásgeirs Jónssonar, forstöðumanns hennar, að horfur væru á frekari hækkun um á hlutabréfamarkaði á næstu mánuðum, þrátt fyrir strangt aðhald Seðlabankans í vaxtamálum. Er þar aðallega horft til hækkunar á bréfum í fjármálafyrirtækjum sem vega um 75 prósent í Úrvalsvísitölunni.

Greiningardeildin sér Úrvalsvísitöluna standa í sjö þúsund stig-

um í árslok sem þýðir að hún eigi inni átta prósentu hækkun miðað við núverandi stöðu. Margt styður við frekari hækkunir til dæmis jákvæðar fréttir af endurfjármögnun bankanna og lækkandi vaxtaálag á skuldabréfum þeirra. Kennitölur hlutabréfa eru jafnframt hagstæðar, einkum hjá fjármála-fyrirtækjunum.

Ásgeir segir að hlutabréfamarkaðurinn eigi mikið undir því að þensla gangi niður og spár því að þegar botni núverandi hagsveiflu sé náð á árunum 2007-2008 hækki hlutabréfaverð, en þá verður meiri hvati fyrir minni fjárfesta að kaupa hlutabréf.

Fyrir árið í heild reiknar greiningardeildin með því að hagnaður félaganna fjórtán nemi um 155 milljörðum króna en verði 134 milljarðar árið 2007, sem er tólf prósentu samdráttur.

- eþa

HEILDARSPÁR GREININGARDEILDA FYRIR 3. ÁRSFJÓRÐUNG

Banki	Spá um heildarhagnað (í milljörðum)
Glitnir	94
Landsbankinn	74
Kaupþing	38*

* Kaupþing spár hvorki fyrir eigin afkomu né uppgjör Existu en hinir bankarnir spá félögum um tveimur miklum hagnaði.

Bankarnir komnir í sömu stöðu og í byrjun febrúar


Tryggingaálag á fimm ára skuldabréf bankanna (CDS) er nú sambærilegt við það sem var áður en tók að halla á þá í umræðu um íslenskt efnahagslíf í byrjun árs. Forstöðumaður alþjóðlegrar fjármögnunar Glitnis býst við hægum bata áfram.

Tryggingaálag á fimm ára skuldabréf viðskiptabankanna þriggja á millibankamarkaði (CDS) er nú svipað og áður en erfið umræða um íslenska hagkerfið og bankana fór á flug í febrúar síðastliðnum. Í gær var tryggingaálag á bréf Glitnis 37

punktur, 46 á bréf Landsbanka Íslands og 56 á bréf Kaupþings. Núnda febrúar var álagið á bréf Glitnis það sama eða 37 punktar, 44 á bréf Landsbankans og 47 punktar á bréf Kaupþings. Almenn bankavísitala Iboxx,

ÞRÓUN VAXTAÁLAGS Á SKULDABRÉF BANKANNA

Frá 1. febrúar 2006



sem sýnir fjármögnunarkostnað í Evrópu, ber hins vegar með sér að almenn hafi þar ríkt stöðugleiki, þótt sveiflur hafi einkennt þá íslensku á þessu ári.

„Þetta eru ákveðin tímamót,“ segir Ingvar H. Ragnarsson, forstöðumaður alþjóðlegrar fjármögnunar Glitnis. Hann segir að þótt tryggingaálag bankanna hafi tekið að aukast fyrir áramótin, hafi skriðan í raun ekki farið af stað fyrr en eftir að Fitch breytti horfum á lánshæfismati ríkisins úr stöðugum í neikvæðar 21. febrúar.

Ingvar segir að erlendir markaðsaðilar virðist vera orðnir samála um að hörð viðbrögð skuldabréfamarkaðarins í febrúar og mars síðastliðnum hafi í raun verið yfirséð. „Það sem síðan hefur gerst er að bankarnir hafa skilað mjög góðum uppgjörom og brugðist við þeim hluta gagnrýnnar sem byggð var á málefnalegum rökum. Þá hefur kynningarstarf verið aukid og mikil áhersla verið

lögð á gagnsæi í upplýsingagjöf til markaðarins. Á þessu tímabili hafa lánshæfismatsfyrirtækin staðfest óbreytt lánshæfi bankanna og nýtt lánshæfismat Glitnis hjá Standard & Poor's í mars kom einnig á mjög góðum tíma. Bankarnir hafa allir styrkt lausafjárstöðu sína og á undanförunum vikum hafa vel heppnaðar skuldabréfaútgáfur þeirra haft jákvæð áhrif,“ segir hann.

Ingvar segist hins vegar búast við að íslensku bankarnir búi áfram við nokkurs konar séríslenskt álag á skuldabréf sín, þótt það fari heldur lækkandi. „Í dag er álagið mikið meira en það var á síðasta ári,“ segir hann, en fyrir réttu ári síðan var tryggingaálag á skuldabréf Kaupþings rétt undir 30 punktum og álag á bréf Glitnis og Landsbankans rúmlega 20 punktar. „Með breyttri tekjudreifingu bankanna og því að aukinn hluti tekna þeirra myndast utan Íslands mun þetta þokast í rétta átt,“ segir Ingvar. „Þetta smáþokast í rétta átt.“
olikr@frettabladid.is

Höldum óhreinindum á mottunni

Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður



OTRAX® gólfmottukerfið

...fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm
...hindrar að gólfnið innandyrna verði hált
...heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu

Á tilboði
í október 2006
Úti- og innimottur
af ýmsum gerðum
og stærðum

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Sigþóra Gunnarsdóttir
Sölumáður í verslun RV

Kaupþing fjármagnar yfirtöku á Matalan

Tilboðið hljóðar upp á 100 milljarða króna.

Kaupþing mun fjármagna yfirtöku John Hargreaves, stofnanda og stjórnarformanns Matalan, á verslanakeðjunni. Heildarvirði Matalan er metið á rúmlega eitt hundruð milljarða króna og hljóðar til hluthafa upp á 200 pens á hlut.

Að sögn Daily Telegraph sneri Hargreaves sér frá Barclays Capital til Kaupþings á síðustu stundu varðandi fjármögnun. Kaupþing hefur verið virkur fjárfestir og lánveitandi á breskum smásölumarkaði. Ekki er vitað hvort Kaupþing eignist hlut í Matalan, þegar það verður tekið af markaði, en samkvæmt frétt sem birtist í Kauphöllinni í Lundúnum fer bankinn nú með smávægilegan hlut. Hargreaves fer með um 53 pró-



MATALAN METIÐ Á 100 MILLJARÐA

Kaupþing kemur að fjármögnun á yfirtöku John Hargreaves á Matalan.

sent hlutfjár í Matalan en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Baurur hafi átt lítinn hlut í félaginu um nokkurt skeið.

Matalan, sem rekur verslunar sem selja hátískufatnað á afsláttarkjörom, hefur átt undir högg að sækja í erfiðu umhverfi á breskum smásölumarkaði. Sala hefur dregist saman að raunvirði og hlutabréf fallið á liðnum árum.

Nýjar plánetur birtast

Vísindamenn á vegum bandarísku geimvísindastofnunarinnar, NASA, telja sig hafa fundið 16 nýjar plánetur við enda Vetrarbrautarinnar með aðstoð Hubble-sjónaukans. Enn á þó eftir að skoða pláneturnar nánar.

Vísindamönnum telst svo til að þeir hafi fundið allt að 200 plánetur utan við okkar sólkerfi. Pláneturnar 16 sem nýlega fundust eru enn utar; tíu sinnum fjær en fyrri plánetur. Vegna þessa telja vísindamennirnir að marga milljarða plánetna sé að finna utan við Vetrarbrautina.

Vísindamennirnir er þess fullvissir að þeir eigi eftir að finna mun fleiri plánetur og eru vongóðir um að finna plánetu sem líkist jörðinni að einhverju leyti.



SPRENGISTJARNA Í HIMINGEIMNUM
Vísindamenn á vegum NASA segjast hafa fundið 16 nýjar plánetur í sólkerfi okkar.

„Við erum sveimhugar og hluti af því er að lifa í þeim draumi að finna líf á öðrum hnöttum,“ segir Mario Livio, yfirmaður deildar á vegum NASA sem hefur umsjón með Hubble-sjónaukanum. -jáb

JP Morgan í Kauphöll Íslands

JP Morgan Securities í Lundúnum varð í gær aðili að hlutabréfamörkuðum Kauphallarinnar.

„JP Morgan er leiðandi alþjóðlegur banki og við teljum að innkoma hans skapi nýja vídd á markaðnum. Við höfum auk þess trú á að JP Morgan Securities Ltd verði fyrsti erlendi aðilinn af mörgum til að sækja um aðild að kauphöllinni á komandi mánuðum,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. Viðræður JP Morgan við Kauphöllina hófust að undirlagi Actavis, en viðskiptavinir bankans höfðu sýnt því félagi áhuga. Halldór Kristmannsson, forstöðumaður innri og ytri samskipta hjá Actavis, fagnar því mjög að aðildin sé komin á koppinn. „Margvíslegir smáir



Í LUNDÚNUM Starfsmaður reykir fyrir utan JP Morgan Securities í Lundúnum. Bankinn er nýr aðili að Kauphöll Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

þröskuldar hafa fælt fjárfesta frá, sem nú geta átt viðskipti við Kauphöllina í umhverfi sem þeir þekkja,“ segir hann.

Aðilar að Kauphöll Íslands eru nú orðnir 27 talsins, þar af eru sex erlendir fjaraðilar.

Kauphöllin segist merkja aukinn erlendan áhuga, en nýlega gerðu líka tvær erlendar upplýsingaveitur samning við hana. Þar spilar inn í fyrirhuguð sameining við OMX kauphallasamstæðuna. „Kauphöllin telur virk viðskipti erlendra aðila af hinu góða þar sem dýpt og seljanleiki á markaðnum munu eflast í kjölfarið,“ segir í tilkynningu hennar í gær.

JPMorgan Chase & Co. er leiðandi fjármálfyrirtæki á heimsvísu með eignir upp á 1,3 billjónir Bandaríkjadala og starfsemi í yfir 50 löndum. Með aðild JP Morgan Securities hefur bankinn nú aðild að öllum NOREX-kauphöllum, Kauphöll Íslands, Oslo Børs og OMX Nordic Exchange. - óká



EIN AF VÉLUM RYANAIR Lífeyrissjóður flugmanna hjá Aer Lingus hefur keypt hlut í félaginu til að standa í vegi fyrir yfirtöku Ryanair.

Flugmenn eru á móti tilboðinu

Lífeyrissjóður flugmanna írska flugfélagsins Aer Lingus hefur keypt 9,8 milljónir hluta í eigin félagi með það fyrir augum að koma í veg fyrir yfirtöku lág-gjaldaflugfélagsins Ryanair á Aer Lingus. Kaupin jafngilda 2,12 prósentum hlutafjár í félaginu.

Lífeyrissjóðurinn greiddi 3,04 evrur fyrir hlutinn, sem er tæpri evru yfir útboðsgengi bréfa í almennu hlutafjárútbóði í síðustu viku. Aer Lingus var að mestu í eigu írska ríkisins en stærstur hluti þess var seldur í útboðinu á genginu 2,2 evrur á hlut.

Ryanair gerði yfirtökutilboð í alla hluti félagsins skömmu síðar en það hljóðaði upp á 1,48 milljarða evrur eða tæplega 128 milljarða íslenskra króna.

Ryanair hefur tryggt sér 19,2 prósent bréfa í félaginu og hefur lýst því yfir að það muni auka hlut sinn enn frekar. -jáb



VERÐBÓLGA MINNKAR Verð á bensíni og dísilolíu lækkaði um 4,1 prósent í október.

Enn dregur úr verðbólgu

Vísitala neysluverðs í október hækkaði um 0,23 prósent á milli mánaða og jafngildir það 7,2 prósentu verðbólgu síðastliðna 12 mánuði, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar. Þetta er 0,2 prósentustigum undir spám greiningardeild þriggja stærstu viðskiptabankanna.

Ef húsnæði er skilið frá vísitöluinni nemur hækkunin 0,16 prósentum frá því í september og jafngildir það 5,6 prósentu verðbólgu síðastliðna 12 mánuði.

Hagstofan segir sumarútsölum nú víða lokið og hækkaði verð á fötum og skóm um 3,4 prósent vegna þessa. Þá hækkaði kostnaður vegna eigin húsnæðis um 0,5 á milli mánaða en þar af voru áhrif af hækkun markaðsverðs 0,01 prósent og hækkun vaxta 0,08 prósent. Verð á húsgögnum og heimilisbúnaði hækkaði hins vegar um 4,7 prósent á tímabilinu.

Þá lækkaði verð á bensíni og dísilolíu um 4,1 prósent og verð á dagvöru um 0,7 prósent.

Undanfarna þrjú mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 1,2 prósent, sem jafngildir 4,8 prósentu verðbólgu á ári. -jáb

Nordic eMarketing kynnr

RIMC 2006

ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA & FAGSÝNING

Grand hótél 2. og 3. nóv.

INTERNETIÐ

MARKAÐSSETNING & SAMSKIPTI

23 FYRIRLESARAR

Meðal fyrirlesara verða:



Google

PhD Brian Clifton
Yfirmaður vefgreiningardeildar



Microsoft® adCenter

Mel Carson
Framkvæmdastjóri adCenter Community



YAHOO!

John Riccardi
Vörustjóri Yahoo! Search

Einstakt tækifæri

- Fyrir framkvæmdastjóra, markaðs- og auglýsingastjóra, vefstjóra o.s.frv.
- Aldrei fyrr hafa svo margir hátt skrifaðir sérfræðingar á sviði Internetsamskipta og -markaðssetningar komið saman á Íslandi.

Bókaðu fyrir 23. okt. - þú sparar 17.000 kr.

FAGSÝNING

- 30 erlend og innlend fyrirtæki kynna nýjungar í Internetmarkaðssetningu og -samskiptum. Skráðu þig og fáðu frán aðgang að sýningunni.

Nánari upplýsingar á www.emarketing.is



44%
afsláttur

1875 kr. kg
~~2679~~

30%
afsláttur

998 kr. kg
~~1709~~
KEA londonlamb

Móa kjúklingabringur
magnpakking

2 fyrir **1**
Krónubrauð
Stórt & Gróft

6 fyrir **4**
Egils Kristall
Sítrónu

Coke light 2L
98
kr/2L

Cheerios
tvöfaldur
548
kr/pk

Þú kaupir tvo
H&S sjampó
og færð Crest
tannkrem í
kaupbæti

Shop R.
kökumix
199
kr/pk

Smjörvi
117
kr/stk

Kartöflur
ljómatjörn 2kg
149
kr/pk

Power Bar
hnetusmjör
/súkkulaði
199
kr/stk

Cantalópe
melónur
99
kr/kg

KRONAN

KRONAN

KRONAN

KRONAN

Sjáðu verðin!



1294 kr. kg 1848
Goða Gourmet ofnsteikur

30% afsláttur

Goði Gourmet Lamb

399 kr. kg 634
Goða grísabógur

1574 kr. kg 2679
Ungnauta - Snitsel / gúllas

25% afsláttur

40% afsláttur

Goða Naggar Cordon Bleu

338 kr/pk

Skinka Salami Sveppir Margarita

Oetker Pizza

99 kr/stk

20% afsláttur

Samurai Mix Chili hnetur Chili hrískökur Cindy Mix

Economic salernisrúllur 8stk

199 kr/pk

Góu tvenna

299 kr/pk

Maískorn 1/2 dós

49 kr/stk

Corny súkkulaði / banana

199 kr/pk

Starfsemi í átt að leynipjónustu:

Nauðsynlegt að traust ríki

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Nú er unnið að stofnun sérstakrar deildar hjá Ríkislögreglustjóra til að rannsaka hryðjuverk og skipulagða glæpastarfsemi. Margir hafa velt fyrir sér umfangi starfsemi þessarar deildar og talað um stofnun íslenskrar leynipjónustu. Á síðustu vikum hefur umræða um eftirgrennslana- eða leynipjónustustarfsemi lögreglu lifnað við í kjölfar birtingar greinar prófessors Þórs Whitehead um málið í tímaritinu Þjóðmálum. Fullvissa Jóns Baldvins Hannibalssonar um að sími hans í utanríkisráðuneytinu hafi verið hleraður svo seint sem árið 1993 er enn einn vinkill í málinu og vekur raunar furðu.

Ljóst er að þjóðin á heimtingu á greinargóðum upplýsingum um umfang starfsemi sem kenna má við leynipjónustu. Þeir sem þessi starfsemi hefur beinst að hljóta að krefjast þess að fá upplýsingar um hvaða upplýsingum kann að hafa verið safnað, hverjir tóku við þeim og hvað var gert með þær.

Vissulega má taka undir með Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra að affarasælla sé að horfa fram á veginn en um öxl. Sömu-

Ljóst er að þjóðin á heimtingu á greinargóðum upplýsingum um umfang starfsemi sem kenna má við leynipjónustu.

leiðis er ljóst að kalda stríðinu er lokið og kemur vonandi aldrei aftur. Hitt er annað mál að til að sátt og traust geti ríkt um starfsemi deildar hjá Ríkislögreglustjóra sem fer með rannsóknir sem flokka má sem leynipjónustustarfsemi verða upplýsingar um hleranir og njósnir á árum kalda stríðsins að koma upp á yfirborðið. Hvert var umfang þessarar starfsemi? Hver stóð fyrir henni? Hver tók ákvörðun um það með hverjum var fylgst? Hver tók við upplýsingunum? Hvað var gert við þær? Hvenær lauk þessari upplýsingasöfnun eða er henni hugsanlega ekki lokið?

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, hefur bent á þá leið sem farin hefur verið í Noregi. Þar var ákveðið að rannsaka ofan í kjöllinn þá njósnastarfsemi sem fram hafði farið á árum kalda stríðsins. Komist var að þeirri niðurstöðu að gróf mannréttindabrot hefðu átt sér stað og að menn hefðu orðið fyrir óréttmætri innrás í einkalíf sitt. Niðurstaðan var sú að þeir sem fylgst hafði verið með fengu upplýsingar um gögnin sem safnað hafði verið og greiddar voru skaðabætur vegna þessa. Nú er því ekki haldið fram hér að fylgst hafi verið með íslenskum borgurum á sama hátt og gert var í Noregi en það er yfirvalda dómsmála í landinu að sýna fram á að svo hafi ekki verið. Í mörgum Evrópulöndum hefur ólögleg njósnastarfsemi komið upp á yfirborðið og ekki ástæða til annars en að ætla að eitthvað í þá veru hafi einnig átt sér stað hér á landi.

Áður en upplýst hefur verið um það getur þjóðin ekki treyst þeirri deild innan lögreglunnar sem á að fara með rannsóknir sem eiga skylt við leynipjónustustarfsemi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason. FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Til leigu



2. hæð í húsnæðinu að Dalshrauni 15 í Hafnarfirði.

Um er að ræða tæplega 700 m². Húsnæðið skiptist í tvo veislusali, starfsmannaaðstöðu, eldhús og einnig eru 3 skrifstofur á hæðinni. Ýmsir möguleikar eru á nýtingu húsnæðisins en þar hefur veislupjónustan Hraunholt verið með starfssemi undanfarnir ár og er allur búnaður fyrir slíkan rekstur á staðnum.

Áhugasamir hringi í s. 893-3569, Júlíus eða sendi tölvupóst á sigurjon@heima.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skuldaklukkan tifar

Bryndís Ísfold, frambjóðandi í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík, gerir góðlátlegt grín að tali sjálfstæðismanna í borgarstjórn um skuldir Reykjavíkurborgar. „Þeir sem hafa haft úthald og nennu í að reyna að halda þræði í þessari kjánalegu umræðu þeirra ættu að líta inn



á vef borgarstjórnaflokks sjálfstæðismanna og fylgjast með því hvernig skuldaklukkan tifar enn og ekkert bendir til þess að verið sé að hægja á útgjöldunum,“ bendir Bryndís á. Skuldirnar nemi rúmum 74 tmilljörðum

króna. „Gott ef hún tifar ekki hraðar núna enda nóg af nýjum útgjöldum.“

Stefnunni framfylgt

„Við viljum lækka tekjuskatt um 4 prósent á kjörtímabilinu. Við viljum afnema eignaskatt algjörlega. Við viljum lækka um helming virðisaukaskatt á matvæli, bækur, húshitun og rafmagnskostnað og öðru sem tilheyrir lægra virðisaukaskattsþrepinu,“ sagði Davíð Oddsson, þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, á landsfundi 2003. „[K]jeninginn segir að heppilegra og hagkvæmara sé á alla lund að skattalækkanir eigi sér stað þegar þarf að ýta undir hreyfingu í þjóðfélagi, en ekki þegar spenna er sem mest,“ sagði Davíð Oddsson Seðlabankastjóri í Víðskiptablaðinu í gær.

Dýrabindi dýralæknis

Samfylkingarmennirnir Jón Gunnarsson og Einar Már Sigurðsson gerðu góðlátlegt grín að bindi Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra í umræðum um fjárukalög á Alþingi í fyrradag. Á bindi Árna voru myndir af hrossum. Spurði Einar hvort það væri í tilefni þess að fjárveitingar til hrossamála væru stórauðnar í frumvarpinu. Árni sagðist eiga mörg bindi með myndum af dýrum; spendýrum og fuglum. Einar Már væri velkominn í heimsókn að skoða bindin fyrst hann hefði svona gaman af dýrabindum.



bjorgvin@frettabladid.is

Keisari er kviknakinn

Ég sagði frá því á þessum stað Eum miðjan maí, hvernig eistneska ríkisstjórnin brást við þeim ótíðindum, að verðbólgan í Eistlandi reyndist ögn - broti úr prósentu! - meiri en svo, að Eistum leyfðist samkvæmt reglum Evrópusambandsins (ESB) að taka upp evruna um næstu áramót eins og þeir höfðu ætlað sér. Hér var mikið í húfi, því að Eistum liggur á: þeir eru fegnir frelsinu og mega engan tíma missa. Þeir hefðu að sönnu getað falsað vísitöluna með því að lækka virðisaukaskatt til að komast í höfn á tilskildum tíma, en þeir ákváðu að gera það ekki, heldur bíða með evruna. Þeir vissu sem var, að stjórnvöld geta ekki dregið úr verðbólgu nema skamma hríð með því að lækka skatta. Nei, skattalækkanir hefur jafnan þverfug áhrif til lengdar: hún eykur eftirspurn í efnahagslífinu og kyndir því undir verðbólgu. Eistar ráðast að rötum hvers vanda, ekki að einkennunum.

Þessi reynslusaga rifjast upp nú, þegar ríkisstjórnin hér heima hefur lokins, loksins kunnert ráðstafanir til að lækka matarverð. Auðvitað er engum blöðum um það að fletta, að matarverð á Íslandi er mjög hátt og miklu hærra en í nálægum löndum, til dæmis í Danmörku, og eru Danir þó áskrifendur að sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB í gegnum aðild sína að Sambandinu síðan 1972. Verðmunurinn stafar að mestu leyti af því, að búverndarstefna íslenskra stjórnvalda gengur mun lengra en búverndin innan ESB, og er búverndin innan ESB þó ærin og bíður gagners uppskurdar.

Hvað þarf til þess að lækka matarverð? Til þess þarf að ráðast að rötum vandans frekar en útvortis einkennum hans. Matarverð á Íslandi hefur verið himinhátt í tvo mannsaldra vegna



ÞORVALDUR GYLFASSON
Í DAG | Lækkun matvæla-
verðs

djúpstæðrar óhagkvæmni í landbúnaði, svo sem Halldór Kiljan Laxness lýsti með hárréttum rökum í nokkrum flugbeitum blaðagreinum 1940-44. Matarverðið er enn of hátt eftir öll þessi ár, þótt ýmsar framfarir hafi að vísu átt sér stað bæði í landbúnaði og matvöruverzlun. Til að mynda er nú minni völlur á kaupfélögunum, sem áður höfðu

Bændur hafa haft nægan tíma til að átta sig á breyttum viðhorfum til búverndar.

yfirgnæfandi markaðshlutdeild í matvöruverzluninni og léku landsmenn grátt á þeim vettvangi og víðar; flest eru horfin. Óhagkvæmni í íslenskum landbúnaði stafar enn sem fyrr að mestu leyti af markaðsfirringu í skjóli innflutningsverndar í krafti ofurtolla, sem leystu blátt bann við búvöruinnflutningi af hólmi fyrir nokkrum árum. Þessi vandi er að mestu leyti óleystur enn. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar breyta litlu. Hvernig stendur á því?

Hryggjarstykkið í ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar er lækkun á virðisaukaskatti á matvælum og öðru. Við þetta bætast óljós fyrirheit um smávægilega lækkun tolla á innfluttum mat. Ef höfuðorsök hásk matarverðs væri skattheimta ríkisins, væri vit í

þessum ráðstöfunum. En vandinn liggur annars staðar. Ríkisstjórnin ræðst ekki að rötum vandans, sem er markaðsfirring í skjóli tollverndar. Fyrirhuguð skattalækkan á að skila sjö milljörðum króna á ári til neytenda. Ríkisstjórnin er með öðrum orðum að búa sig undir að eyða sjö milljörðum króna af skattfé almennings á hverju ári til að lækka matarverð. Ríkisstjórnin hlýtur til mótvægis að ætla sér að draga úr þjónustu við almenning eða hækka aðra skatta, svo að kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings helzt þá væntanlega óbreyttur. Það er með öðrum orðum bara verið að flytja fé úr einum vasa í annan. Fólkið í landinu kemst með þessu móti af með minni matarútgjöld og á þá meira fé til annarra nota, en summa útgjaldanna er óbreytt, úr því að kaupmáttur heimilanna helzt óbreyttur. Ríkisstjórnin er á rangri braut. Hún þyrfti að draga undanbragðalaust úr tollvernd landbúnaðarins, svo að ódýr innflutt matvæli ættu greiðari leið inn í landið. Þá myndi kaupmáttur heimilanna aukast til muna frekar en að standa í stað. Fólkið í landinu kæmist þá af með minni útlát til matarkaupa og hefði meira fé milli handa til annarra nota. Summa útgjaldanna myndi aukast, því að lækkun matarverðsins kæmi að utan og sprytti ekki af millifærslum hér heima með gamla laginu. Við þetta myndu bændur þurfa að hagræða framleiðslu sinni til að standast samkeppni eða finna sér önnur verk að vinna.

Hversu langan tíma ættu þessu umskipti að taka? Ekki mjög langan, úr því sem komið er. Bændur hafa haft nægan tíma til að átta sig á breyttum viðhorfum til búverndar. Hafi þeir ekki notað hann sem skyldi til að búa sig undir breytta hagi, þá má kannski ræða það.

Tvö andlit Gylfa

UMRÆÐA

Lækkun matvæla-
verðs

Það var merkilegt að fylgjast með viðbrögðum Gylfa Arnbjörnssonar, framkvæmdastjóra ASÍ, í fjölmiðlum við tilögum ríkisstjórnarinnar um að stórlækka matvæla- og virðisaukaskatt á matvæli, lækka tolla á innfluttar kjötvörur og fella niður vörugjöld. Hér eru á ferðinni aðgerðir sem maður hefði haldið að einn helsti forsvarsmáður launþegahreyfingarinnar á Íslandi myndi fagna, enda er fyrir séð að kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings mun hækka verulega þegar þær verða komnar til framkvæmda.

En það stóð á fagnaðarlátunum hjá framkvæmdastjóra ASÍ sem lýsti áhyggjum sínum af því að aðgerðirnar myndu auka á þenslu í efnahagslífinu, viðhalda hárru verðbólgu og vöxtum og líklega ekki skila sér til neytenda í formi lægra matvöruverðs. Má ráða af viðbrögðum Gylfa Arnbjörnssonar að hann telji það gagnast skjólstæðingum sínum innan ASÍ að skattar á matvæli yrðu hækkaðir?



SIGURÐUR KÁRI
KRISTJÁNSSON

Það eru ekki nema örfáir dagar síðan Samfylkingin kynnti tillögur sínar til lækkunar matvæla- og virðisaukaskatts á Íslandi. Þær tillögur ganga lengra en boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Einhverra hluta vegna sá framkvæmdastjóri ASÍ ekki ástæðu til að setja fram gagnrýni á tillögur Samfylkingarinnar með sama hætti og hann gerði gagnvart tillögum ríkisstjórnarinnar. Ætli ástæðan geti verið sú að Gylfi Arnbjörnsson er sem stendur frambjóðandi í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík?

Það er mikilvægt að forsvarsmenn launþegahreyfingarinnar á Íslandi séu trúverðugir í málflutningi sínum. Gylfi Arnbjörnsson verður að gera það upp við sig þegar hann kemur fram í fjölmiðlum hvort hann ætlar að gæta hagsmuna Samfylkingarinnar eða launþegahreyfingarinnar. Afstaða hans til tillagna ríkisstjórnarflokkanna um lækkun matarverðs ber þess merki að hann sé í verulegum vafa um hvorri kápunni hann eigi að klæðast.

Höfundur er alþingismaður og býður sig fram í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

HOLLT MATARÆÐI EKKI PÍNA HELDUR LÍFSSTÍLL
Íþróttafraeðingur fer í matvörubúð.

HEILSA 6



GÆTTU ÞESS AÐ FORKELAST EKKI
Sumarfötum pakkað niður og húfur og treflar taka við.

TÍSKA 8



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[TÍSKA HEIMILI HEILSA]

Hárið vill oft leggjast þétt að höfðinu í kjölfar hitabreytinga á haustin. Til að lyfta makkanum upp er tilvalið að halla sér fram og blása hárið þannig á hvolfi. Til að fá enn meiri fyllingu er svo gott að nota froðu, en þó verður að gæta þess að fara ekki offari með hana. Skammtur á stærð við mandarínu ætti að duga.



Grænt te hefur verið vinsæll drykkur hjá landanum undanfarið en því fylgja margir kostir. Grænt te gefur orku en hefur þó aldrei sveitta lófa í för með sér eins og oft vill verða þegar fólk hefur drukkíð mikið kaffi. Það er vatnslosandi og frískandi, má drekka bæði heitt og kalt og kemur ýmist í töflu-, duft-, eða hefðbundnu formi.

Spegillinn á baðinu á það til að verða ansi fljótt óhreinn. Til að halda honum finum er tilvalið að þurrka bara af honum eftir það eða sturtu. Móðan í herberginu sér til þess að óhreinin renna af og um leið ertu einkar umhverfisvænn.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn
12. október, 285. dagur
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.08	13.14
Akureyri	7.57	12.59

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Módel sýnir klæðnað eftir breska fatahönnuðinn John Galliano.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tískuvikan í París á enda

Mikið hefur verið um dýrðir á tískuvikunni í París.

Tískuvikum í París er nú lokið. Dagskráin hefur verið þétt enda París Mekka tískunnar og allir sem vettlingi geta valdið reyna að koma sér þar á framfæri. Fjöldi tískusýninga hafa verið sviðsettar þar og handagangur hefur verið í öskjunni er tiskuá hugafólk flykkist að til að sjá það besta sem í boði er.

Stóru nöfnin í tiskubransanum voru þarna saman komin. Sýningar á vor- og sumarlinum frá hönnuðum á borð við Louis Vuitton, Hermes, Chanel, Yves Saint Laurent og Lagerfeld blandast saman við sýningar þeirra minna þekktu sem eru að reyna að koma sér á kortið. Margt er reynt til að

vekja athygli. Allt frá óvenjulegum sýningarstöðum til áberandi klæðnaðar.

Hinn breski John Galliano er einn hinna frægu og vinsælu. Hann hélt sýningu á vor- og sumartísku fyrir komandi sumar í yfirgefnunum markaði. Þar bauð hann gestum að líta leikræna sýningu sína en Galliano er þekktur fyrir að aðhyllast hið dramatíska. „Þetta byrjaði allt á Fabergé-egginu, séð með augum Lichtensteins,“ hafði Galliano að segja um sýningu sína en hana einkenndu svifandi silkkjólur sem lögðust létt yfir líkama stífmálaðra fyrirseta sem margar hverjar skörtuðu íburðarmiklum höfuðfötum.

„Lúxusinn er á leið út,“ svaraði Galliano spurður um af hverju sýningin væri haldin á hráslagalegum markaði.

Ikea flutt úr Holtagörðum

IKEA OPNAR Í DAG VERSLUN SÍNA Á NÝJUM STAÐ, AÐ KAUPTÚNI 4 Í GARÐABÆ OG HEFUR ÞAR MEÐ SAGT SKILIÐ VIÐ HOLTAGARÐA.

Hið nýja húsnæði Ikea er 20.600 fermetrar að stærð sem skiptist á tvær hæðir. Það er rúmlega helmingi stærra pláss en verslunin hafði í Holtagörðum sem var 9.600 fermetrar. Á neðri hæðinni í Kaupþúni 4 er smávara hvers konar, búáhöld, mottur, vefnaðarvara og ljós en húsgögn á þeirri efri. Jólavörurnar setja svip á verslunina nú þegar hún er opnuð og þar er allt orðið skreytt í samræmi við það. Sjálfsafgreiðsla er á lagernum í nýju búðinni og verður því ekki bið þar eftir afgreiðslumönnum eins og stundum vildi við brenna í þeirri gömlu.



Aðstæður í matstofunni hafa líka breyst til batnaðar. Þar er meðal annars grænmetisborð og nú komast 250 manns í sæti í stað 100 áður. Áfram verður boðið upp á ódýrar pylsur og ís við útganginn og þar er líka komin verslun með kex og sælgæti frá Svíþjóð. Hún hefur hlotið hið einfalda heiti Sænska búðin. Ikea-verslunin verður opin til klukkan 22 öll kvöld fram á sunnudag en á morgnana verður opnað eins og venjulega klukkan 10 áðra daga en sunnudaga, þá er opnað klukkan 12 á hádeggi.

Tessa eikarhúsgögn á betra verði



Sjónvarpsskápur
48x108x75 Kr. 49.000,-



Sjónvarpsskápur
48x158x58 Kr. 59.000,-



Glerskápur
48x108x150 Kr. 79.000,-
48x108x200 Kr. 99.000,-



Glerskápur ofan á skook
154x110 Kr. 79.000,-

Skenkur
48x154x90 Kr. 79.000,-
48x200x90 Kr. 130.000,-



Leðurstóll bicast
Eikarfatur Kr. 15.900,-



Stærkanleg
um 48 cm. við
sinnhvorn endann

Borðstofuborð
210x100x75 Kr. 99.000,-
200x90x75 Kr. 69.000,-
160x90x75 Kr. 59.000,-

Tessa vörurnar eru dönsk hönnun úr gegnheilli oliuborinni eik og afhendast samsettar.



Sófaborð
140x70x45 Kr. 39.000,-
110x65x43 Kr. 35.000,-
100x100x52 Kr. 39.000,-



Lampaborð
70x70x45 Kr. 29.000,-
55x55x43 Kr. 23.000,-

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is



GLUGG-INN

Nýkomið! BASTVÖRUR og LUKTIR

Fákafeni 11 og Bæjarhrauni 12, Hf. Opíð alla daga



Bakherbergi Kirsuberjatrésins opnar nýjar víddir.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Þar sem fagrir munir finnast

Kirsuberjatréd á Vesturgötu 4 hefur selt íslenska hönnun í ríman áratug. Nýlega óx tréð inn í bakherbergi.

„Okkur vantaði rými undir stóra hluti og þá var gengið í að taka þetta gamla herbergi í gegn sem ýmist hefur gegnt hlutverki skrif-

stofu, kaffistofu, lagers eða vinnustofu. Við gættum þess þó að halda gamla útlitinu,“ segir Valdís Harrysdóttir brosandí um hið nýja rými verslunarinnar. Hún upplýsir líka að hugmyndin sé að geta boðið íslenskum og erlendum hönnuðum og myndlistarmönnum á öllum aldri að sýna þar í framtíðinni. Sjálf er hún einn 10 hönnuða sem

eiga og reka Kirsuberjatréd og er nýkomin af stórrí Íslandskynningu í Frakklandi sem stóð í tvær vikur. Þar kom íslensk hönnun fyrir augu fjölmargra gesta og lét listafólkið í Kirsuberjatrénu þar sinn hlut ekki eftir liggja. Hörður ljósmyndari fór ekki til Frakklands en fangaði muni bakherbergisins – ekki á filmu heldur rafrænt.

GREENSPEED
Magnaða moppuskaftið
Dagar gömlu skúringarfötunnar eru taldir

- Skúringafatan úr sögunni
- Alltaf tilbúið til notkunar
- Gólfín þorna á augabragði
- Fljótlegt og þægilegt

Sölustaðir:
Húsaunniþýn
Byko - Daggir Akureyri
Áfangar Keflavík - Fjarðarkaup
Lindabólin Ólafsvík - Þorakot og gílf - Réyni
SR byggingastödur Sigluförð - Rafnóji Sandhökuski
Skíparík Stykkishólmur - Nesbakkj Neskaupstað - Þreggt og bóid
Brúnnar Vestmannaeyjum - Takk kvíslati. Heildsöludroting: Raestisvinnur ehf.



Stórir keramikhlutir eftir Ólöfu Erlu Bjarnadóttur. Steinleir með postulíni utan á.



Postulínsbollar með íslenskum blómum eftir Ólöfu Erlu Bjarnadóttur.



Glös eftir Kristínu S. Garðarsdóttur.



Handþrykktir púðar eftir Unni Knudsen. Undir þeim er þæft reifi eftir Önnu Þóru Karladóttur og Guðrúnu Gunnarsdóttur sem framleiða undir merki Tótó.



Roðskál eftir Arndsi Jóhannsdóttur.

allt matur
Alla föstudaga

Nýtt í Föndru!
Garn-Fatasnið-Fataefni

Ný þrjónablöð frá DROPS
Vorur að taka inn ESKIMO ullargarn
Nýjrir litir í ALPACA

Föndur og þjálfavara
FÖNDRA

Dalvegi 18 - 201 Kóp. Sími 568 6500 www.fondra.is Opíð virka daga 10-18, Laugardaga 11-16



Jóladagatal sem tekur sinn tíma að sauma en er sannarlega glæsilegt.



Prýði er að slíkum póstpoka og ekkert mál að bæta tveimur stöfum við þannig að efst standi Póstur.

Hugað að hátíð ljóss og friðar

Tími jólaútsaums er upp runninn.

„Langt er til jóla, ekkert liggur á,“ sagði rjúpa litla í sögunni frægu en það á ekki við lengur. Að minnsta kosti ekki hjá þeim sem ætla að prýða heimili sín eða annarra með útsaum á næstu jólum. Hvort sem það eru borðdúkar, undirlag undir tréð, póstpokar, dagatöl eða jólasokkar, eða bara smáskraut á jólatréð sem á að útbúa, er vissara að fara að byrja. Í hannyrðabúðunum fæst efni í margt fallegt. Það sem hér er sýnt fæst í Erlu á Snorrabraut. María Sigurðardóttir kaupkona þar segir áhuga á hannyrðum, þar á meðal útsaum, greinilega að aukast.



Piparkökuhús úr filti sem er 21,6X24,1X13,9 að stærð.



Einfalt skraut, ca 15 cm í þvermál. Ramminn fylgir með í pakknum.



Jólasokkur frá Gold Collection er eitt af því sem vinsælt er að sauma fyrir jólin og auðvelt að breyta nöfnum sveinanna í eitthvað íslenskt.

Ryksugan hvíld

MEÐ FALLEGUM KÚSTI ER MIKLU SKEMMTILEGRA AÐ SÓPA.

Ryksugan er jú þarfapening þegar sullast lítilliga á gólfíð er heldur leiðinlegt að þurfa að drattast til að taka ryksuguna fram með öllu tilheyrandi. Allir ættu að eiga fallegan kúst og sæta fægiskúffu í skápnunum og draga fram þegar lítillsháttar mylsna lendir á gólfinu.

Reglan er víst sú að því sætari sem sópurinn er þeim mun skemmtilegra er að sópa.



Hver hefur ekki lent í því að henda mat vegna skemmda?

VACSY

Ný byltingarkennd tækni til að geyma matvörur!



Það sem hefur áhrif á geymslu matvæla eru t.d. bakteríur, sveppir, veirur, snykjudýr, mygla, súrefnismyndun og gerjun.

Með Vacsy lofðtæmi-búnaði og sérhönnuðum umbúðum til geymslu á matvörum er mögulegt að halda matvælum ferskum og heilsusamlegum margfalt lengur en áður hefur þekkt, til hagsbóta fyrir nútímafólk. www.zepter.is Hafðu samband í síma: 898 8690/557 8600


allt bílar

Alla laugardaga

PARKET & GÓLF

FINNSKIR DAGAR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF GÓLFEFNUM FRÁ FINNLANDI



SPENNANDI KAUPAUKAR

Ef þú verslar gólfefni frá Finnlandi á finnskum dögum í Parket & gólf hefur þú möguleika að vinna spennandi kaupauka. Aðalvinnurinn verður dreginn út í beinni útsendingu á Bylgjunni í lok október.

1. Dekurferð til Finnlands fyrir tvo
2. Vandaðir Nokia símar
3. Glæsileg Nokia stígvél




PARKET & GÓLF

PARKET & GÓLF
ÁRMÚLI 23
108 REYKJAVÍK
SÍMI: 568 1888
WWW.PARKETGOLF.IS
PARKET@PARKETGOLF.IS

ÁRATUGA ÞEKING, ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Höfum opnað stærri verslun



Útsala
í nýja hlutanum
Verulegur afsláttur

Evíta

Hárgreiðsla og gjafavörur

Starmýri 2, 108 Reykjavík • Sími 553 1900 • www.evita.is

EFTIRLÆTIS BORÐBÚNAÐUR



Auglýsingaröðin: Guðrunna Ónnu

Askalind 1, 201 Kópavogur Sími 568 9700 www.habitat.net

habitat

W White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL

- Toppblaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

flooré
GÓLFHITI



Skemmuvegur 10 (blá gata) · 200 Kópavogur
Sími 567 1330 · Fax 567 1345 · www.hringas.is

Hringás ehf.



Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM
ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

Alpafjóra – haust og vor

Þrátt fyrir nafnið eru alpafjólur ekkert skyldar fjólunum okkar, þrenningargrasinu og stjúpmeðrablómunum. Alpafjólur eru hnúðjurtir sem vaxa allt umhverfis Miðjarðarhafið. Útbreiðslusvæði þeirra nær frá Pýreneaskaganum og austur um, allt til Íran. Að sunnanverðu frá Litlu-Asíu vestur til Atlasfjalla og suður til Sómalíu. Það sem er merkilegt við þær, annað en fegurðin, er að þær falla í dvala og fella öll blöð um hásumarið, þegar sólarbreyskjan er sterkust. Þetta gera þær til að verjast uppgufun og ofþornun sem annars bæri þær ofurliði.

Í ættkvísl alpafjóra eru um tuttugu tegundir sem allar eru mjög keimlíkar og hafa hlotið ættkvíslarheitið Cyclamen. Það heiti er komið úr frumtungu okkar indóevrópumanna og þýðir ekkert annað en að vísa til þessara plantna. Og þrátt fyrir alpafjólunafnið eru þær sjaldan kallaðar annað en „sýklamen“ garðyrkjumanna á meðal. Nafnið mun vera af sama stofni og orðið sýklóp sem notað var um eineygðu risana hræðilegu. Líklega dregið af því að miðja alpafjólublómanna er dökk og inndregin eins og auga.

Tvískipt eðli

Sú alpafjóra sem ræktuð er mest hjá okkur er Cyclamen persicum. Hún er útbreidd í fjöllum frá Grikklandi til Íran og suður til Litlu-Asíu. Af henni eru til mörg afbrigði og meðal annars skiptast þau í tvo stofna, vorblómstrandi eða haustblómstrandi. Haust-alpafjólurnar þola mild næturfrost en þær vorblómstrandi hjaðna strax ef hiti fer niður undir frostmark.

Þessi tvískipting kemur sér vel fyrir ræktunarfólk og gefur möguleika á að hafa blómstrandi alpafjólur bæði á vorin og haustin. En alpafjólur hafa verið ræktaðar frá örófi alda og fram hafa komið ótal ræktunarfbrigði með mismunandi blómstærð og blómlitum. Blómlitirnir eru skærbleikir, bleikir eða hvítir. Einnig eru til nokkrar sortir með skær-rauðum blómum. Blöð alpafjólanna eru ávöl og oftast sett hvítum merkjum í skeifu ofan á blöðunum. Lútandi og glæsileg blómin koma eitt og eitt á stilkum sem hefja sig vel upp fyrir blöðin. Að blómgun lokinni svegjast blómstilkarnir að jörðu þar sem fráen þroskast og er síðan dreift af músunum. Alpa-



Alpafjóra

fjólur eru skógarbotnsjurtir og vaxa yfirleitt í stórum breiðum í heimkynnum sínum. Þær þurfa fremur svalt umhverfi þar sem eitthvað hlífir þeim gegn sterkustu sólargeislunum.

Pottaplantan

Alpafjólur eru nettar og fallegar pottaplöntur sem njóta sín best þar sem ekki er mjög heitt, 10-20°C er kjörhiti. Hafði plönturnar þar sem sól skín ekki sterkt á þær. Haust-alpafjólur geta staðið úti þar til fer að frjósa fyrir alvöru, þær þola dálítið næturfrost. Í gróðurkálum geta alpafjólur lifað og blómgastr á eftir ár en þær þurfa þurr tímabil á miðju sumri. Vorblómstrandi alpafjólum er umpottað í mars en þeim haustblómstrandi um miðjan júlí eða í byrjun ágúst.

Alpafjólur kunna best við sig í fremur víðum og grunnum pottum. Moldin þarf að vera dálítið sendin og loftrík. Haldið jöfnum raka á moldinni meðan plönturnar eru í virkum vexti. Reynið að halda loftrakanum uppi með því að láta pottana standa á bakka með rakri mól og það er þá líka um að gera að reyna að hafa fleiri plöntur saman til að þær myndi eins konar rakahjúp hver fyrir aðra. Gefið daufan skammt af áburði í vökvunarvatnið vikulega um vaxtartímann.

Ný sænsk-íslensk húsgagnalína

NÝ HÚSGAGNALÍNA ÍSLENSKRA HÖNNUÐA OG SÆNSKRA SNIKKARA ER Á SÝNINGU Í EPAL SEM VERÐUR OPNUÐ Í DAG KLUKKAN 17.

4. Soapdish (1991). Grín gert að kvikmynda-bransanum í mynd sem fjallar um raunverulegar ástir og átök aðstandenda vinsællar sápuóperu. Fisher í hlutverki siðblinds þáttaframléiðenda, nýtir hvert tækifæri til að koma höggi á bransann, sem átti svo sannarlega eftir að fá það óþvegið í Postcards From the Edge.

4. The Burbs (1989). Íbúar bandaríksk smábæjar gruna nýju nágrannana um græsku. Myndin sem fékk heldur slæma dóma en má engu að síður hafa gaman af, ekki síst vegna einvaliðs gamanleika með Hanks í fararbroddi, áður en hann sneri sér að alvarlegri hlutverkum.



VISSIR ÞÚ ...

... að Egyptar til forna litu á sjálfa sig sem rauðu þjóðina og máluðu líkama sinn með rauðum lit máli sínu til stuðnings?

... að hjá Rómverjum til forna var rauður litur tákn bardaga?

... að rauður litur er notaður á stöðvunarskyldu, bremsuljós og brunabíla af því að hann sést svo vel úr fjarlægð?

... að á rússnesku er orðið „rauður“ samstofna orðinu „fallegur“?

... að Bolsévikar notuðu rauðan fána sem tákn sitt þegar þeir gerðu byltinguna árið 1917, og þess vegna varð rautt litur kommúnismans?

... að á Indlandi er rautt litur hermanna?

... að í Suður-Afríku er rautt sorgarlitur?

... að það er gæfumerki að hnýta rauðan borða á nýjan bíl?

... að í Kína táknar rauður litur heppni og er notaður sem hátíðalitur og einnig við brúðkaup?

... að þeir sem eru hjátrúarfullir halda að skráttinn óttist rauða litinn?

... að á Grikklandi eru egg lituð rauð um páskana?

... að rauður er algengasti liturinn í þjóðfánunum?

... að það að sjá rautt þýðir að sleppa sér af reiði?

... að ef fyrirtæki er á rauðu svæði þá er það að tapa peningum?

... að þegar kínversk börn fá nafnið sitt kallast dagurinn „dagur hinna rauðu eggja“?

... að það að mála bæinn rauðan þýðir að skemmta sér vel og lengi?

... að rauðhætt fólk var talið tengjast djöflinum og var stundum brennt á báli fyrir það eitt að vera rauðhætt?

... að þrjár rauðar rósir þýða „ég elska þig“?

... að 27% kvenna sem vinna í lottóinu fela vinningsmiðann í brjósta-haldaranum?

... að 53% kvenna í Bandaríkjunum myndu segja upp kærastanum ef þær fengju ekki Valentínusargjöf?

... að 66% af fyrirtækjum í heima-húsum eru rekin af konum?

... að 75% af öllum rúsinum sem eru éttnar í Bandaríkjunum eru borðaðar í morgunmat?

... að konur kaupa 96% af seldum kertum í heiminum?

... að Bandaríkjamenn eru ábyrgir fyrir 20% af öllu rusli í heiminum?

... að 230 hjúskaparleyfi eru gefin út í Las Vegas á hverjum degi?

... að á hverri mínútu eru 0,7 prósent jarðarbúa drukkin?

... að karlmenn eru frekar litblindir en konur, 1 af hverjum 12 karlmönnum þjáist af litblindu?

... að Bandaríkjamenn flytja að meðaltali 11 sinnum á ævinni?

... að konur sem lesa ástarsögur eiga mun oftar kynmök við eiginmenn sína en þær sem ekki lesa ástarsögur?

... að ein af hverjum fimm fæðingum í Bandaríkjunum er keisaraskurður?

... að fólk eyðir að meðaltali fjórum árum af lífi sínu í bíl og sex mánuðum í að bíða eftir grænu ljósi?

EFTIRSÓTTASTA ÞAR LANDSINS



Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.

AEG LAVAMAT 76820

ÞVOTTAVÉL
með íslensku stjórnborði

- Taumagn: 7 kg • Vinduhræði 1600/1200/1000/600 s/mín.
- 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
- Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull

AEG LAVATHERM 57820

ÞURRKARI
barkalaus með íslensku stjórnborði

- Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig

TILBOÐ: Kr. 175.000 / ÞARIÐ (Áður: Kr. 213.900)

GÆÐINGAR Á GÓÐU VERÐI:



LAVAMAT 52820

AEG þvottavél
1200 snúninga, 6 kg.
fjöldi prógramma
íslenskt stjórnborð

TILBOÐ:
Kr. 140.000 / ÞARIÐ
(Áður: Kr. 168.601)



LAVATHERM 54810

AEG þurrkari
mjög hljóðlátur,
fjöldi prógramma
íslenskt stjórnborð

TILBOÐ:
Kr. 79.900
(Áður: Kr. 96.667)



50862-W

AEG uppvottavél
5 kerfi,
íslenskt stjórnborð

TILBOÐ:
Kr. 79.900
(Áður: Kr. 96.667)

www.ormsson.is

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800

SMÁRALIND · Sími 530 2900

AKUREYRI · Sími 461 5000

KEFLAVÍK · Sími 421 1535

... og hjá UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT


AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



SKIPTIR

ÞJÓNUSTA?



ÞIG MÁLI

VERÐMETUM

EIGNINA ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU

GERUM EIGNAMÖPPUR

MEÐ UPPLÝSINGUM UM HVERFIÐ OG SVÆÐIÐ



KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR
sölufulltrúi
sími: 848 8718
stina@remax.is



BENEDIKT SVERRISSON
sölufulltrúi
sími: 861 2743
benni@remax.is



PÓRARINN JÓNSSON hdl.
Löggiltur fasteigna-
og skipasali

LOFUM ÞÉR

GÓÐRI OG PERSÓNULEGRI ÞJÓNUSTU

MÆTUM

MEÐ KAUPENDUM Á STAÐINN

HÖFUM OPIÐ


HÚS OG GÓÐA EFTIRFYLGNI

SJÁUM EINNIG

UM KAUP OG SÖLU Á KVÓTA,
BÁTUM OG FYRIRTÆKJUM

ERT ÞÚ Í FASTEIGNAHUGGLEIÐINGUM EÐA VANTAR ÞIG SÖLUAÐILA FYRIR NÝBYGGINGAR EÐA LÓÐIR?

Sjónarhóll – Sandgerði



Höfum fengið til sölu eftirfarandi nýbyggingar

- 1. Í Njarðvík** einnar hæðar einbýlishús að Fífudal 6
Afhending í byrjun desember, fullbúið að utan/fokhelt að innan
Einnar hæðar einbýlishús með flötu þaki. Húsið samanstendur af þremur svefnherbergjum, stofu, sjónvarpsholi, tveimur baðherbergjum, eldhúsi og þvottahúsi. Geymsla er inn af bílskúrnum. Á lóð eru tvö bílastæði. Hægt að fá húsið afhent lengra komið. Stærð: 244,5 fm. Verð: 26,7 millj.
- 2. Í Sandgerði** einnar hæðar einbýlishús að Sjónarhóli 5
Stærð: 146 fm.
- 3. Í Garði** einnar hæðar einbýlishús að Vörðubraut 8
Fullbúið hús með innréttingum og gólfefnum
Afhent fullbúið að utan/fokhelt að innan
Einnar hæðar einbýlishús. Húsið samanstendur af þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi og þvottahúsi. Geymsla er inn af bílskúrnum. Stærð: 146 fm. Verð: 24,1 millj. Verð: 15,2 millj.
- 4. Í Sandgerði** parhús að Fagurhóli 14 - 16
Afhent fullbúið að utan/fokhelt að innan Stærð: 140 fm. Verð á húsi: 15,2 millj.

Nánari upplýsingar og skilalýsingar á netinu eða á skrifstofu.

Mamma – ég ætlaði ekki að gera þetta svona!

UMRÆÐAN

Velferð barna

Drengurinn er 8 ára og kallaður til skólástjóra. Hafði hent steini í höfuð tveggja skólasystkina, þurfti að sauma 4 spor hjá öðru en 2 spor hjá hinu. Hann hefur verið til vandræða í samskiptum í skólanum. Mamma hans er kölluð til. Hún segir hann hafa lært þessa hegðun meðan faðirinn bjó hjá þeim og lamdi hana. Hún sé búin að panta tíma hjá sálfræðingi fyrir drenginn. Drengurinn er 10 ára, hefur myndað klíku drengja sem berja á skólafélögum. Alltaf á teppinu hjá skólástjóra, hefur verið vísað úr skóla einhverja daga nokkrum sinnum.

Sem betur fer er til fólk sem er með hugsjón og vill úrbætur, gefa börnum nútímans annað tækifæri

Heima

Núna vitum við hvernig gengur hjá drengum í skólanum en lítum aðeins heim með honum. Mamma hafði gleymt að mæta með hann í sálfræðingstímana, ekki af því henni væri sama um hann, en hún var alltaf að fá vini til sín, enginn þeirra edrú. Oft gleymist að kaupa mat svo drengurinn fer svangur og nestislaus í skólann. Mamma bannar honum að segja frá, annars geti barnavernd tekið hann. Hún lofaði oft

að fara með honum í bíó, tjaldútleigu og eiga með honum góðar samverustundir en alltaf virtust einhverjir vinir koma í heimsókn svo þurfti að fresta samverustundum mæðginanna.

Í huga hans:

Hann lærði fljótt að koma sér út frekar en hanga heima. Fann sig ekki nema með krökkum sem hann vissi að hefðu svipuð vandamál heima fyrir. Gagnvart hinum skammaðist hann sín fyrir sjálfan sig og fann til minnimáttarkenndar. Sá þau vera að fara með mömmu og pabba í gönguferð eða keiluhöllina. Sá pabbann halda utan um öxlinu á syninum. Sjálfur hafði hann ekki hitt pabba sinn, sem var norskur, í 5 ár. Hann er með sárar tilfinningar inni sér.

Þróunin...

Þegar hann var 12 var honum boðið af vini í party til bróður hans og félagi sem voru 17. Þeir voru að reykja hass og drekka. Hann fékk sér smá. VÁ!!! Honum leið svo vel – sára tilfinningin í hjartanu týndist út í buskann og hann fór inni vímunu. Daginn eftir vaknaði hann með gamla sársaukann innra. Hann mundi hvernig honum leið kvöldið áður og langaði aftur. Þegar drengurinn er 18 er hann kominn með afbrotaveril – neyslan dýr – hann brýst inn til að fjármagna – hefur lent í hnifa-



ÁSA GRÉTA EINARSSDÓTTIR

stungumáli – einhver asni ætlaði að stela af honum 20 þús. sem lánast hafði að ná út fyrir stolinni fartölvu og svo kjaftaði viðkomandi frá til að bjarga eigin skinni!!

Er eitthvað til ráða?

Þetta er saga margra!! Sem betur fer er til fólk sem er með hugsjón og vill úrbætur,

gefa börnum nútímans annað tækifæri. Slíkt tækifæri er ekki fólgið í að refsa nógu hart heldur með því að gefa viðeigandi meðferð í afpláun svo þau nái að hefja nýtt og gott líf – sama líf og við öll viljum eiga og eigum rétt á að lifa. Ég hef sjálf mikla hugsjón fyrir velferð barna og unglinga í þessu landi. Er búin að finna þingmann með sömu hugsjónir og ætla að styðja hann heilshugar, vona að hann komist sem efst á lista í prófkjöri síns flokks og nái að fylgja þessum hugsjónum 100% eftir. Þetta er Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður Samfylkingarinnar. Ég hvet alla sem vilja styðja þetta mikilvæga mál efni til að mæta í prófkjörið 11. nóvember.

Viljum við sjá breytingar? Við verðum að leggja okkar af mörkum ef við viljum sjá nýjar áherslur!!

Höfundur vinnur hjá Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar og er í Ráðgjafarskóla Íslands.

Barnleysi getur verið sársaukafullt

UMRÆÐAN

Ófrjósemi á Íslandi

Heilbrigðiskerfi okkar Íslendinga er eitt af þeim „kerfum“ sem sérhver landsmaður nýtir sér einhvern tímann á ævinni með einum eða öðrum hætti. Þjónusta þess þarf því að vera á eins breiðum grunni og framast er unnt. Þjóðin er einnig afar lánsöm að eiga þess kost að þiggja þjónustuna úr höndum færustu sérfræðinga og vel þjálfads starfsfólks.

Þeir einstaklingar/pör sem eiga við ófrjósemi að stríða eru meðal þeirra sem þiggja þjónustu frá heilbrigðiskerfinu. Skilgreining á ófrjósemi er þegar þau hefur reynt að eignast barn í eitt ár án árangurs.

Talið er að 15-20% para á barneignaraldri glími við ófrjósemi einhvern tímann á lífsleiðinni.

Tilvera, samtök gegn ófrjósemi, voru stofnuð 1989. Hlutverk Tilveru er m.a. að standa við bakið á sjúklingum sem þarfnast tæknifrjóvgunar meðferðar. Aðeins þeir sem hafa verið og eru í þeirri stöðu að eiga við ófrjósemi að stríða og reynt hafa að eignast barn með aðstoð tæknifrjóvgunar vita hversu mikið álag og áhrif það hefur á tilfinninga- og líkamlega líðan. Ef meðferðin skilar ekki árangri eykst álagið oft en frekar. Fyrir rúmum tveimur árum var



KOLBRÚN BALDURSDÓTTIR

tæknifrjóvgunardeildinni á LSH lokað og gerður var samningur við ART Medica um að annast þessa þjónustu. Enda þótt aðilar hafi valafalaust viljað gera góðan samning koma oft veikleikar slíks samkomulags ekki í ljós fyrir en á reynir. Sem dæmi sýndi það sig að í fyrsta samningnum sem

gerður var milli ART Medica, LSH og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis var samið um færri glasa/smásjárfrjóvganir en eftirspurn var eftir. Sú hjálp sem mun helst nýtast þeim sem eiga við ófrjósemi að stríða hlýtur fyrst og fremst að lúta að þjónustunni sem þeim stendur til boða eða á að standa til boða. Tæknifrjóvganir eru dýrar og oft er fleiri en einnar meðferðar þörf. Þeir sem eiga rétt á niðurgreiðslu greiða fyrir glasfrjóvgun á bilinu 137.000 til 256.000 krónur eftir því hversu margar meðferðir þeir hafa farið í. Kostnaður miðast einnig við hvort parið á eitt eða fleiri börn saman. Heildarkostnaður án niðurgreiðslu er 307.000 krónur. Í lögum um tæknifrjóvgun, 1996 nr. 55, 29. maí, kemur fram í 2. málsgrein 2. greinar að „Heilbrigðisstofnun sem fær leyfi skv. 1. mgr. er skylt að bjóða þörum sem sækja um tæknifrjóvgunarmeðferð faglega ráðgjöf sérfræðinga, svo sem félagsráðgjafa eða sálfræðinga“. Þessu er ekki sinnt í dag sem skyldi.

Ófrjósemi virðist vera vaxandi vandamál. Ég er þeirrar skoðunar að hlúa þurfi betur að þessum einstaklingum. Málefni þeirra eru mér hugleikin og myndi ég gjarnan vilja fá tækifæri til að taka þátt í að finna leiðir sem gætu komið til góða. Hér myndu margir vilja spyrja hvar taka eigi fjármagn til að styðja við bakið á þessum hópi. Í ljósi þess fjárhagsvanda sem heilbrigðiskerfið hefur átt við að glíma má flestum vera ljóst að engin einföld svör blasa við. Áframhaldandi vinna í átt að enn frekari hagræðingar biður sem fyrr svo þessir sem og aðrir áþekkir munu geta notið góðs af.

Höfundur er varaþingmaður og gefur kost á sér í 6. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík.

Þekkingarleysi en ekki skilningsleysi

UMRÆÐAN

Athugasemdir við skrif Valgerðar Bjarnadóttur í Fréttablaðinu þriðjudaginn 10. október 2006

Ígrein sinni fullyrðir Valgerður Ítrekað að Samband ísl. samvinnufélag – SÍS – hafi orðið gjaldþrota og það hafi verið stærsta gjaldþrot sögunar.

Hið rétta er að Sambandið samdi um greiðslur og greiddi skuldir sínar og varð því aldrei gjaldþrota þó almennum rekstri hafi verið hætt eftir það uppgjör.

Því er það svo í dag að Sambandið er til og á nokkrar eignir, þ.m.t. eignaréttindi í Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingar g.t.

Valgerður verður því að finna

eitthvert annað félag til þess að eigna stærsta gjaldþrot sögunar.

Formaður bankaráðs Seðlabankans er almennur stjórnmáður í Ehs. Samvinnutryggingum g.t. en ekki stjórnmáður eins og Valgerður heldur fram. Hann er ekki í viðskiptum þar fyrir eigin reikning eins og raunin mun hafa verið þegar prófessor Ágúst Einarsson var í bankaráði Seðlabankans f.h. Samfylkingarinnar og stóð um leið í viðskiptum fyrir eigin reikning.

Vandamál Valgerðar við skrif hennar eru því ekki skilningsleysi eins og hún segir í grein sinni heldur þekkingarleysi.

f.h. Sambands ísl. samvinnufélaga, Guðsteinn Einarsson. Stjórnmáformaður.

Órökstuddar uppsagnir

UMRÆÐAN

Brottrekstur starfsmanna

Íslenskt launafólk á almennum vinnu- markaði er varnar- og réttindalaust ef atvinnurekandi segir því upp starfi með órökstuddum hætti.

Sumum er sagt upp án nokkurrar ástæðu (af

því bara), en hjá öðrum eru það pólitískar, félagslegar eða persónulegar ástæður atvinnurekandans sem ráða uppsögninni. Hver sem ástæðan er, þá er fólk berskjaldað fyrir slíkum uppsögnum. Það þarf ekki annað en að það falli ekki í kramið hjá atvinnurekandanum. Þegar svo atvinnurekandinn er spurður um uppsögnina svarar hann því gjarnan til að starfsmaðurinn falli ekki inn í hópinn eða að það sé best starfsmannsins vegna að halda ástæðunni leyndri. Þannig svara t.d. fulltrúar Alcan álversins í Straumsvík oftast nær þegar þeir eru spurðir um ástæðulausar uppsagnir á starfsfólki. Stundum vitna atvinnurekendur í lög og segja að í þeim sé ekkert sem banni þeim að segja starfsmanni upp án þess að geta um ástæðuna.

Góður starfsmaður

Þegar vinnufélagar viðkomandi starfsmanns eru spurðir eru svörin gjarnan þau að maðurinn, sem sagt var upp, sé að öllu leyti ágætis starfsmaður og góður vinnufélagi. Ef meira er spurt kemur oftast í ljós að fyrrgreindur starfsmaður hafi verið hreinskiptinn og ófeiminn að segja meiningu sína, jafnt við yfirmenn sem aðra starfsmenn. Hann hafi t.d. hikkaust bent verkstjórum og vinnufélögum sínum á að á vinnustaðnum væri ekki farið eftir ýmsum ákvæðum í kjarasamningi eða að öryggi á vinnustaðnum sé ábótavant. Þess vegna hafi honum verið sagt upp starfi, en eins og flest launafólk veit þá er slík framkomma illa þokkuð hjá fjölda fyrirtækja.

Geðþóttaákvæðanir

Gegn órökstuddum uppsögnum og geðþóttaákvæðunum einstakra atvinnurekenda verður við að sporna. Atvinnuöryggi almenns launafólks verður að tryggja eins vel og hægt er. Það gera nágrannahjóðir okkar fyrir sitt launafólk og það ber okkur einnig að gera. Þau vestrænu lönd sem ekki eru með slík ákvæði í lögum sínum hafa flest fullgilt samþykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnuálagstofnuninni, en í henni eru ákvæði sem tryggja fólki réttláta málsmeðferð ef til uppsagna úr starfi kemur. Í fyrrgreindri samþykkt segir m.a.:

„Atvinnurekandi skal ávallt, með eins góðum fyrirvara og



SIGURÐUR T. SIGURÐSSON

hægt er, upplýsa viðkomandi stéttarfélag og trúnaðarmann um ástæðu uppsagnar starfsmanns.

Ef atvinnurekandi, einhverra hluta vegna, bregst þeirri skyldu sinni að upplýsa félagið og viðkomandi trúnaðarmann tímanlega um uppsögn starfsmanns þá telst uppsögnin ógild. Standi því bara), en hjá öðrum eru það pólitískar, félagslegar eða persónulegar ástæður atvinnurekandans sem ráða uppsögninni. Hver sem ástæðan er, þá er fólk berskjaldað fyrir slíkum uppsögnum. Það þarf ekki annað en að það falli ekki í kramið hjá atvinnurekandanum. Þegar svo atvinnurekandinn er spurður um uppsögnina svarar hann því gjarnan til að starfsmaðurinn falli ekki inn í hópinn eða að það sé best starfsmannsins vegna að halda ástæðunni leyndri. Þannig svara t.d. fulltrúar Alcan álversins í Straumsvík oftast nær þegar þeir eru spurðir um ástæðulausar uppsagnir á starfsfólki. Stundum vitna atvinnurekendur í lög og segja að í þeim sé ekkert sem banni þeim að segja starfsmanni upp án þess að geta um ástæðuna.

Atvinnurekandi skal ekki segja starfsmanni upp starfi vegna hegðunar hans eða afkasta án þess að honum sé fyrst gefinn kostur á að verja sig gegn þeim aðfinnslum sem fram eru bornar.“

Ársfundur ASÍ

Verkalýðsfélagið Hlíf hefur á annan áratug barist fyrir því að Alþingi fullgilti ILO-samþykkt nr. 158. Arangur þeirrar baráttu er smám saman að koma í ljós, en til þess að ná fullum sigri þarf ASÍ forustan að sýna málinu meiri áhuga og taka meiri þátt í baráttunni. Hún verður að gera stjórnvöldum það ljóst að krafan um samþykkt ILO nr. 158 er forgangskrafa, engu minni en kröfur um aukinn kaupmátt almennra launa og réttlátari tekjuskiptingu í landinu.

Þess ber að geta að á ársfundi Alþýðusambands Íslands, sem haldinn er 26. og 27. október 2006, flytja fulltrúar Verkalýðsfélagsins Hlifar eftirfarandi ályktun:

„Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2006 skorar á Alþingi að fullgilda á yfirstandandi þingi samþykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnuálagstofnuninni og tryggja með því íslensku launafólki sömu lágmarksréttindi við uppsagnir úr starfi eins og gilda meðal flestra annarra vestrænna þjóða. Fundurinn minnir á að ályktanir um sama efni hafa verið samþykktar á ársfundum Alþýðusambandsins á undanförnum árum.

Fáist stjórnvöld ekki til að fullgilda fyrrgreinda samþykkt verði krafa um sambærileg ákvæði og í henni eru sett í kröfugerð verkalýðsfélaganna þegar núgildandi heildarkjarasamningar renna út.“

Höfundur er fyrrv. formaður VLF. Hlífur.

Auglýst eftir framboðum til prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi

Ákveðið hefur verið að prófkjör um val frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi fyrir A þingiskosningarnar næsta vor fari fram 11. nóvember 2006.

Val frambjóðenda fer fram með tvennum hætti.

- Gerð er tillaga til kjörnefndar innan ákveðins framboðsfrests sem kjörnefnd setur. Tillagan er því aðeins gild að hún sé bundin við einn flokksmann. Enginn flokksmaður getur staðið að fleiri tillögum en hann má fæst kjósa í prófkjörinu. Tillagan skal borin fram af 20 flokksmönnum búsettum í kjördæminu.
- Kjörnefnd er heimilt að tilnefna prófkjörsframbjóðendur til viðbótar frambjóðendum skv. a-lið.

Hér með er auglýst eftir tillögum að framboðum til prófkjörs, sbr. a-lið hér að ofan. Skal framboð vera bundið við flokksbundinn einstakling enda liggja fyrir skriflegt samþykki hans um að hann gefi kost á sér til prófkjörs. Frambjóðendur skulu vera kjörgengir í næstu Alþingiskosningum. 20 flokksbundnir sjálfstæðismenn, búsettir í kjördæminu, skulu standa að hverju framboði og enginn flokksmaður getur staðið að fleiri framboðum en 6.

Tillögum að framboðum ber að skila, ásamt mynd af viðkomandi og stuttu æviágrip, helst á tölvutæku formi, á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins, Valhöll, Háaleitisbraut 1, eigi síðar en kl. 17.00 18. október 2006.

Eyðublöð fyrir framboð og æviágrip er hægt að fá á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins og á heimsíðu flokksins www.xd.is





Til hamingju með nýja og
glæsilega verslun

Þökkum samstarfið

ÍSTAK

ÍSTAK hf. · Engjateigi 7 · 105 Reykjavík

Sími 530 2700 · Bréfsími 530 2724 · istak@istak.is · www.istak.is

KJARNI MÁLSINS

Árið 1997 voru

1770 Íslendingar við nám erlendis.

Árið 2001 voru

1811 Íslendingar við nám erlendis.

Árið 2005 voru

2237 Íslendingar við nám erlendis.



menntun

nám, fróðleikur og vísindi



KENNARINN: KRISTÍN GÍSLADÓTTIR GRUNNSKÓLAKENNARI

Engin neikvæð orð í kennslustundum

„Börn sem hafa fengið greiningu fá mjög mikla athygli. Allt of oft beinist hún þó að því sem er neikvætt í hegðun þeirra,” segir Kristín Gísladóttir, grunnskólakennari við Ölduselsskóla. Kristín hefur þróað umbunarkerfi í kennslu sinni sem hefur reynst vel á börn, ekki síst þau sem eru með geðraskanir. Notkun umbunarkerfa færir sifjell í vöxt í grunnskólum landsins. Kerfið sem hún notar segir hún byggja á atferlisfræði og jákvæðri hegðunarstjórnun. „Ég starfaði á Hjallastefnuleikskóla þegar ég var í námi við Kennaraháskólann og mikið af þeim aðferðum sem ég nota lærði ég þar. Þar kviknaði líka áhugi minn á málefnum barna með hegðunarraskanir. Börn leita sifjell eftir athygli. Yfirleitt er því miður auðveldara fyrir þau að fá hana fyrir það neikvæða sem þau gera og þá

styrkir maður þá hegðun. Með því að nota hrós og jákvæðni getur maður aukið jákvæða hegðun. Það er ofsalega gaman að sjá hversu vel þetta virkar en það tekur samt töluverðan tíma fyrir kennara að venja sig á þetta auk þess sem það krefst mikillar athygli,” segir Kristín og bendir á að aldrei megi nota neikvæð orð. Ef barn fleygi skriffæri sínu á gólfíð megi ekki segja „ekki henda pennanum þínum“ heldur koma með lausnir svo sem „væri ekki sniðugara að hafa bara pennann á borðinu.“

Hún segir gott ráð til að fá vinnufríð innan bekkjarins að fara milli barna og hrósa aðeins þeim sem hegða sér vel en ekki skamma þau sem illa láta. Dæmin sanni að von bráðar séu þau sem ekki hegðuðu sér vel búin að bæta sig til að fá líka athygli. Þá sé mikilvægt að grípa þau strax og hrósa. „Ég er sjálf með sex ára börn og á meðan þau eru svo ung er gott fyrir þau að fá eitthvað í hendurnar fyrir það sem þau gera, hvort sem það er fyrir að sitja fallega í stólnum sínum eða annað. Lítil atriði sem það gera góða hluti. Hrósi fylgir jákvæður orðaforði sem þau svo nota í sínum samskiptum og með því verður andrúmsloftið jákvæðara,” segir hún að lokum.

Skólinn:

Ferðamenn á sumrin, nemendur á veturna



Menntaskólinn að Laugarvatni var stofnaður sem sjálfstæður skóli 12. apríl 1953. Það var sjálfur Jónas Jónsson frá Hríflu studdi stofnun menntaskólans af alefli og við stofnun hans færði hann skólanum að gjöf Hvítbláin, það er bláhvíta fánann sem oft er sagður fyrsti fáni Íslendinga. Skólinn er framhaldsskóli og heimavistaraskóli sem starfar eftir bekkjakerfi. Nánast allir nemendur

skólans dvelja á heimavist og kaupa fæði í mótuneyti skólans. Náminu er skipað á fjögur námsár, þannig að á hverju ári ljúka nemendur því sem næst 33 námseiningum. Við skólann eru starfræktar þrjár bóknámsbrautir til stúdentsprófs; félagsfræðibraut, málabraut og náttúrufræðibraut. Skólinn hefur ávallt þótt vel í sveit settur. Laugarvatn er vinsæll ferðamannastaður yfir sumarmánuðina og fríðsæl umgjörð skólustarfs á veturna. Samstarf er við Íþróttafraeðasetur Kennaraháskóla Íslands sem einnig er á Laugarvatni og því íþróttastaðan eins og best verður á kosið. Saga Menntaskólans að Laugarvatni kom út hjá Sögusteinum árið 2001.

Foreldrar samkynhneigðra:

Gott að fræðast saman

„Fólk sem kemur út úr skápnunum á oft nóg með að átta sig á sínum tilfinningum fyrst á eftir. Það er því óþarfi að leggja á það að þurfa að fræða aðstandendur sína um þessi mál líka,” segir Sverrir Páll Erlendsson, forsvarsmáður samtaka foreldra og aðstandenda samkynhneigðra á Norðurlandi. Fyrsti fundur samtakanna verður haldinn á Sigurhæðum á Akureyri í kvöld klukkan átta. Á honum verður fjallað um stöðu fræðslumála um samkynhneigð í skólum á Akureyri og drög lögð að vetrarstarfi.



Ferðapjónusta á landsbyggðinni:

Námið sérsniðið að landsbyggðarfólki

Ferðamálskólinn í Kópavogi hefur kennslu í ferðafræðum í lok október. Markmiðið er að koma til móts við þá sem reka eða starfa við ferðapjónustu úti á landi og er námið sérsniðið að þörfum þeirra. Forsvarsmenn skólans segja þá sem sinna ferðapjónustu á landsbyggðinni hafa ólíkan bakgrunn hvað varðar þekkingu, færni og getu. Oft sé erfitt fyrir þá að sækja sér menntun vegna takmarkaðs fjármagns, tíma og vegalengda. Þetta vilji Ferðamálskólinn bæta. Námið er fjarnám og tekur tvær annir.

Lesblind börn:

Fá upplestur næsta haust

Lesblind börn fá næsta haust lesskilningshluta samræmdra prófa í íslensku í 4. og 7. bekk lesinn upp. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðgjafi segir Námsmatsstofnun eiga að koma því á framfæri við alla grunnskóla að telji foreldrar og kennarar að lesblind börn tapi á því að taka lesskilningshluta íslenskuprófsins eins og hann er nú, er þeim heimilt að sleppa þeim hluta.

Einnig hefur verið skipuð nefnd til að fjalla um málefni lesblindra nemenda í grunn- og framhaldsskólum. Búist er við að hún skili tillögum um hvernig haga skuli próftöku lesblindra nemenda á samræmdum prófum og um heimildir til undanþágu og frávik. Í ráðuneytinu hefur á undanförmum mánuðum farið fram undirbúningsvinna við stefnumörkun í málefnum lesblindra nemenda.



Vélstjórafélag Íslands:

Veitir milljónum til rannsókna



Vélstjórafélag Íslands ætlar að veita tíu milljónum árlega til rannsókna, námsefnisgerðar, brautryðjenda- og þróunarstarfa á vélfræðisviði. Á laugardaginn stofnuðu félagsmenn Styrktar- og menningarsjóð vélstjóra og vélfræðinga. Stofnfé sjóðsins eru 185 milljónir króna sem fengust við sölu stofnbréfa í Sparisjóði vélstjóra. Gert er ráð fyrir því að raunávöxtun verði árlega um 10 milljónir króna til úthlutunar

sem verða notaðar til rannsókna á vinnuumhverfi og aðbúnaði vélstjóra og vélfræðinga og til styrktar brautryðjenda- og þróunarstarfi, menningu og listum. Stefnir er að fyrstu úthlutunum úr sjóðnum næsta vor. Umsóknareyðublöð munu liggja frammi hjá sjóðstjórn og er stefnt að fyrstu úthlutun vorri 2007.



HÆTTA Á SMITSJÚKDOMUM Í ELDISLAXI Þegar margir fiskar eru á tiltölulega litlu svæði aukast líkur á að smitsjúkdómur í eldisfiski breiði úr sér. Því er mikilvægt að þróa bóludefni og óskastaðan væri að koma því í fódur.

Unnið að prófunum á bóludefni fyrir laxa

Hópur vísindamanna á Keldum sem rannsakar fiskisjúkdóma og ónæmisfræði hefur fengið rannsóknir sínar birtar í erlendum fag-tímaritum. Greinarnar hafa einnig verið í efsta sæti þegar litið er á fjölda tilvísana á grein.

Hópur vísindamanna á Tilraunastöðinni á Keldum hefur birt ell-efu greinar um fiskisjúkdóma á þremur árum í fimm helstu fag-tímarit á sviði fiskisjúkdóma og fiskónæmisfræði. Þessar greinar eru í fimmta sæti í heildarfjölda tilvísana og í efsta sæti ef litið er á fjölda tilvísana á grein. Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir er ein úr hópnum og segir þetta gæðamat á þeirri vinnu sem hópurinn hefur innt af hendi. Í rannsóknum sínum hefur hópurinn fjallað um fiskisjúkdóma og forvarnir gegn þeim.

Bjarnheiður segir að í rannsóknunum sé leitast við að að lýsa sjúkdómum í fiskum og ónæmisfræði fiska. Í framhaldinu hafa

verið gerðar tilraunir við bólu-setningar. „Eitt af því sem við höfum rannsakað er bakteríur sem valda sjúkdómum í fiskum. Við höfum einnig skoðað samband á milli sníkils og hýsils. Þá hefur verið unnið að prófunum á laxa-bóludefni og tilraunabóludefnum í mismunandi fisktegundum.“

Bjarnheiður segir doktorsnema á Keldum nú vera að skoða sýkingarmátt bakteríu sem veldur vetrarsárum á fiskum. „Þá er meistaraneimi að skoða ónæmis-kerfi þorsks. Þær rannsóknir sem verið er að gera miða að því að efla grunnþekkingu og markmiðin eru hagnýt.“

Bjarnheiður segir mikilvægt að efla forvarnir í fiskeldi en þar skiptir máli að forvarnir séu umhverfisvænar og myndi ekki ónæmi. „Í afmörkuðu eldis-umhverfi er komin upp önnur staða fyrir smitsjúkdóma þar sem margir fiskar eru á tiltölulega litlu svæði. Til að efla forvarnir er einnig mikilvægt að

skilja sjúkdóma og sjúkdómsvalda og skilja eðli ónæmissvarsins hjá fiskum. Óskastaðan væri ef hægt væri að setja bóludefni í fódur en það er ekki hægt eins og er.“

Bjarnheiður segir að smitsjúkdómur í fiskum geti verið af völdum veira, baktería eða sníkjudýra, en veirusjúkdómur hafa ekki verið vandamál í fiskum hér við land.



BJARNHEIÐUR K. GUÐMUNDSDÓTTIR Smitsjúkdómur í fiskum geta verið af völdum veira, baktería eða sníkjudýra en veirusjúkdómur hafa ekki verið vandamál í fiskum hér við land.


FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

Þeir vísindamenn sem eru í forsvari fyrir rannsóknirnar ásamt Bjarnheiði eru Árni Kristmundsson, Bergljót Magnadóttir og Sigurður Guðmundsdóttir. Deildarstjóri fiskisjúkdómadeildar er Sigurður Helgason.

hugrun@frettabladid.is

STÆRSTA ÁHORFSKÖNNUN SIRKUS FRÁ UPPHAFI

Um 60 þús. manns á **aldinum 12 - 39 ára** horfa á Sirkus í hverri viku
Skv. nýrri dagbókarkönnun Capacent Gallup



VATIKANID

Ástæðan er einföld - dagskráin okkar hefur aldrei verið sterkari



Tekinn



So You Think You Can Dance



My Name is Earl



Rescue Me



Vanished



SIRKUS TV

A. CROWLEY (1875-1947)
FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI

Skortur á umburðarlyndi er
vísending um getuleysi.

Crowley var þekktastur fyrir rit sín um
dulspeki en var líka mikill fjallagarður
og setti ýmis hæðarmet í fjallgöngu án
súrefniskúts.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 12. OKTÓBER 1810

Októberfest hefur göngu sína

Á þessum degi árið 1810 kvæntist bæverski krónprinsinn Loðvík, sem síðar varð Loðvík fyrsti af Bæjarlandi, Theresu prinsessu af Sachsen-Hildburghausen. Hin konunglega fjölskylda bauð íbúum í München að taka þátt í hátíðahöldunum sem fóru fram á flötunum fyrir framan borgarhlíðið. Þessi svæði eru nú nefnd Theresienwiese, eða tún Theresiú, til heiðurs prinsessunni. Meðal þess sem boðið var upp á voru kappreiðar



en þær voru vinsælar á uppákomum um allt Bæjarland. Eftir þetta var tekin ákvörðun um að endurtaka leikinn að ári til að minnast brúðkaupsins. Þar með var komin á hefð fyrir hið árlega Októberfest, sem nú hefst síðla í september og stendur til fyrsta sunnudags í október. Áfengi er teygjað í miklu magni á þessum hátíðum og um fjórar milljónir lítra af bjór eru innbýrtar á hinna árlegu bjórhátíð.

MERKISATBURÐIR

- 1499 Perkin Warbeck, sem réðst inn í England 1497 og hélt því fram að hann væri týndur sonur Játvarðs fjórða konungs, er hengdur fyrir að flýja úr fangelsi.
- 1838 Kirkjugarðurinn við Suðurgötu, Hólavallagarður, er vígður og fyrsta greftrunin fer fram.
- 1974 Páll Ísólffson, dómorganisti og tónskáld, andast.
- 1990 Íslenska alfræðiorðabókin kemur út.
- 1991 Freddy Mercury, söngvari hljómsveitarinnar Queen, tilkynnir að hann sé með alnæmi.
- 1995 Björk Guðmundsdóttir er valin söngkona ársins af áhorfendum sjónvarpsstöðvarinnar MTV.



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,
Anna Jakobína Guðjónsdóttir
fyrirum húsmóðir á Dröngum á Ströndum,

sem lést á Dvalarheimilinu Höfða 4. október sl., verður jarðsöngin frá Akraneskirku föstudaginn 13. október klukkan 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda:

Porbjörg Samúelsdóttir
Ágústa G. Samúelsdóttir
Sígurvína G. Samúelsdóttir
Bjarnveig Samúelsdóttir
Selma J. Samúelsdóttir
Jón Kristinsson
Sveinn Kristinsson
Sólveig S. Kristinsdóttir
Arngrímur Kristinsson
Eliás S. Kristinsson
Guðmundur Óli Kristinsson
Guðjón S. Kristinsson
Benjamín Kristinsson
Óskar Kristinsson

Stígur Herlufsen

Erlingur Guðmundsson
Magnús Jakobsson
Ágúst Gíslason
Úrsúla E. Sonnevold
Borghildur Jósúadóttir
Þórir Þórhallsson
Margrét Hannesdóttir
Ingibj. Guðrún Viggósdóttir
Jóhanna Jóhannsdóttir
Jóna Sveinsdóttir
Lára Jónsdóttir
Fríða Ingimarsdóttir

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimili Höfða eða líknarstofnanir.

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR: ER FERTUG Í DAG

Aldur er hin besta gjöf

Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti borgarstjórnar, er fertug í dag. Hún segist þó ekki velta áfanganum mikið fyrir sér. „Ég geng bara í gegnum lífið og velti því ekkert fyrir mér hvort ég sé þrítug eða fertug.“ Aðspurð hvort henni finnst sjálfri að hún standi á tímamótum segir hún aldur koma því lítið við. „Mér finnst ég ekki þurfa að hugsa til baka eða rýna í framtíðina. Naflaskoðun er hvort sem er eilífðarviðfangsefni. En ef ég gef mér að þetta séu tímamót felast þau helst í hvað ég er ánægð með allt og þakklát fyrir að vera þar sem ég er.“ segir hún og kveðst aldrei hafa verið ánægðari en núna. „Hlutirnir verða bara skemmtilegri og verðmætari því eldri sem ég verð. Ég lít á það sem hina bestu gjöf að fá að eldast – annars væri ég nú ekki hér,“ segir hún.

Nýjar starfsskyldur Hönnu Birnu eiga að sögn hennar hug hennar og tíma þessa dagana. „Það er mjög skemmtilegt og mér finnst ég vera að vinna að merkilegum viðfangsefnum.“ Hanna Birna verður við vinnu í dag en eyðir



AFMÆLISBARNIÐ HANNA BIRNA Segist ekki velta aldri mikið fyrir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

kvöldinu með manni sínum og dætrum. „Svo ætla ég að halda boð á laugardaginn fyrir nána vini og samstarfsmenn.“ Hún kveðst þó ekki vera mikið afmælisbarn. „Mér finnst gaman að halda upp

á afmæli annarra, en ekki mitt eigið. Ég hef heldur aldrei verið mikið fyrir stórar afmælisveislur. Ég geymi það þangað til ég verð eitthvað eldri.“

sunna@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Ragnar Valdimar Jóhannesson
Klapparhlíð 28, (áður Brattholti 3)
Mosfellsbæ,

Lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 8. október. Útför hans fer fram frá Lágafellskirku föstudaginn 13. október kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Styrktarfélag vangefinna.

Hafðís Hanna Moldoff
Jóhanna Ragnarsdóttir
Lárus Ragnarsson
María Ragnarsdóttir
Guðbjörg Rósa Ragnarsdóttir
Sigurður Páll Ragnarsson
barnabörn og barnabarnabarn.

Ólafur Steinbergsson
Björg Ragnarsdóttir
Óskar Árni Hilmarsson
Gunnar George Gray
Anna Einarisdóttir



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Stefanía Runólfsdóttir

Laugavegi 100, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni föstudaginn 13. október kl. 13.00.

Guðrún Guðmundsdóttir
Úlfar Guðmundsson
Ásta Arnardóttir, Harpa Arnardóttir, Stefanía Arnardóttir, Guðmundur F. Úlfarsson, Anna K. Úlfarsdóttir, Guðrún Úlfarsdóttir, Herdís Sigurgrímsdóttir, Hildur Sigurgrímsdóttir og fjölskyldur.

Örn Sigurðsson
Herborg Pálsdóttir



Móðir okkar og tengdamóðir,

**Anna Margrét
Sigurðardóttir**

Hringbraut 50 (áður Bólstaðarhlíð 45),

verður jarðsöngin frá Fossvogskapelli föstudaginn 13. október 2006, kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á SOS-barnaþorpin, sími 564-2910.

Guðrún Hanna Kristjánsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Sigurður Örn Kristjánsson

Magnús Guðjónsson
Jón S. Friðjónsson
Ingibjörg M. Karlsdóttir

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósar, blómavasar, englar, stytur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

LEGSTEINAR



Kynningarafsláttur á völdum tegundum

- Fjóbreytt úrval
- Stuttur olgreiðslufrestur
- Úrval ljósara, vasa og skrautflugla

Várhöfða 1 • 110 Reykjavík • Sími 566 7878 • Fax 566 8787
rein@rein.is • www.rein.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á
auglysingar@frettabladid.is eða hringja
í síma 550 5000.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Bjarni Jónatansson
vélvirki,

lést mánudaginn 9. okt. á deild A6, LSH Fossvogi. Jarðarför fer fram í Frikirkjunni þriðjudaginn 17. október kl. 15.00.

Sævar Bjarnason

Katrín Bjarnadóttir

Soffía Jóna Bjarnadóttir

Agnes Helga Bjarnadóttir

börn, barnabörn og barnabarnabörn.

Guðmundur Guðmundsson

Guðlaugur Ómar Leifsson

Róbert Lee Tómasson

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI

Steinsmiðjan **MOSAÍK**


Harneshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



SÓLSTEINAR

- ★ Gæði
- ★ Þjónusta
- ★ Gott verð
- ★ Úrval
- ★ Fagmennska

Kársnesbraut 98 | Kópavogur | S: 564 4566
www.solsteinar.is | sol@solsteinar.is



Halló heimur!

**Skype - sett
800 kr.**



Skype-settið með heyrnartólum og hljóðnema er svo frábært að við settum einn af innkaupastjórunum okkar beint í að útvega sem allra flest sett til að fylla hillurnar og kæta viðskiptavinum okkar. Skype er forritið sem þú notar til að hringja ókeypis í gegnum netið í aðra Skype-notendur úti um víða veröld. Það er ekkert mál að setja Skype upp á tölvunni og enn auðveldara að nota það. Þú getur líka hringt í farsíma og heimilissíma gegn vægu gjaldi. Og svo fylgir geisla-diskur með í kaupunum til að kenna þér á þessa snilld. Það er nóg til af Skype-settum í Tiger og þau kosta bara 800 krónur stykkið.

TIGER

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorgi Akureyri



EIN VINSÆLASTA MYND Á ÍSLANDI ER KOMINN Á DVD!

THE DA VINCI CODE

FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNAHAFANUM RON HOWARD

SENDU SMS BTC DVV Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ.

AÐALVINNINGUR ER DA VINCI CODE Á DVD OG DVD SPILARI!

Aukavinningar eru Da Vinci Code á DVD, Da Vinci leikurinn, DVD myndir, fullt af öðrum tölvuleikjum og margt fleira!

KOMINN Í BT!

8 HVER VINNUR!

HORFÐU MYNDINA OG SPILAÐU LEIKINN!

SMS LEIKUR

BT

Vinnningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

STUÐ MILLI STRÍÐA: í ökkla eða eyra

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR TEKST Á VIÐ BÚLÍMIU BUDDUNNAR



Nauðsynleg sparssemi mín síðustu mánuði og ár er komin til af sárri nauðsyn. Eftir að ég sagði af mér sem fátækur námsmaður í vor, samhliða útskrift, tók ég til við að vera bara almennt fátæk í afslappelsi sumarsins. Með nýju starfi stefnir nú óðum í úrbætur á því sviði.

Sparsemin hefur samt reynst mér góður kennari. Ég hef lært að lifa spart, sem samkvæmt einhverjum spámönnum á eftir að nýtast mér vel þegar olían klárast, allir missa vinnuna og

þurfa að flytja í moldarkofa á ný. Eins næ ég sambandi við ömmu mína á nýjum grundvelli: við förum bráðum að geta skipst á reynslusögum um að stoppa í sokka(buxur) og drýgja sjampóid með vatni.

Gallarnir eru samt þó nokkrir. Þar fer fremst í flokki sama staðreynd og áður – sparsemin er komin til af nauðsyn. Þó að buddan sé grönn og spengileg núna og líði ágætlega með það, veit ég að hún á eftir að fá snert af búlímíu þegar hún tekur að bústna á ný, losa sig við innihaldið um leið og það er komið í rétt hólfi. Hugrænir listar yfir þá bráðnauðsynlegu hluti sem ég verð að eignast um leið og tækifæri gefst sækja

nefnilega hart að mér þessa dagana. Ég sé fram á að lifa næsta mánuð ekki af án ökklastígvéla, fjalls af nýjum eyrnalokkum, allra bola og buxna sem fyrirfinnast í Smáralindinni og hrúgu af nýjum kremum sem ég veit ekki einu sinni til hvers eru. Þetta er, eins og svo margt annað, annaðhvort í ökkla eða eyra; ég er sparsöm eða eyðslukló. Það veit hver maður að búlímía er ófremdarástand og skelfilegur sjúkdómur – hún er það líka þegar hún leggst á buddur. Guði sé lof að allar vinkonur mínar kannast við sjúkdóminn og geta veitt andlegan stuðning. Eða félagsskap í óteljandi verslunarferðum, ef ég lýt í lægra haldi.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Met hjá Scorsese

Nýjasta mynd leikstjórans Martins Scorsese, The Departed, halaði um síðustu helgi inn 27 milljónir dollara, sem er besta frumsýningarhelgi nokkurrar myndar kappansí Bandaríkjunum. Fór hún beint í efsta sæti yfir tekjuhæstu myndir helgarinnar og sló m.a. út framhaldsmyndina The Texas Chainsaw Massacre.



MARTIN SCORSESE Leikstjórinn virti gerir það gott með nýjustu mynd sína The Departed.

af síðustu mynd Scorsese, The Aviator. Leonardo DiCaprio, sem einmitt lék aðalhlutverkið í The Aviator, Matt Damon og Jack Nicholson fara með helstu hlutverk í nýju myndinni, sem hefur fengið mjög góða dóma gagnrýnenda. The Departed kostaði 90 milljónir dollara í framleiðslu, eða um 6,2 milljarða króna. Er hún endurgerð Hong Kongmyndarinnar Infernal Affairs.

Chapman ekki sleppt

Morðingja John Lennon, Mark Chapman, var neitað um reynslulausn degi fyrir afmælisdag bítillsins sáluga en þetta er í fjórða skiptið sem Chapman reynir að fá sig lausan frá Attica-fangelsinu í New York. Í yfirlýsingu frá skil-orðsnefndinni kemur fram að glæpurinn sem Chapman framdi þyki enn svo undarlegur og ógeðslegur að það sé samfélaginu ekki gott að fá hann á göturnar. Chapman fékk sextán mínútur fyrir framan nefndina og þótti sýnt að þótt Chapman hefði vissulega tekið framförum væri morðið á John Lennon svo ógeðslegt að ekki væri annað hægt en að hafna bón hans. Chapman getur aftur sótt um reynslulausn eftir tvö ár en



JOHN OG YOKO Ein af síðustu myndunum sem tekin var af hjónunum í New York. Yoko ferðast nú um allan heim og heldur áfram að boða frið í nafni eiginmanns síns.



MARK CHAPMAN Var neitað um lausn degi fyrir afmælisdag John Lennon, mannsins sem hann myrti þann 8. desember árið 1980 í New York.



OF MIKILL KVENNABÓSI George Clooney segist aldrei geta þótt sig fram til forseta Bandaríkjanna þar sem hans fortíð sé allt annað en flekklaus.

Verður ekki forseti

Leikarinn góðkunnur George Clooney segist aldrei nokkurn tímann geta boðið sig fram til forseta þar sem hann sé of mikill kvennabósi og hafi sængað hjá of mörgum konum. „Ég hef mjög sterkar skoðanir á pólitík en ég gæti aldrei boðið mig fram því að slúðurblöðin færu þá að grafa fram einhverjar leiðinlegar sögur úr fortíðinni,“ segir Clooney en hann bætir því einnig við að hann hafi farið í of mörg villt partí og tekið of mikið af eiturlyfjum til að geta orðið forseti.

Clooney hefur átt í ástarsamböndum við margar þekktar konur á borð við aðþrengdu eiginkonuna Teri Hatcher og leikkonuna Renée Zellweger.



EASTWOOD OG SPIELBERG Félagarnir tveir voru mættir á frumsýningu Flags of Our Fathers í Hollywood.

Flags frumsýnd

Kvikmyndin Flags of Our Fathers, sem var að hluta til tekin upp hér á landi síðasta sumar, var nýverið frumsýnd í Hollywood.

Myndin er byggð á metsölubók James Bradley og Rons Powers þar sem sögð er saga föður Bradleys, sem var einn þeirra sex Bandaríkjamanna sem drógu bandaríska fánann að hún í bardaga á Iwo Jima í seinni heimstyrjöldinni. Var atvikið ljósmyndað á eftirminnilegan hátt.

„Ég gerði myndina af því að hann bað mig um það,“ sagði leikstjórinn Clint Eastwood á frumsýninguni og átti við framleiðandann Steven Spielberg. „Það er erfitt að neita einhverju sem hann biður mann um.“

Fjölmíðlar vestan hafs eru þegar farnir að orða myndina við óskarsverðlaunin sem verða afhent á næsta ári.

Fjölmargir Íslendingar fóru með aukahlutverk í myndinni og verður spennandi að sjá útkomuna er myndin verður frumsýnd hérlandis um jólin.

Leikbær

Risastóra

Leikbæjarútsalan

í fullum gangi!

Aðeins 4 dagar!

Lýkur á sunnudag!

Ég ætla að mæta
snemma til að ná
í bestu tilboðin!

Allt að

80%

afsláttur!

Opíð milli 10:00 - 18:00 alla dagana!

Byrjað á beitiskipinu



Kl. 20.00

Hljómsveitirnar Royal Fanclub, Skítur, Cliff Clavin og Pönkbandið Fjöltnir leika á Fimmtudagsforleik Hins hússins, gengið er inn í Kjallarann Austurstrætismegin. Allir 16 ára og eldri eru velkomnir, enginn aðgangseyrir.

menning

menning@frettabladid.is

Félagið MÍR, Menningartengsl Íslands og Rússlands, skipuleggur reglulegar kvikmyndasýningar í vetur og hefjast þær formlega næstkomandi sunnudag. Sýningar fara fram í félagsheimili MÍR við Hverfisgötu 105. Í október verða sýnd þrjú klassísk verk frá blómaskeiði þöglu kvikmyndanna í Sovétríkjunum og Rússlandi á árunum 1925-1930. Myndirnar þrjár eru eftir brautryðjendur rússnesku kvikmyndalistarinnar sem vöktu heimsathygli fyrir sérstæð efnistöð, pólitískan áhrifamátt og



FRÁNEYGI BRAUTRYÐJANDINN
Kvikmyndagerðarmaðurinn Sergei Eisenstein.

framúrstefnulega myndgerð, einkum klippingar. MÍR sýnir Endalok St. Pétursborgar eftir Vsevolod Púdovkin og Maður með kvikmyndavél eftir Dziga Vertov í október en fyrsta myndin er Beitiskipið Potemkín eftir Sergei Eisenstein, sem er án efa þekktastur þremmenninganna. Í nóvember og desember verða svo sýndar sjö kvikmyndir, sovéskar og rússneskar, frá ýmsum tímum hljóðmyndanna. Nánari upplýsingar um dagskrá vetrarins er að finna á heimasíðunni www.mmedia.is/felmir/



> **Dustaðu rykið af ...**

Múminálfunum, ævintýraverum rithöfundarins og myndlistarkonunnar **Tove Jansson**. **Múminpabbinn** eirðarlaus og **Múminmamma** rólynda eiga sinn **Múminsnáða** en vinir hans **Snorkstelpan** og **Snúður** að ógleymdum ólátabelgnum **Míu** hafa kennt kynslóðum síthvað um mannúð og samskipti síðan bækurnar komu fyrst út árið 1945.

Ung skáldkona fær Booker-verðlaunin

Breska skáldkonan Kiran Desai hlaut á þriðjudagskvöld Booker-verðlaunin fyrir skáldsögu sína, *The Inheritance of Loss*. Hún er yngsti höfundur sem þegið hefur þessi virtu verðlaun, aðeins 35 ára gömul. Kiran er borin og barnfædd á Indlandi og er dóttir skáldkonunnar Anitu Desai sem hefur á liðnum áratugum verið þrisvar tilnefnd til verðlaunanna. Þau hafa ekki fallið í skaut skáldkonu síðan Margaret Atwood vann þau fyrir skáldsöguna *Blind Assassin* árið 2000.

Verðlaunin nema 50 þúsund sterlingspundum. Aðrir höfundar sem voru tilnefndir voru meðal annarra Sarah Waters, Kate Grenville, Hisham Matar og Edward St Aubyn. Valið var úr 112 skáldverkum og voru 17 tekin til frekari skoðunar og af þeim sex tilnefnd.

Kiran fluttist frá Indlandi fimmtán ára gömul og hlaut menntun sína á Bretlandi. Hún býr nú í Bandaríkjunum. Fyrsta skáldsaga hennar *Hullabaloo* in the *Guava Orchard* kom út 1998. Þá átti hún kafla í umdeildu úrvali *Salmons Rushdie*, *Mirrorwork*, af markverðum indverskum textum frá síðustu fimmtíu árum.

Í verðlaunasögunni segir af beiskum öldruðum dómara sem



KIRAN DESAI Verðlaunasögu sína til einkar skáldkonan móður sinni.

býr í norðausturhéraðum Himalaja í einangruðu og niðurníddu húsi. Gamli maðurinn vill eyða ævkvöldinu í friði, en þá sest upp á hann barnabarn hans, ung stúlka. Hún, ásamt málglöðum syni kokksins í húsinu, breytir lífi gamla mannsins og þegar innrás frá Nepal er yfirvofandi verða þessir einstaklingar að endurskoða líf sitt.

Framlög lækkuð til sjálfstæðu leikhúsanna

Fjármálafrumvarpið var ekki fyrr komið fram en sjálfstæðu leikhóparnir tóku að mótmæla. Frumvarpið lagði til lítils háttar lækunar á framlögum til leiklistarráðs, sem fer með styrki til hópanna. Aðsókn að sýningum sjálfstæðra leikhópa í landinu hefur verið með ágætum á síðasta ári og horfir til að ekki dragi úr á komandi vetri.

Í samtökum sjálfstætt starfandi leikhópa eru 55 fyrirtæki sem veita í góðu ári um fimm hundruð einstaklingum vinnu. Hóparnir eru mismunandi að stærð og starfa margir hverjir slitrótt. Flestir þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu, einungis þrír eru starfandi á landsbyggðinni. Hóparnir byggja á gömlum merg en rekstur hópa utan banda stóru leikhúsanna hefur þekkt frá því snemma á síðustu öld. Hafa hóparnir ýmist verið reknir sem hrein fjárafla-fyrirtæki en líka einbeitt sér að tilraunastarfsemi af ýmsu tagi, bæði með sýningarform og í skyldum greinum leikbókmenntanna svo sem dansi, látbragðsleik og söngleikjum.

Á síðasta ári voru sýningar Sjálfstæðu leikhúsanna 56 og voru innlend verk meginuppistaðan – alls 44 íslensk verk litu dagsins ljós fyrir þeirra tilstuðlan. Áhorfendur voru 220 þúsund og nýnæmi var að starfsemi þeirra utan landsteinanna en sýningar þeirra erlendis sóttu um 35 þúsund áhorfendur. Jókst aðsókn að verkefnum SL um 30 prósent milli ára. Starfsumhverfi sviðslista er orðið ótryggt: samdráttur hefur orðið í samningum við stóru leikhúsin á liðnum árum – er gengið svo langt að fullyrða að föstum stöðum hafi fækkað um helming á fimm ára tímabili. Líta samtök listamanna svo á að með þeirri þróun aukist enn mikilvægi sjálfstæðu hópanna.

Sjálfstæðu leikhúsin gerðu sér vonir um að styrkur til þeirra hækkaði en í fyrra var 47 milljónum gætt að annarri leiklistarstarfsemi. Raunin var sú að framlag til hópanna lækkaði um hálf milljón en aukið var í styrki til Þjóðleikhússins um 35 milljónir og Íslenska óperan er einnig að fá aukna styrki. Leikhúsfólki er almennt illa við að ræða misgengi í hækkingum milli ólíkra stofnana en ráðuneyti menntamála hefur skellt skollaeyrum við óskum um bættan hag til einkarekinnna leikhúsa og þykir mörgum sjálfstæðismanninum menntamálaráðherra heldur hallur undir ríkisrekna leikhúsið og sjálfseignarstofnanir eins og Íslenska dansflokkinn, Íslensku óperuna, leikfélögin á Akureyri og í Reykjavík. Sóttu sjálfstæðu leikhúsin sérstaklega



SÓLVEIG ELÍASDÓTTIR Í HLUTVERKI MÓÐURINNAR Í GUNNLAÐARSÖGU Sýningar standa yfir í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

um styrk til að reka skrifstofu sem annast samhæfingu, bókanir á Tjarnarbió við Tjarnargötu í Reykjavík, söfnun gagna og rekstur vefsíðu.

Forráðamenn sjálfstæðu leikhúsanna hittu á þriðjudag fjárlaganefnd en þar á bæ voru undirtektir daufar. Þykir einsýnt í hópi leikhúsfólks að dregið verði úr umfangi sviðsetninga á vegum hópanna á komandi vetri, en framundan er listahátíð á vori sem helguð verður sviðslistum. Ætla maetti að stjórnvöld sæju sér hag í að gera vel við sjálfstæðu leikhúsin á næsta vori af þeirri ástæðu einni. Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SL, segir menn þar á bæ ekki skilja að Sjálfstæðisflokkurinn sem ræður bæði ráðuneyti fjármála og mennta skuli ekki leggja einkarekstri í menningunni meira lið.

Allir opinberir styrkir til sjálf-

stæðu leikhúsanna eru verkefnabundnir. Fyrirtæki sem reka leikhúsbyggingar geta ekki sótt um styrki. Iðnó er rekið með sérstökum samningi við Reykjavíkurborg, Austurbær er í einkaeign og Loftkastalinn sömuleiðis. Hafa eigendur leikhúsnaðis lengi gagnrýnt það fyrirkomulag.

Um þessar mundir eru nokkrar sviðsetningar á vegum leikhópa í gangi: Footloose gengur enn í Borgarleikhúsi, Afgangur og Hafíð blá eru í Austurbæ, í Borganesi er Egils saga leikin fyrir fullu húsi, í Hafnarfjarðarleikhúsinu er Gunnlaðarsaga í sýningu og í London sýnir Vesturport Hamskiptin. Í haust dreifðu leikhúsin öll myndarlegum bæklingi með Morgunblaðinu þar sem gerð var grein fyrir verkefnaskrá vetrarins. Nú er spurt hvort þau verk öll líti dagsins ljós og menn leggi frekar árið í bát.

- pbb

Helgarferð til

Tallinn

18. október
frá kr. 29.990

Fegursta borg Eystrasaltsins

Terra Nova býður ótrúlegt tilboð á síðustu sætumum í helgarferðum til Tallinn í Eistlandi 18. október. Griptu þetta frábæra tækifæri á helgarferð til þessarar einstöku borgar á frábærum kjörum. Fjölbreyttir gístmöguleikar í boði í miðborginni.

kr. 29.990 - helgarferð

Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel Domina Inn Ilmarine ****.

Ótrúlegt
helgartilboð
- aðeins 20 sæti
Glæsileg
4 stjörnu gisting

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000
www.terranova.is · Akureyri sími: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500





SPEKINGAR SPJALLA Gorbatsjov og Ikeda ræða reynslu sína og skoðanir.

Djasstríóið B3 fagnar fimm ára afmæli

Djasstríóið B3 heldur afmælistónleika í Múlanum í kvöld í tilefni af fimm ára afmæli orgeltríóins. Jazzklúbburinn Múlinn hefur nú flutt sig um set úr Þjóðleikhúskjallaranum og hreiðrað um sig á skemmtistaðnum Domo bar í Þingholtsstræti 5.

Tríóið leikur í kvöld brot af því besta frá tónleikum sem það hefur haldið í Múlanum á undanförun árum og flytja meðal annars músík eftir orgelleikarana Jimmy Smith og Larry Goldings og gítarhetjuna Wes Montgomery.

Tríóið skipa Agnar Már Magnússon sem leikur á orgel, trommu-leikarinn Erik Qvick og Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari. Þess má geta að Ásgeir gaf nýlega út sína

fyrstu plötu, „Passing through“. Ásgeir tók plötuna upp í New York í maí á þessu ári. Á plötunni er einungis frumsamin tónlist eftir Ásgeir og eru lögin öll ný af nálinni fyrir utan eitt lag sem kom út á fyrsta disk B3 tríóins, Fals, sem kom út árið 2003. Á disknum leika þeir Chris Cheek, Matt Penman og Erik Qvick ásamt Ásgeiri en hann er nú fánlegur í Skífunni og verslun 12 Tóna.

Tónleikarnir hefjast kl. 21 í kvöld.

JAZZTRÍÓIÐ B3 Agnar Már Magnússon, Erik Qvick og Ásgeir Ásgeirsson fagna tímamótum með broti af því besta.



Rætt um heimsfrið

Bókaforlagið Skrudda gefur út bókina Tuttugasta öldin og lærdómar hennar eftir stjórnmálamanninn Mikhail Gorbatsjov og heimspekinginn Daisaku Ikeda. Höfundarnir koma úr gerólíku umhverfi og aðhyllast ólíkar skoðanir. Það kemur þó ekki í veg fyrir að þeir geti átt einlæggar samræður um helstu álitamál 20. aldarinnar.

Í bókinni ræða Gorbatsjov og Ikeda reynslu sína og skoðanir á trúarbrögðum, stjórnmálum, félagsmálum og umhverfismálum svo að eitthvað sé nefnt. Þeir hafa báðir getið sér orð fyrir baráttu sína fyrir friði í heiminum og eru niðurstöður þeirra ekki sist þær að samræður ólíkra menningarheima séu eitt helsta skilyrði þess að skapa möguleika á friði og félagslegu réttlæti á 21. öldinni.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

9 10 11 12 13 14 15

Fimmtudagur

■ ■ TÓNLEIKAR

- 20.00 HLjomsveitimar **Royal Fanclub, Skítur, Cliff Clavin** og **Pönkbandið Fjölínir** leika á **Fimmtudagsforleik Hins hússins**, gengið er inn í **Kjallarann** Austurstrætismegin. Allir 16 ára og eldri eru velkomnir, enginn aðgangseyrir.

■ ■ DANSLIST

- 20.00 **Íslenski dansflokkurinn** frumsýnir tvö verk í samvinnu við **Norræna músikdaga**. Verk **Ólafar Ingólfsdóttur, Við erum komin**, er samið í félagi við tónskáldin **Áskel Másson** og **Maju Ratkje**. Verk **Valgerðar Rúnarsdóttur** og **Aðalheiðar Halldórsdóttur**, Hver um sig, er samið við tónlist **Valdimars Jóhannssonar** og **Jóhann Jóhannsson**. Sýningar fara fram á Stóra sviði **Borgarleikhússins**.

■ ■ SÝNINGAR

- 10.00 Myndlistarkonan **Þórdís Aðalsteinsdóttir** sýnir verk sín í **Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum**. Sýningin ber yfirskriftina **Því heyrir þó hvíslað að einhverjir muni komast af** og geymir málverk og vídeoverk.
- 10.00 **Listasafn Reykjavíkur** stendur fyrir sýningunni **Pakkhús postulanna** í **Hafnarhúsinu**. Þar sýna ellefu listamenn, sem allir eru fæddir eftir 1968 fjölbreytt verk. Sýningarstjórar eru **Daniel Karl Björnsson** og **Huginn Arason**.
- 10.00 Yfirlitssýningin **Málverkið eftir 1980** stendur yfir í Listasafni Íslands við Frikirkjuveg. Fimmtíu og sex íslenskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni sem spannar 25 ára tímabil í íslenskrí listasögu sem markast af innreið nýja málverksins í upphafi niunda áratugarins. Sýningarstjórar eru **dr. Halldór Björn Runólfsson** og **Laufey Helgadóttir**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



Á FULLU AÐ UNDIRBÚA KONUNA 2006



SETJUM FJÓLSKYLDULÍFIÐ Í FÖRGANG



Í FULLU STARIÐ VIÐ AÐ STOPPA UPP DÝR

NÝTT & FERSKARA BLAÐ

Nína Björk og Selma
funda sveittar í ræktinni

Guðlaugur Þór
fór á hnén í snjónum

Brynja Davíðsdóttir
stoppar upp dýr

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA



Þrottánámíð
í **kvennabúrinu**
á. Mozart

ATH! Aðeins sýnt í október

BROTTNÁMÍÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart 25 ára og yngri: 50% afsl.

5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - **NOKKUR SÆTI LAUS** - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
7. sýn. fös. 20. okt. kl. 20 - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - **NOKKUR SÆTI LAUS**
9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 - 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - **ALLRA SIÐASTA SÝNING**
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl. 19.15

www.operais | opera@operais | Sími: 511 4200

Miðasala er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

afgangar

AFGANGAR
Fim. 12. okt. kl. 21.00
Fim. 19. okt. kl. 21.00

HAFIÐ BLÁA
Sun. 15. okt. kl. 13.30 sæti laus
Sun. 22. okt. kl. 13.30 sæti laus
Sun. 5. nóv. kl. 13.30 sæti laus

Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

„SKYLDI HÆNA HAFI SÁL?“ MEIN KAMPF

RONJA RÆNINGJADÓTTIR		MEIN KAMPF	
Sun 15/10 kl. 14	Sun 22/10 kl. 20	Lau 14/10 kl. 20	Lau 21/10 kl. 20
Lau 28/10 kl. 14	Sun 29/10 kl. 20	Fös 27/10 kl. 20	Lau 28/10 kl. 20
		Lau 4/11 kl. 20	

VILTU FINNA MILLJÓN?		LEIKHÚSSPJALL	
Fös 13/10 kl. 20	Sun 15/10 kl. 20	Leikhúsumræður á Borgarbókasafninu í Krínglunni. Rætt veður um leikverkið Mein Kampf. Allir velkomnir í kvöld kl. 20. Okeypis aðgangur.	
Fös 20/10 kl. 20	Sun 29/10 kl. 20		

FOOTLOOSE		AMADEUS	
Í kvöld kl. 20	Lau 14/10 kl. 20	Fim 19/10 kl. 20 forsýning 1000 kr.	
Sun 22/10 kl. 20	Fös 27/10 kl. 20	Fös 20/10 kl. 13 forsýning 1000 kr.	

HVÍT KANÍNA		VIÐ ERUM KOMIN-ÍD	
Nemendaleikhúsið sýnir nýtt verk eftir hópinn.		Októbersýning íd. 2 ný verk: Við erum komin e. Ólöfu Ingólfssdóttur og Hver um sig e. Vaðal.	
Í kvöld kl. 20	Fös 13/10 kl. 20	Í kvöld kl. 20	frumsýning UPPS.
Lau 14/10 kl. 20	Allra síðustu sýningar Bannað innan 16 ára.	Fös 13/10 kl. 20	Sun 15/10 kl. 20
		Fim 19/10 kl. 20	Fös 20/10 kl. 20

BRILLJANT SKILNAÐUR		MANNTAFL	
Fim 26/10 kl. 20	Fim 2/11 kl. 20	Sun 29/10 kl. 20	Fös 3/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20	Fim 16/11 kl. 20	Fös 10/11 kl. 20	Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.		Aðeins þessar sýningar.	

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

TAKK!

Aðstandendur fjáröflunarkvölds fyrir **Jakútiu-meningarhús**, sem Kjúragej Alexandra Argunova stendur fyrir, þakka fyrir framlög listamanna og gesta í Laugum föstudagskvöldið í fyrri viku.

Sérstakar þakkir fá Páll Ásgeirsson, Sveinn Sveinsson, Árni Bergmann, Hörður Torfason, Ólöf Arnalds, jazztrío Hildar Guðnýjar, Eyjólfsson og Andrésar Þórs, og Bryndís Schram. Áfram er opið fyrir framlög hjá Landsbanka Íslands 0111, hb.15, reikningur 373362.

Skrafað og frætt í Suðursveit

Mikið verður um dýrðir á Hala í Suðursveit um helgina því á Þórbergssetri verður rætt um ofvita og stílsnilli, stálminni og Müllersæfingar á málþingi um rithöfundinn Þórberg Þórðarson.

Rúmlega fjögur þúsund gestir hafa heimsótt Þórbergssetur sem var opnað á æskulóðum rithöfundarins í sumar. Málþingið er mögulega vísir að því sem koma skal en auk þess að standa fyrir sýningarhaldi og fræðslu um líf og störf Þórbergs og sveitunga hans mun setrið standa fyrir fleiri viðburðum af svipuðu tagi í framtíðinni og gefa einnig öðrum rithöfundum gaum.

Soffía Auður Birgisdóttir, bókmenntafræðingur og starfsmaður Háskólasetursins á Höfn, kemur að skipulagningu málþingins en hún segist merkja aukinn áhuga á verkum Þórbergs í seinni tíð. „Það er ýmislegt að gerast, verið er að skrifa ævisögu hans og ég hef á tilfinningunni að líf sé að færast í rannsóknir á verkum hans.“ Hún útskýrir að litrík persóna höfundarins hafi vafist fyrir mörgum og ekki aðeins sett mark sitt á almennar viðtökur verkanna heldur einnig á fræðilega nálgun þeirra. „Hann er náttúrulega aðalpersónan í öllum sínum verkum



ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON RITHÖFUNDUR Er aðalsöguhetjan í öllum sínum verkum en persóna hans hefur flækt fyrir fræðimönnum og öðrum túlkendum verka hans.



SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR Ræðir um minnstækni Þórbergs Þórðarsonar í samhengi við skáldævisögu hans í Suðursveit.

en ég held að persóna Þórbergs Þórðarsonar hafi flækt talsvert fyrir túlkendum verka hans. Það er mögulega ein skýring þess að rannsóknir á verkunum hafa ekki verið fyrirferðarmiklar í íslenskum bókmenntum.“ Hún bendir á að umræðan um verk hans verði frjórri með árunum því samtíðarmönnum hans, sem margir höfðu fordóma gagnvart honum, fækkar og meira svigrúm gefist til að endurmeta verk hans.

Dagskrá málþingsins er fjölbreytt enda var Þórbergur marg-

breytilegur höfundur með óhemjuvitt áhugasvið. „Hann fékkst við svo margt, hann var frægur sem stílsnillingur, skrifaði nýja bókmenntategund með skáldævisögunni og hafði áhuga á svo mörgu - allt frá þjóðlegum fróðleik, íslenskrí tungu og esperantó til skrímslafræða og jóga.“ Sjálf mun Soffía Auður fjalla um minnstækni og meint stálminni Þórbergs og fjölskyldu hans. „Ég ætla að velta upp spurningum um hvernig við munum og hvort það sé eitthvað í verkum Þórbergs sem gefur hugmynd um hvernig atburðir haldast í minninu.“

Meðal annarra sem erindi flytja á málþinginu eru Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur, Kristján Eiríksson íslenskufraeðingur, Valdimar Örnólfsson íþróttakennari og Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir rithöfundur. Auk þess verður boðið upp á myndasýningar, léttá tónlist og leiðsögn um nágrennið fyrir gesti málþingsins.

Rúmlega sjötíu manns hafa þegar skráð sig á málþingið sem hefst kl. 14 á morgun. Það er dágöður rúntur í Suðursveitina en Soffía Auður tekur fram að það sé einnig ein fallegasta akstursleið landsins, hvort heldur er úr austur- eða vesturátt. Nánari upplýsingar um dagskrána og gistimöguleika í nágrenninu má finna á heimasíðunni, www.thorbergur.is.

Kristrun@frettabladid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00

ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur. Fös. 13/10 örfá sæti laus, lau. 14/10, fös. 20/10 örfá sæti laus. **Þrjár sýningar eftir!**

FAGNAÐUR eftir Harold Pinter. Sun. 15/10 kl. 21:00. **Allra síðasta sýning!**

SUNNUDAGSKVÖLD MED PINTER Fyrirlestur um verk Nóbelskaldsins fyrir sýningu í Leikhúskjallaranum kl. 20:00, leikhúsgestum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á kvöldverð í anda leiksýningarinnar kl. 19:00. Upplýsingar og pantanir í miðasölu s: 551 1200.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson. Lau. 14/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 15/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 21/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 29/10 örfá sæti laus, sun. 5/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 11/11 kl. 14:00, sun. 12/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/11 kl. 14:00 uppselt.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur. Fim. 2/11 örfá sæti laus, fös. 3/11 örfá sæti laus, fim. 9/11, fös. 10/11 örfá sæti laus.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur. Í kvöld fim. 12/10 örfá sæti laus, fös. 13/10 uppselt, lau. 14/10 uppselt, sun. 15/10 kl. 17:00 uppselt, fim. 19/10 uppselt, fös. 20/10 uppselt, lau. 21/10 uppselt, sun. 22/10 kl. 17:00 uppselt.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00

SUMARDAGUR eftir Jon Fosse. Sun. 15/10 kl. 17:00, sun. 22/10 kl. 17:00.

SUZANNAH eftir Jon Fosse – gestaleikur frá Cinnober leikhúsinu í Gautaborg. Fim. 19/10, fös. 20/10.

LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00 og 12:15

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur. Lau. 14/10 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, sun. 15/10 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, lau. 21/10 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 örfá sæti laus, sun. 22/10 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 örfá sæti laus, lau. 28/10 kl. 11:00 og kl. 12:15, sun. 29/10 kl. 11:00.

Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker í Framhaldsskóla A-Skaftafellssýslu 17/10.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

VEIKO
Aðalmenningurinn
ÞJÓÐARSALIN

MIÐAPANTANIR:
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is

Fim. 12. okt. - Nokkur sæti laus
Fim. 19. okt. - Örfá sæti laus
Lau. 21. okt. - Nokkur sæti laus
Fös. 27. okt. - Nokkur sæti laus

ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins
Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is
Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi



PÁLL ÍSÓLFFSSON Afmælisdagur tónskáldsins og tónlistarmannsins hefur löngum verið haldinn hátíðlegur í fæðingarbæ hans, Stokkseyri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURDUR JÓKULL ÓLAFSSON

Sungið fyrir Pál

Í tilefni af afmælisdegi tónskáldsins og tónlistarmannsins Páls Ísólffssonar verða haldnir hátíðar-tónleikar á Stokkseyri í dag, á 113 ára ártíð Páls. Stokkseyri er fæðingarbær Páls, en hann lést í Reykjavík árið 1974. Tónleikarnir fara fram í Menningarssalnum í Lista- og menningarverstöðinni Hólmaröst. Söngkonurnar Hlín Pétursdóttir og Margrét Stefánsdóttir munu flytja lög eftir Pál Ísólffsson, Ísólff Pálsson föður hans og Jón Ásgeirsson, ásamt óperutónlist úr smíðu Mozarts. Gestum býðst einnig að skoða ljósmynda- og sögusýningu um Pál á vegum Byggðasafns Árnesinga.

Páll Ísólffsson var brautryðjandi í íslensku tónlistarlífi og fyrsti langskólagengni organisti landsins. Hann samdi allt frá orgeltónlist til tónlistar fyrir leikverk eins og Gullna hliðið eftir Davíð Stefánsson. Hann var fyrsti formaður Tónskáldafélags Íslands, meðstofnandi Félags íslenskra tónlistarmanna og kom jafnframt að stofnun STEFs, svo fátt eitt sé nefnt.

Hann var sæmdur heiðursmerkjum bæði á Íslandi og erlendis og hlaut til dæmis íslensku fálkaorðuna. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan níu og eru gjaldfrjálssir.

- sun

Það býr Hitler í okkur öllum

Efnt verður til leikhúsumræðna í Borgarbókasafninu í Kringlunni í kvöld þar sem leikstjórinn Hafliði Arngrímsson, Snorri Freyr Hilmarsson leikmyndahönnuður og Bergur Þór Ingólfsson leikari ræða um verkið Mein Kampf sem Leikfélag Reykjavíkur sýnir um þessar mundir.

Yfirskrift kvöldsins er „Leiðin frá höfundu til áhorfenda“ og munu aðstandendur sýningarinnar ræða um verk George Tabori og vinnu leikhópsins í víðu samhengi. Hafliði Arngrímsson útskýrir að saga leikskáldanna og bakgrunnur þeirra skipti ætíð máli fyrir sig sem leikstjóra en í þessu tilfalli er um að ræða höfund sem skrifar um meinfyndið verk um ungdomsár Adolfs Hitler. „Mér finnst nauðsynlegt að kynna mér bakgrunn leikskálda þó það nýtist ekki beint í sýningunni þá hjálpar það alltaf. Tabori er af gyðingættum og skrifar um gyðinga og því skilur maður margt í verkinu betur,“ segir hann.

Bergur Þór leikur aðalpersónu verksins sem ferðast til Vínarborgar í upphafi síðustu aldar til þess að sækja um nám við Listaakademíuna þar í borg. Hitler kynnist gyðingi á gistiheimilinu sem tekur hann upp á arma sína en samskipti þeirra eru þó langt því frá hefðbundin. „Það er sérstakt að fást við „monster“ eins og Hitler, sérstaklega fyrir leikara sem þarf að setja sig í hans hlutverk,“ útskýrir Hafliði og segir að hópurinn hafi rætt mikið



LEIÐIN FRÁ HÖFUNDI TIL ÁHORFENDA Heimsagan og húmorinn í verkinu Mein Kampf verða reifuð í leikhússpjalli í kvöld. MYND/BORGARLEIKHÚSÍÐ

um heimssöguna og helförina framán af æfingatímabilinu. „Þetta er náttúrulega bara leikrit, það byggir aðeins að hluta til á sögulegum staðreyndum,“ segir hann.

Sagan vofir samt yfir verkinu enda felst í því forspá um framtíð Hitlers sem undir lok þess hefur ákveðið að snúa sér að pólitík, að áeggjan gyðingsins vinar síns. „Til

þess er kannski leikurinn gerður, að minna okkur á þetta allt og gæta þess að menn gleymi ekki að Hitler er í okkur öllum – við verðum að passa hann, hugsa vel um hann og gæta þess að hann sleppi ekki út,“ útskýrir Hafliði.

Umræðukvöldið hefst kl. 20 og eru allir hjartanlega velkomnir.

- khh

Frásagnir af falli Berlínar

[BÆKUR]
UMFJÖLLUN

Síðustu misserin hefur verum um síðustu daga þriðja ríkisins fjölgað í íslenskum þýðingum: endurminningar Traudl Junge, ritara Hitlers, (PP-forlag) og gleymd dagbók nafnlausrar konu í Berlín (Stöng), auk merkilegs rits Klemperer, Lingva Tertii Imperii (Háskólaútgáfan). Öll ritin þrjú segja frá upplifun einstaklinga sem stóðu í miðjum storminum sem skók Evrópu á fjórða og fimmta áratug aldar öfganna.

Dagbók Berlínarkonunnar er samtímaheimild, en minningar hinna tveggja eru unnar upp úr dagbókum og minningabrotum. Rannsókn gyðingsins Klemperer vikur sérstaklega að málfari þriðja ríkisins. Fyrri ritin tvö eru beinlínis heimildir í því mikla riti Anthony Beevor sem kom út í síðustu viku á íslensku, Fall Berlínar 1945, á forlagi Hóla. Jón Þ. Þór þýðir verkið sem er 422 blaðsíður með heimildaskrá, nafnaskrá og kortum.

Ritverk Beevor var beint framhald af lofuðu verki hans um orrustuna um Stalíngrad, en þar komst hann í ný gögn í rússneskum skjalasöfnum, náði tali af eftirlifendum og komst inn undir hjá rússneskum stjórnvöldum. Að loknu frægu verki Beevor um Stalíngrad lá beint við að rannsaka fall Berlínar. Kveikjan að rannsóknnum hans var hin kunna sjónvarpsþáttaröð BBC Timewatch, en breska ríkissjónvarpið hefur lengi átt góða að í rússneska kerfinu.

Fall Berlínar er ekki auðveld bók aflestrar. Jón Þ. Þór hefur snúið henni ágætlega á íslensku, en bæði er atburðarásin í hinni miklu sókn herja Sovétríkjanna vestur á bóginn flókin, leiðandi persónur fjölmargar og atburðir allir í sókninni að Berlín merktir ógn og tortímingu. Sá hryllingur er ekki útmálaður í stórum orðum í riti Beevor en skilur eftir hjá lesandanum hreinan viðbjóð á stríðsrekstrinum sem stigmagnast.

Eftir lesturinn er sterkasta upplifunin furðan yfir algjörri ringulreið í hernáðinum, stjórnsleysi og agaleysi bæði hjá innrásarliðinu og þýska hernum. Herförin



FALL BERLÍNAR
HÖFUNDUR: ANTHONY BEEVOR

til Berlínar var geryðingarstríð af viðurstygilegasta tagi. Grátlegust eru örlög hins forna Prússlands, sem hvarf af landakortum eftir þessi ósköp.

Beevor getur ekki leynt fyrir litningu sinni á sovéskra herliðinu, djúpstæðri óvild sinni á forystu Sovétríkjanna og haturshug til Þjóðverja. Bandaríkjamenn afgreiðir hann sem einfelðninga og víða eru í ritinu sleggjudómar, t.d. um skotfimi sovéskra hermanna og dæmigerða þýska móðursýki.

Sagnfræðingur sem vinnur á þessu sviði sögunnar sveiflast milli þess að hverfa inn í hefðbundinn hugsunarhátt hervalds og hafa á því foragt. Í riti Beevor er mikið gert úr nauðgunum sovétlíðsins á konum. Í áratugi hefur sá þáttur stríðsins verið í þagnarildi hvað varðaði sigurvegara stríðsins, Breta, Bandaríkjamenn, Kanadamenn og Frakka. Nauðganir munu ekki síður hafa verið hluti af þeirra framgöngu.

Upprifjun á ógnum seinna stríðsins í Evrópu er okkur holl. Fáfræði um þessa ógnartíma eykst og minningin um þá er að hverfa. Það er forsenda fyrir áframhaldandi friði og friðarvilja í álfunni að saga þessara skelfingatíma gleymist ekki. Beevor hefur lagt sitt af mörkum með nýjum rannsóknum sínum á eldri gögnum og fundvísi á ný.

Páll Baldvín Baldvínsson

Syngur Schumann

Rannveig Fríða Bragadóttir syngur á hádegistónleikum í gallerí Anima í Ingólfsstræti 8 í dag. Meðleikari á píanó er Gerrit Schuil og flytja þau ljóð eftir Schubert á tónleikunum.

Anima er bæði söngskóli og myndlistargallerí en þar verða haldnir reglulegir hádegistónleikar í vetur.

Rannveig Fríða er íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunn en hún er nú búsett í Vínarborg þar sem hún starfar sem söngvari og söngkennari. Hún er gestakennari söngskóla Animu um þessar mundir og er komin til landsins í stutta heimsókn.

- khh

RANNVEIG FRÍÐA BRAGADÓTTIR MEZZÓ-SÓPRANSÖNGKONA Heldur tónleika ásamt Gerrit Schuil.



VIÐ
ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
frumsýnir í kvöld
ERUM
KOMIN

Við erum komin eftir Ólöfu Ingólfssdóttur
 Hver um sig eftir Vaðal
 Aðrar sýningar:
 13-15-19-20-22-október
 Miðasala í Borgarleikhúsinu
 s. 568 8000 eða á www.id.is

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Reykjavíkurvegur 64, Hatnarfjörður.

Flott flæði...
Sími: 565-5566

...fyrir bæði

sturta.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

GOTT GLÁP

Monster House Þrýðileg teiknimynd með nettu hryllingsváfa fyrir hressa krakka sem hefur þann ótvíraða kost að foreldrum leiðist heldur ekki neitt.



The Proposition Nú eru síðustu forvöð að sjá þennan ruddalega góða ástralska vestra sem gerður er eftir handriti Nicks Cave og er hlaðinn vísunum í Bibliúna.



The Omen Þessi ágæta endurvinnsla hrollvekjunnar sigildu frá 1976 er einnig komin út á DVD. Fin mynd fyrir svefninn á vindasömu haustkvöldi.

bío

bio@frettabladid.is



KVÍKMYNDANJÖRÐUR VIKUNNAR EYVINDUR KARLSSON ÞJÓDFÉLAGSRÝNIR

James Bond er óþolandi

Eftirlætis kvikmynd: Það er Fight Club. Það kemur engin önnur til greina.

Eftirminnilegasta atriðið: Ætli það sé ekki þegar persónan Dadan í Svartur köttur, hvítur köttur eftir Emir Kusturica þurrkar af sér skit með gæs.

Uppáhaldsleikstjóri: Það hlýtur að vera Quentin Tarantino.

Mesta hetja hvíta tjaldsins: Ástríkur. Hann er pínulítil en samt ofurhugi.

Mesti skúrurinn: John Ryder í The Hitcher.

Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér?

James Bond. Hann er alveg óþolandi. Ég veit ekki af hverju, hann þyrfti að svara því.

Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?

Söguþráðurinn væri skrítninn og leikstjóri skrítnari. Ég myndi helst vilja vinna með Jean-Pierre Jeunet eða Emir Kusturica. Svo myndi ég vilja fá Þórhall Þórhallsson og Bjarna töframann sem meðleikara.

AF HVÍTA TJALDINU
Þórarinn Þórarinnsson

Hafrar og sauðir í Holly

Það háir mér bæði sem gagnrýnanda og almennum kvikmyndaáhugamanni að ég met kvikmyndaáhugamanninn á ákaflega persónulegum nótum. Sumir höfða til mín og aðrir ekki og þeir sem fara í taugarnar á mér geta hæglega eyðilaggt fyrir mér heilu bíómyndirnar, dagana og jafnvel árin.

Humphrey Bogart, Steve McQueen, Ray Winstone og Mickey Rourke eru mínir menn vegna þess að þeir eru ekta. Þeir léku eða leika töffara og voru og eru töffara bæði á tjaldinu og í einkalífnum. Tom Cruise og Brad Pitt leika oft töffara en þeir eru aumingjar. Leiðindagaurar sem eru komnir allt of langt og þéna miklu meira en þeir eiga skilið. Það gerir mér lífið svo auðvitað óendanlega erfitt að þessir gaurar eru skærustu stjörnur í dag og eru daglegir gestir í slúðurdálkum og fastir póstar í stórmýndum á meðan það hefur til dæmis kostað Mickey Rourke ferilinn að vera hann sjálfur. Fölsku gaurarnir eru greinilega málið í Hollywood.

Rourke var betri leikari en Cruise en hann skrapar botninn á meðan Cruise lifir í vellystingum. Þetta er samt ekki það versta við Cruise. Ég þoli hann bara ekki en það er mitt vandamál.

Sama er að segja um Pitt. Þegar hann og Johnny Depp voru að byrja fékk Pitt 7 milljónir dollara fyrir mynd á meðan Deep fékk eina. Ekki mikið réttlæti í því þar sem Deep er miklu betri leikari og miklu, miklu fallegri en Pitt. Pitt hefur alltaf farið í taugarnar á mér og til að bæta gráu ofan á svart þá er ég skotinn í Angelinu Jolie og eftir að hann byrjaði með henni hef ég hatað hann. Laun heimsins eru vanþakklæti og það sést hvergi betur en í Hollywood þar sem allt gildismat er kolbrjálað og réttlætið er ekkert. Þar fara sauðirnir í fylkingarbrjósti og hafrarnir reka lestina.



Lengi er von á Stallone


Boxarinn Rocky og hermaðurinn Rambo voru helstu kaldastríðshetjur hvíta tjaldsins á níunda áratugnum. Báðir holdgerðust þeir í Sylvester Stallone sem barði á óvinum Bandaríkjaanna af mikilli hörku. Kallinn stendur nú á sextugu en er enn í fullu fjöri rétt eins og Rocky og Rambo.

Fimmta myndin um Rocky var frumsýnd árið 1990 og Rambo lét síðast sjá sig árið 1988. Síðan þá hafa yngri og öflugri stjörnur skyggt á frægðarsól Stallones og flestir töldu að Rambo og Rocky væru búnir að syngja sitt síðasta.

Stallone er þó síður en svo dauður úr öllum æðum og gerir nú úrslitatrið til þess að endurheimta forna frægð með því að blása lífi í þessar tvær persónur sem hafa í gegnum tíðina aflað honum mestra tekna og vinsælda. Rocky er væntanlegur á hvíta tjaldinu um jóln og Rambo mun að öllum líkindum hnykla vöðvana á ný á næsta ári í Rambo IV: In the Serpent's Eye.

Boxaði sig á toppinn

Stallone skaut leiftursnöggt upp á stjörnuhimininn með Rocky árið 1976. Hann skrifaði sjálfur handritið að sögu götustráksins Rocky Balboa sem vann fyrir sér sem handrúkkari þar til hann fékk tækifæri til þess að skora á hnefaleikameistarann



Apollo Creed, sló í gegn og lagði heiminn að fótum sér í framhaldinu. Stallone lék Rocky sjálfur og stóð sig vel enda féll persónan ágætlega að takmörkuðum leikhæfileikum kappans.

Framhaldsmýndirnar um Rocky urðu fjórar en glæsileiki hetjunnar var áberandi mestur í þriðju myndinni. Í þeirri fjórðu barði hann á Dolph Lundgren sem lék rússneskan boxmeistara sem var að sjálf-sögðu rakið illmenni en í fimmtu myndinni hafði heldur betur hallað undan fæti. Rocky var orðinn gjaldþrota og þar fyrir utan heilaskemmt flak sem fékk uppreisn æru með því að taka að sér að þjálfa ungan boxara. Lærlingurinn lét þó illa að stjórn og Rocky þyrfti að sýna fram á að hann væri enn bestur með því að lumbra á piltinum í hressilegum götubardaga.

Stallone er allt í öllu í nýju Rocky-myndinni sem er sú sjötta í



SYLVESTER STALLONE Það hefur verið fátt um fína drætti hjá leikaranum á undanförunum árum en nú stefnir hann á toppinn á ný með Rambo og Rocky.

röðinni og heitir einfaldlega Rocky Balboa. Hann skrifar handrit og leikstjóri og gefur Rocky kost á að rífa sig upp úr volæði fimmtu myndarinnar.

Aftur í hringinn

Þegar við hittum Rocky fyrir í vetur er hann rúmlega fimmtugur, einmana ekkjumaður sem rekur lítið veitingahús í Filadelfíu. Peningavandræði verða til þess að hann stígur aftur í hringinn og berst við minni spámenn í sportinu. Seiglan í þeim gamla verður til þess að hann fær tækifæri til að mæta heimsmeistarannum í þungavigt og þrátt fyrir aldur og fyrri sigra og ósigra getur hann ekki stillt sig um að slá til. Þetta hljómar óneitanlega svoltið eins og söguþráður

Rambo dó í lok skáldsögunnar en hann er greinilega eilífur á hvíta tjaldinu og Stallone sá sér strax leik á borði og sendi Rambo til Víetnam í Rambo: First Blood Part II. Þar er okkar maður aftur orðinn virkt tannhjól í stríðsmaskínu Bandaríkjaanna og gerir upp Víetnam-stríðið með því að bjarga bandarískum stríðsföngum og drepa slatta af vondum Rússum í leiðinni.

Gömul hetja í breyttum heimi

Í þriðju myndinni blandaði hann sér svo í funheitt utanríkismál þegar hann skrapaði til Afganistans og hjálpaði talibönum að hrekja Sovétmenn á flóttu. Heimsmyndin hefur breyst töluvert síðan þá og það er hætt við að Rambo þyrfti að lumbra á fyrrum félögum sínum færi hann aftur til Afganistans.

Rambo var sannkölulúð kaldastríðshetja og sagan segir að þegar

Horfir til fortíðar

Veggspjald nýju Rocky myndarinnar er bergmál af fyrstu tveimur myndunum og tekur af öll tvímæli um að Stallone horfir til fortíðar. Tökur á nýju Rambo myndinni hefjast í Taílandi í janúar en kappinn er þegar farinn að munda hnifinn góða sem kallar óneitanlega fram minningar um gömul afrek á vígvöllum í Bandaríkjunum, Víetnam og Afganistan.

fyrstu myndarinnar fyrir utan það að hetjan hefur bætt á sig þrjátíu árum sem eru sjálfssagt smámunir þegar Stallone og Rocky eiga í hlut.

Skipt á boxhönskum og vélbyssu

Rambo-myndirnar urðu aðeins þrjár á níunda áratugnum en afrekaskrá þessa uppgjafarhermanns úr Víetnamstríðinu er ekki síður glæsileg en hins andlega tvíbura hans í hnefaleikahringnum.

Rambo kom til sögunnar árið 1985 þegar vinsældir Stallones í hlutverki Rockys voru í hámarki en þriðja myndin um þá hetju kom út árið 1982. Fyrsta Rambo-myndin, First Blood, byggði á samnefndri skáldsögu Davids Morrell sem fjallaði um sérsveitarhermanninn John J. Rambo sem lenti upp á kant við lögreglustjóra í smábæ en þeim viðskiptum lauk nánast með því að drápsvélin frá Nam jafnaði bæinn við jörðu.

Bandaríkjamenn blönduðu sér í átök á Granada hafi Ronald Reagan forseti spurt hvort ekki væri hægt að senda Rambo á staðinn til að bjarga málunum. Það fer nokkrum sögum af því hvað Stallone ætlar að láta Rambo taka sér fyrir hendur í breyttum heimi. Því hefur verið fleygt að hann muni koma góðgerðarsjálfböðaliðum í Burma til aðstoðar og bjarga þeim úr klóm sadista. Flest bendir þó til þess að hann muni rifja upp gamla takta þegar ung dóttir hans týnist og að í leit sinni að henni gangi hann til liðs við flóttamann sem er ranglega sakaður um stríðsglæpi. Kostulegasta kjaftasagan um söguþráð nýju myndarinnar er þó tvímælalasta sú að Rambo fari til Afganistans að leita að Osama bin Laden eftir að börnin hans tvö farast í Tvíburaturnarásinni. Það er þó ekkert til í þessu en í þessu tilfelli væru þó bæði Rambo og Stallone sjálfum sér samkvæmir og á heimavelli.

thorarin@frettabladid.is

JACKASS GENGID ER KOMID AFTUR!
JOHNNY KNOXVILLE, STEVE-O OG BAM MARGERA
FRAMKVÆMA BRJÁLÆDISLEG ÁHÆTTUATRIDI.
MYNDIN FÓR BEINT Í #1 SÆTI Í USA.

FRUMSÝND 13. OKTÓBER.



jackass
number two

9
HVER
VINNUR!


SENDU SMS SKEYTID JA JAF
Á NÚMERID 1900 OG ÞÚ
GÆTIR UNNID MIÐA FYRIR TVÖ.
VINGINGAR ERU BIÓMIÐAR FYRIR TVÖ,
DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

VINGINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPVOGI. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA
ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTID.

ÚR VERINU

Vafasöm tilraun endurtekin

Paul Scheuring, heilinn á bak við hina vinsælu sjónvarpsþætti Prison Break, ætlar að slíta sig aðeins frá sköpunarverki sínu og leikstýra endurgerð þýsku kvikmyndarinnar Das Experiment eftir **Oliver Hirschbeigel** frá árinu 2001. Scheuring mun þó enn halda sig innan fangelsisveggja þar sem myndin fjallar um tilraun sem gekk út á að sjálfbodaliðum var skipt í tvennt, fangaverði og fanga, í þeim tilgangi að sjá hversu langt fólk væri tilbúið að ganga í skepnuskap gagnvart náunganum fengi það svigrúm til þess. Tilraunin endaði síðan með ósköpum þegar þeir sem léku fangaverði misstu öll tók á sjálfum sér og raunveruleikanum. Tökur hefjast í vor en engir leikarar hafa enn verið ráðnir.



Hristur með sítrónu

Sá James Bond sem kemur fyrir sjónir almennings í Casino Royale í vetur er nýr og ferskur enda byggir myndin á fyrstu skáldsögu **Ians Fleming** um njósnarann og því er um nokkurs konar forleik að myndabálknum að ræða. Bond í túlkun **Daniels Craig** er því yngri og óreyndari en hann hefur verið í meðförum **Sean Connery**, **Roger Moore** og allra hinna. Hann drekkur því ekki hið sigilda vodkamartini hanastél sem var hrist en ekki hrært, eins og frægt er orðið. Sérstök blanda var sett saman fyrir nýja Bondinn og ber hún nafnið The Vesper og samanstendur af þremur slettum af



Gordon's gini, einni af vodka og hálfum sjúss af Kína Lillet. Þetta er svo hrist saman, hellt yfir ís og sítrónusneið bætt við.

Downey fær mótleikara

Jon Favreau er kominn á fleygiferð við undirbúning Iron Man. **Robert Downey** hefur verið ráðinn í hlutverk millans Tony Strak sem berst gegn glæpum íklæddur málbrynju sem er einnig öndunarvél sem heldur honum á lífi. Fréttir herma að **Terrence Howard** muni leika Jim Rhodes, féлага Starks sem hjálpar honum að hanna búningin góða. Síðar slettist hressilega upp á vinskáp þeirra og Jim verður skúrkurinn War Machine sem bakar Járnkallinum ómæld vandræði. Sá þáttur verður þó ekki tekinn fyrir nema raðist verði í gerð framhaldsmynda. Howard er þekktastur fyrir leik sinn í myndunum Get Rich Or Die Tryin', Four Brothers og Hustle and Flow.



Fjandinn gengur laus í hátískufötum

Efist einhver um að tískuheimurinn sé grimmur og miskunnarlaus ætti kvikmyndin The Devil Wears Prada sem frumsýnd er á morgun að fá þann hinn sama til þess að endurskoða afstöðu sína.

Myndin er gerð eftir samnefndri metsölubók Lauren Weisberger en bókin var í hálf ták á metsölulista The New York Times og hefur verið þýdd á 27 tungumál.

Bókin og myndin fjalla um Miröndu Priestly sem er ein voldugasta manneskjan í tískuheiminum og mótar hann og sveigir eftir sínu höfði í krafti tiskublaðsins Runway Magazine sem hún ritstýrir.

Miranda er harður húsbóndi og baráttan á toppnum er svo harkaleg að aðstoðarfólk hennar gefst hratt upp enda ekki heiglum hent að halda í við drottninguna. Nýliðinn Andy Sachs lætur þetta þó ekki aftra sér og tekur starfið að sér og gerir allt sem hún getur til að líkja eftir yfirboðaranum. Hún kemst þó illilega að því að velgegni og áhrif í tískuheiminum eru dýru verði keypt enda kalt og einmanalegt á toppnum.

MERYL STREEP Óskarsverðlaunaleikkonan leikur Miröndu með miklum bravúr og glansar í gegnum myndina með hart bein í nefinu íklædd hátískufatnaði.



20% afsláttur
af öllum gönguskóm
í 10 daga

Gönguskór

FRUMSÝNDAR UM HELGINA

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



The Devil Wears Prada
Internet Movie Database 7,0/10
Rottentomatoes.com 78% = Fersk
Metacritic.com 62/100

The Thief Lord
Internet Movie Database 6,2/10
Rottentomatoes.com -
Metacritic.com -

Jackass 2
Internet Movie Database 7,4/10
Rottentomatoes.com 60% = Fersk
Metacritic.com -



SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF



Athugaðu...

... að kaffidrykkja er meira en sjálfur sopinn. Kaffikorg þarf ekki endilega að fleygja í ruslafötuna. Hann hentar einstaklega vel sem áburður á pottaplönturnar.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR BORGARFULLTRÚI

Ólst upp við súra selshreifa

Hvaða matar ætíðu síst verið án?

Ég hef mikla aðlögunarhæfileika í því. Sérísið er fljótlegur kostur á morgunhlaupunum.

Besta máltíð sem þú hefur fengið?

Máltíð er ekki bara matur heldur líka félagskapurinn og andrúmsloftið. Jólamatúrinn skipar sérstakan sess: rjúpan, fjölskyldan og hátíðleikinn.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Skyrhræringur finnst mér sérlega ógeðfældur matur. Ábrysti myndi ég ekki borða ótilneydd, en það er helst vegna áferðarinnar.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:

Kúskús, það er alltaf hægt að búa eitthvað til úr því. Síðast notaði ég kjúklingakraft í vatnið, setti púrrulauk og rauða papríku út í og þá var komin fin máltíð.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Ég fæ mér tebolla og þurrkaðar apríkósur. Það er mjúkt og hlýtt, dálítið sætt en ekki meinlega óhollt.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?

Mjól, egg og ost.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?

Hrísgjón. Þau geymast vel og eru seðjandi. Og svo lúku af góðum kryddum, þannig verða grjónin uppistaða í margs konar mat.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Sumum finnst eyjamatur eins og súrir selshreifar og kríuegg skrítnir, en ég ólst upp við það, fannst það misgott en allt þokkalegt. Svo smakkaði ég kengúrukjöt um daginn.



ÞRÚGUR GLEÐINNAR

Einar Logi Vignisson

Kattarhlandsþrúgan sauvignon blanc

Lýktinni af vínunum úr þrúgunni sauvignon blanc er gjarnan líkt við kattarhland í jákvæðri merkingu. Stundum sögð grösug, rykug eða steinefnarík. Hljómar frekar óaðlaðandi fyrir óinnvígða í vínfræðunum og segjast verður að vín úr sauvignon blanc eru gjarnan seintekin. Ekki þau vín sem fólk kemst fyrst á bragðið með. En eru þeim mun ánægjulegri og óvæntari þegar þau stinga nefinu inn. Eru t.d. afbragðs kostur í samkvæmi en alltof oft er boðið upp á feit og eikuð chardonnay vín í kokkteilboðum sem gera gesti fljótt þreytta.

Þrúgan sauvignon blanc er eins og flestar þrúgur heims ættuð frá Frakklandi, nánar tiltekið úr Loire-dalnum og Bordeaux þar sem henni er gjarnan blandað saman við þrúguna sémillon. Kunnust vínanna frá Loire eru Sancerre og Pouilly-Fumé. Þrúgan hefur breiðst með ógnarhraða um veröldina síðustu ár og verið í mikilli tísku. Mestri leikni í meðferð þrúgunnar hafa Nýsjálandingar náð. Vín þeirra eru all ólík frönsku ættmennunum, nokkuð dekkri, ilmmeiri og áleitnari, stundum allt að því yfirþyrmandi. En gjarnan gifurlega gefandi vín með löngu, kröftugu og fersku eftirbragði. Víða annars staðar eru framleidd góð vín úr sauvignon blanc, löng hefð er fyrir því í Suður-Afríku og Bandaríkjunum og nýlega hafa skotist fram stjörnuvín frá Chile. Stundum eru vínin gerjuð og þroskuð í eikartunnum og eru þá kölluð fumé blanc. Vínin verða við þessa meðferð öflugri og flóknari en missa stundum skerpuna og einfaldleikann sem margir hrífast svo af í fari sauvignon blanc.

Sauvignon blanc og cabernet franc eru foreldrar frægustu og útbreiddustu rauðvinsþrúgu heims, cabernet sauvignon. Afkvæmið fræga er blendingur sem þróaðist úr þessum tveimur þrúgum og cabernet sauvignon er ótrúlegt en satt ekki nema 600 ára gömul.

Á uppskerudögum sem standa yfir í október í vínubúðunum eru 26 vín úr sauvignon blanc á lækkuðu verði. Nær helmingur, eða tíu vín, eru frá Chile og endurspeglar það sterka stöðu vína þaðan hjá Íslendingum. Flest eru þetta einföld, hrein og bein vín á afar góðu verði – undir þúsundkallinum. Þó er einnig að finna öflugri vín frá þekktum framleiðendum sem sýna hversu langt Chile-menn hafa náð með þrúgunu. Aðeins tvö vín á tilboði eru frá Nýja-Sjálandi sem er mikill skaði sé haft í huga hversu mörg frábær vín úr sauvignon eru framleidd þar.



Á botninn hvolf:

Fá vín eru samkvæmisvænni en vín úr sauvignon blanc. Henta vel ein og sér eða með pinnamat, salati, kjúklingi og léttum réttum.

Fartölvan hjá pönnunni

Myndlistarmaðurinn og einyrkinn Kristján Jónsson reiðir fram „geðveikislega gott spaghettí“ fyrir lesendum Fréttablaðsins. Hann segir gæði réttarins velta á því að menn séu strangheðarlegir.

„Þetta er mjög einfalt, en byggist alveg á því að menn fylgi fyrir-mælum. Ég hef sjálfur haft óslökkvandi löngun í þennan rétt en ekki átt allt heima. Það hefur endað með mikilli óánægju,“ sagði Kristján, en uppskriftina telur hann sig hafa frá kokki í New York. „Ég hef aldrei átt nákvæma uppskrift, en það skiptir heldur ekki máli.“ Kristján segist lesa dálítið af matreiðslubókum, en að hann breyti uppskriftum jafnframt miskunnarlaust. „Ég er alltaf með einhverjar hugmyndir. Upp á síðkastið nota ég netið líka mikið, fartölvan er nánast við hliðina á pönnunni. Svo byggi ég á því sem ég finn þar,“ sagði hann.

Áður en þessi réttur er fram borinn hitar Kristján matardiskana og setur slurk af jómfrúarólífuolíu á þá, undir spaghettíið. „Þá eru þeir tilbúnir fyrir réttinn,“ sagði hann.

Geðveikislega gott spaghettí

beikon
chili
hvítvín
vel þroskaðir tómatar
fersk basilíka
fyrsta flokks geitaostur
jómfrúarólífuolíu
salt og pipar

Brytjið um það bil 100 grömm af beikoni smátt, leggið í sjóðandi vatni í stutta stund og þerrið. Steikið það svo í góðri olíu með smáttsoxuðum fræhreisnuðum



KRISTJÁN JÓNSSON Hefur einnig prófað sig áfram með risotto í ár og segir nýjan fisk og risotto vera ótrúlega blöndu.

chili eftir smekk. Þegar það fer að krauma er hvítvíni hellt út á og soðið upp. Kryddið með salti og pipar. Bætið vel maukuðum, vel þroskuðum tómötum út í. Ef þið nennið að setja þá í sjóðandi vatni í smá stund, taka hýðið af og fræhreinsa áður en þeim er bætt út í munuð þið höndla sannleikann og uppskera bullandi lof

gesta! Þegar sósan hefur verið soðin niður er slökkt undir og í minnsta lagi bolla af niðurskorinni ferskri basilíku bætt út í, en hún má lítið sem ekkert sjóða. Þegar herlegheitin eru komin á disk með spagettíinu er slatta af fyrsta flokks geitaosti og slurk af jómfrúarolíu hellt yfir.

sunna@frettabladid.is

Sykursætar og fallegar á disk

Það er ekki langt síðan sætar kartöflur héldu innreið sína í grænmetisborð í matvörubúðum landsins, og því ekki úr vegi að fá ábendingar um hvernig hægt sé að nýta þær í matargerð. Karl Eiríksson, yfirkokkur hjá Móður náttúru, segir sætar kartöflur ganga sem meðlæti með mörgum réttum. „Mér finnst þær persónulega bestar ofnakaðar. Þá eru þær flysjaðar og skornar í báta, strimla eða teninga og settar í ofnskúffu. Svo hellir maður olíu yfir, kryddar og bakar. Þetta tekur líka um helmingi styttri tíma en með venjulegar kartöflur,“ sagði Karl.

SÆTAR KARTÖFLUR

Öðruvísi kartöflubátar sem fara vel á disk.



Kartöflurnar má nota í alla rétti í stað hefðbundins rötargrænmetis. „Ef ég geri kjúkling í ofni finnst mér mjög gott að setja þær með í steikingarpottinn,“ sagði Karl, en hann sagði kartöflurnar einnig henta mjög vel í súpu-grunna og ýmiss konar grænmetispottrétti.

Hafa ber í huga að þetta rötargrænmeti ber nafn með rentu, kartöflurnar eru dísaðar. „Fólk hefur notað þær í bakstur í stað venjulegs sykurs, það gefur líka mjög góða fyllingu,“ sagði Karl. Vegna sætunnar segir Karl þær henta einstaklega vel með þungu kryddi eins og kanil og negul sem eru algeng í indverskri og marokkóskri matargerð. „Svo eru þær svo yndislega appelsínugular og fallegar á disk,“ sagði Karl.

KARL EIRÍKSSON

Notar sætar kartöflur í alls konar pottrétti.



Vínskólinn

Fræðsla um létt vín, vínsmökkunarnámskeið fyrir alla.

Næstu námskeið:

12.10 **Vín með villibráð** - Ostabúðin Skólavörðustíg 8

17.10 **Vín með villibráð** - Ostabúðin Skólavörðustíg 8
Alveg rétti tíminn og nýjar hugmyndir um samsetningu.

18.10 **Bordeaux I. hluti** - Hótel Centrum
Bordeaux er að ná miklum vinsældum aftur, skoðum betur

24.10 **Bordeaux II. hluti** - Hótel Centrum
Haldið áfram um Bordeaux, Hægri Bakinn og sætu vínin

Allar nánari upplýsingar á www.vinskolinn.is
Skrá sig: dominique@vinskolinn.is

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT
AÐ VITA UM ELDHÚS



HEIMILI
FAGURKERANS



RETRÓ Í PARADÍS



VEGGFÓÐUR.
Óktóber 2006 Verð 699 kr.

**Hönnunarstjórnur
21. aldarinnar**
BOURDULLEC-BRÆÐURNIR VITA
HVAD PEIR SYRÐA

gósenland
FAGURKERANS
JÓHANNA KRISTIN ÓLAFSDÓTTIR, INNANHÚSSARKIÐTEKT
OPNAR HEIMILID

**Fréttakonan
Bryndís Hólm**
KYS EINFALDLEIKANN

Guðjón Pedersen
BORGARLEIKHÚSSTJÓRI
Á ÆVINTÝRALEGT HEIMILI

Retró
ÁHRIF Í PARADÍS

32 SÍÐNA BLAÐAUKI UM ELDHÚS



NAUMHYGGJU-
KONAN
BRYNDÍS HÓLM



NÝTT BLAÐ
KOMIÐ ÚT!

LEIKHÚSSTJÓRINN
Í MIÐBÆNUM

Réttað yfir Basinger

Skilnaður leikarahjónanna fyrrverandi Kim Basinger og Alec Baldwin er farin að taka á sig ansi ljóta mynd. Eins og greint hefur verið frá stefndi Baldwin konunni sinni fyrrverandi fyrir að hafa brotið á umgengnisrétt sínum með dóttur þeirra Ireland auk þess að hafa ekki greint honum frá meiðslum sem hún varð fyrir.

Dómstóll í Los Angeles hefur nú úrskurðað



BASINGER Réttað verður í máli hennar og fyrrum eiginmanns hennar, Alec Baldwin, í janúar á næsta ári.

að málið fari fyrir rétt eftir að Basinger lýsti sig saklausa af öllum ákærum en ef leikkonan verður fundin sek getur hún átt von á sextíu daga fangelsi og tólf þúsund dollara sekt, sem samsvorar nú hundruð þúsund íslenskum

krónum. Málsmeðferðin hefst 15. janúar og er reiknað með því að Baldwin verði eitt þeirra vitna sem lögfræðingur hans, Vicki Greene, kalli til. Lögfræðingur Basinger, Neal R. Hersch, tilkynnti hins vegar að hún hygðist nýta sér þann rétt að vera víðs fjarri.

Hjónaband Basinger og Baldwin var eitt af hinum traustustu í Hollywood og kom það mörgum í opna skjöldu þegar þau tilkynntu um skilnað sinn árið 2000 en þau sömdu um sameiginlegt forræði árið 2004, samkomulag sem Baldwin telur hafa brotið með fyrrgreindum afleiðingum.



ALEC BALDWIN Ætlar ekki að gefa neitt eftir í forræðisdeilu við fyrrverandi eigin konu sína, Kim Basinger.



VEISTU MIKIÐ UM AIRWAVES 2006? Ef svo er farðu þá inn á vefinn Reykjavik.com þar sem hægt er að vinna armband á hátíðina ef svarað er spurningum tengdum hljómsveitum sem troða upp.

Airwaves-leikur á Reykjavik.com

Vefurinn Reykjavik.com hefur farið af stað með leik á vefsíðunni sinni þar sem hægt er að vinna hið eftirsóttu armband á hátíðina. Leikurinn felur í sér að svara þarf spurningum um hljómsveitirnar sem spila á hátíðinni. Armbandíð gefur greiðan aðgang að öllum tónleikum sem hátíðin hefur upp að bjóða og því til mikils að vinna. Armbandíð kostar 6.900 krónur í almenri sölu.

Eins og kunnugt er hefst hátíðin 18. október næstkomandi og lýkur sunnudaginn 22. Helstu tónlistarmenn sem koma fram á hátíðinni eru meðal annars Data-rock, Kaiser Chiefs, Whomadewho og íslenskar hljómsveitir á borð við Dr. Mister & Mr. Handsome, Hairdoctor og Apparat Organ Quartet.



U2 Hljómsveitin U2 gefur út nýja safnplötu í næsta mánuði.

Nafn komið á safnplötu

Nýjasta safnplata írsku hljómsveitarinnar U2 nefnist U218 Singles. Plötunni fylgir DVD-mynddiskur með tónleikaupptökum af tíu lögum sveitarinnar frá tónleikum í Milánó. Voru þeir hluti af Vertigo-tónleikaferðinni.

Rick Rubin var upptökustjóri í tveimur lögum á plötunni. Annað þeirra er The Saints Are Coming eftir The Skids sem U2 vann með Green Day í Abbey Road-hljóðverinu. Safnplatan kemur út 16. nóvember.

Í fótspor Jolie og Farrow

Söngkonan Madonna hefur fetað í fótspor Angelínu Jolie og Miu Farrow og ættleitt barn frá fátæku ríki. Faðir hins árgamla Davids er ánægður með þróun mála og segir hann betur kominn í öðru landi.

Söngkonan Madonna hefur ættleitt eins árs drenginn David frá Afríkurríkinu Malaví.

Faðir hans, Yohane Banda, staðfesti þetta í samtali við AP-fréttastofuna. „Ég veit að hann mun verða mjög hamingjusamur í Bandaríkjunum,“ sagði hann. „Ég er mjög ánægður með þessa þróun mála vegna þess að hérna er mikil fátækt og það verður mjög vel séð um hann í Bandaríkjunum,“ bætti hann við. Að sögn föðurins lést móðir drengsins aðeins mánuði eftir að hún eignaðist hann vegna erfiðleika við fæðinguna. Ekki er þó víst að faðirinn átti sig á því að Madonna hefur búið að mestu í Bretlandi undanfarin ár en það skiptir kannski ekki öllu máli.



MEÐ MADD-OX Angelína Jolie með hinni fjögurra ára ættleidda son sinn, Maddox.



Í AFRÍKU Söngkonan Madonna spjallar við munaðarlaus börn í Afríkurríkinu Malaví.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ánægð amma

Amma drengsins, Asinei Mwale, er einnig ánægð með ættleiðinguna. „Stjórnandi munaðarleysingjahælisins kom hingað í gær [fyrradag] og sagði okkur að David hefði verið ættleiddur af þekktum bandarískum söngvara,“ sagði hún. „Ég er mjög ánægð fyrir hans hönd, því ég veit af eigin raun hversu erfitt það getur verið að alast upp sem munaðarleysingi.“

Malaví er á meðal fátækustu ríkja í heiminum og ríkir þar mikil hungursneyð auk þess sem sjúkdómar á borð við AIDS eru á hverju strái. Fjörtán prósent þeirra tólf milljóna sem þar búa eru smitdu af HIV-veirunni og talið er að um ein milljón barna sé munaðarlaus.

Orðrómur af stað

Orðrómur fór af stað um að Madonna myndi ættleiða barn frá Malaví eftir að hún ákvað að fljúga þangað til að sinna mannúðarstörfum. Vísuðu talsmenn hennar frétt-

unum á bug en svo virðist sem þær hafi verið hverju orði sannari. Vilja talsmennirnir í það minnsta hvorki játa því né neita nú að Madonna hafi ættleitt drenginn.

Madonna, sem er 48 ára, á tvö börn fyrir; annars vegar hinn fimm ára Rocco með leikstjóranum og eiginmanni sínum Guy Ritchie og hins vegar Lourdes sem er nú ára.

Í fótspor Jolie

Madonna fetar þar með í fótspor Angelínu Jolie, sem ættleiddi hinn fjögurra ára Maddox frá Kambódíu og hina sextán mánaða Zahöru frá Eþíópíu. Að auki eignaðist hún fyrr á árinu dótturina Shiloh Nouvel í Kambódíu með kærasta sínum Brad Pitt. Hyggur Jolie á ættleiðingu í það minnsta eins barns til viðbótar.

Rétt eins og Madonna hefur Jolie starfað að mannúðarmálum í fátækum ríkjum og hefur m.a. verið góðgerðarsendiherra flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2001.

Áður en Jolie fór að ættleiða börn frá fátækum ríkjum hafði fleira frægt fólk farið sömu leið. Mia Farrow ættleiddi til að mynda lítið barn frá Vietnam árið 1973 og á hún núna alls fjórtán börn, þar á meðal Soon-Yi Previn, sem er nú gift fyrrum fósturföður sínum Woody Allen.

ALLEN OG PREVIN Woody Allen kvæntist fósturdóttur sinni Soon-Yi Previn, sem eiginkona hans, Mia Farrow, hafði ættleitt.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Gibson ennþá edrú

Mel Gibson segist ekki hafa snert áfengi í þá sextíu og fimm daga sem liðnir eru síðan hann var handtekinn fyrir ölvunarakstur. Eftirmál þessa brots urðu þó mun verri því Gibson lét hafa eftir sér niðrandi ummæli um gyðinga við lögregluna og voru margir fjölmiðlasérfræðingar þess fullvissir að ferill leikarans væri búinn.

Gibson sagði í samtali við morgunþáttinn Good Morning America að það síðasta sem hann vildi væri að vera „þetta drukna skrímsli sem ég breyttist í þessa nótt,“ eins og hann orðaði það en nýjasta mynd hans, Apocalypto, verður frumsýnd í desember og þykir hafa mjög pólitíska undiröndu.

Gibson upplýsti jafnframt að hann hefði byrjað að drekka tveimur mánuðum áður en hann var handtekinn. „Árin líða og manni finnst lífið yndislegt en svo, eins og hendi sé veifað, er allt komið í rugl,“ útskýrði Gibson auk þess

sem hann lýsti yfir vilja sínum að gera kvikmyndir en sagðist jafnframt gera sér grein fyrir að sumir í Hollywood vildu ekki vinna með honum vegna ummæla leikarans um gyðinga. „Það er ekkert sem ég get gert við því og mér líður illa vegna þess að ég særði einhverja sem áttu það ekki skilið.“



MEL GIBSON Segist vera leiður yfir því að hafa sært þá sem áttu það síst skilið. Hann vilji fyrst og fremst gera kvikmyndir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



HIN HAMINGJUSAMA HEFNER-FJÖLSKYLDA Hugh er hér með kærastunum sínum þremur, þeim Holly, Bridget og Kendru.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Dómínó frekar en kynlíf

Playboy-kóngurinn Hugh Hefner er eitthvað farinn að eldast ef marka má frétt The Sun, sem greinir frá því að glaumgosinn kjósi frekar að spila dómínó við ljóskurnar í villunni en að stunda með þeim hvers kyns ástarleiki. „Ég er orðinn þreyttur á þessu stóðlífi,“ sagði Hefner við blaðið. „Ég hef ennþá getuna en þetta er eitthvað öðruvísi í dag,“ bætti Hefner við. „Mér finnst í raun skemmtilegast að spila dómínó við stelpurnar mínar,“ útskýrði hann.

Hefner hefur ætíð verið mikill kvennabósi og átti um tíma sjö kærustur á sama tíma en varð að skera þann fjölda niður í þrjár árið 1997 vegna þess að þær urðu afbrýðisamar hver út í aðra að sögn Hughs. Nú deilir hann rúmi með hinni 26 ára gömlu Holly Madison, 32 ára gömlu Bridget Marquardt og 21 ára gömlu Kendru Wilkinson.

„Að hafa þrjár ungar og fallegar konur sér við hlið heldur elli kerlingu í burtu,“ sagði klámkóngurinn.

Ágengir fjölmiðlamenn í Höfða

Andri Thor Birgisson, myndatökumaður hjá Stöð 2, lenti í undarlegri uppákomu á mánudag þegar hann þurfti að festa hljóðnema á Yoko Ono, ekkju bítilsins John Lennon.

„Oh Yoko, oh Yoko, my love will turn you on,“ söng John Lennon á Imagine-plötunni árið 1971 en hvort Andri Thor Birgisson, myndatökumaður Stöðvar 2, eigi eftir að söngla þennan lagbút eftir atburði mánudagsins skal ósagt látið.

„Ég var nú bara að festa á hana hljóðnælu,“ útskýrir Andri Thor, sem tók upp viðtal fréttamannsins Helga Seljan við Yoko Ono vegna friðarsúlnunnar í Viðey. Ljósmynd af kappanum þar sem hann fer með höndina inn á peysu Ono þykir kostuleg, eins og sjá má hér á síðunni. Myndatökumaðurinn segir þetta bara vera hluta af starfinu og viðmælendur taki svona hlutum oftast með jafnaðargeði. „Yfirleitt er þetta nú hlutverk hljóðmanna en þar sem enginn slíkur var með í för varð ég



Ó YOKO Andri Thor þurfti að gerast ansi nærgöngull við Yoko Ono og lagið „Oh Yoko“ kom óneitanlega upp í hugann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

bara að gera þetta sjálfur,“ bætir hann við og segir Yoko ekkert hafa kippt sér upp við þetta. „Hún var ekki í opinni skyrtu, sem hefði vissulega auðveldað málið, þannig að þetta kom svolítið undarlega út,“ viðurkennir Andri. „Reyndar er nú stundum sagt í gríni að hljóðmenn séu í besta starfinu, þeir fá að káfa á öllum stelpunum,“ segir myndatöku-

maðurinn. Reyndar vakti fleira athygli því fjölmiðlafólk sýndi listakonunni mikinn áhuga og fékk fréttakona RÚV, María Sigrún Hilmarsdóttir, Yoko til að árita gamla plötu fyrir sig.

Andri sagðist kunna ágætlega við Yoko og fannst það fint framtak hjá henni að reisa þessa ljós-súlu í Viðey. „Hún er auðvitað mjög sérstakur karakter,“ segir

hann og bætir við að hann hafi mikið dálæti á tónlist hins látna eiginmanns Yoko, John Lennon, og félagi í Bítlunum. Koma Yoko Ono hingað til lands og friðargjöf hennar til Reykvíkinga hefur vakið mikla athygli erlendis og hafa flestir hinna stóru fjölmiðla fjallað um málið enda fór athöfnin fram á sjálfum afmælisdegi Bítilsins. freyrgigja@frettabladid.is



SHARON OSBOURNE Mætti full í útsendingu á sínum eigin spjallþætti á mánudagskvöldið.

Full í útsendingu

Athafnakonan Sharon Osbourne mætti undir áhrifum áfengis í vinnuna á mánudag en þá átti hún 54 ára afmæli. Sharon er með sinn eigin spjallþátt í Bretlandi og var víst ansi skrautleg í útsendingu þar sem hún blótaði og talaði óskýrt allan tímann. Í lokin sneri frúin sér svo að áhorfendum og bað þá afsökunar að hún væri full en hún ætti nú einu sinni afmæli í dag og þá mætti hún gera það sem hún vildi.

Áhorfendur í Bretlandi voru síður en svo ánægðir með uppátæki Sharon og eiga örugglega einhverjir eftirmálar eftir að fylgja þessu máli.

Osbourne-fjölskyldan er þekkt fyrir vandamál með vímuefni en allir fjölskyldumeðlimirnir hafa farið í meðferð.



FÉKK ÁRITUN FRÁ GOÐINU María Sigrún Hilmarsdóttir, fréttakona hjá RÚV, stóðst ekki mátið og fékk áritun hjá Yoko Ono.

Whistles

Við eigum 1 árs afmæli!

Komdu og njóttu létttra veitinga í kvöld. Opið til 21:00

Í tilefni afmælisins bjóðum við 20% afslátt af öllum nýjum vörum 12. – 15. okt.

Á hverjum degi hlýtur heppinn viðskiptavinur 10.000 kr. gjafakort.

Whistles er breskt merki sem sérhæfir sig í einstökum og fágúðum stíl.

Nýtt í bíó

HÚSÍD ER Á LIFI OG ÞAU
ÞURFA AÐ BJARGA HVERFINU!
„STÓRSKEMMTILEG HRÝLLINGSMYND FYRIR ALLA
FJÓLSKYLDUNA SEM KEMUR EKKI Í VEG FYRIR SVEFN
HJÁ SMÁFÓKINU!“
F.G. FB

18

HEIMSRUMSYNING
THE TEXAS CHAINSAW MASSACRE
UPLIFING
FÆDINGU
ÓTTANS
VARÚD! ALLS EKKI
FYRIR VÍDKVÆMA
BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM

EMPIRE
FYLDIR ENGINN AÐSTRÖD
12

FRABER GAGNANHYDDU SJÓLAUFRÖKUR
SEM STÓRA SAKEN OG HETRA SÍN A
FYRVERANDI KARASTA SEM DÖMPADI MEI
MEÐ HINNI SJÓHEITU SOPHIA BUSH
UR ONE TREE HILL.

HEIMSRUMSYNING
ÞETTA ER
EKKERT MÁL
S.V. MBL
L.B. Topps.is

EMPIRE
V.J.V. Topps.is

2 vikur á toppnum í USA!
TALLADEGA NIGHTS
WILL FERRELL
THE BALLER OF BOONVILLE

VOLVER
S.V. MBL

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

Borgarbíó SÍMI 462 3500

DRAUGAHÚSÍD ISL. TAL	kl. 4 og 6 B.L. 7 ÁRA	DRAUGAHÚSÍD ISL. TAL	kl. 6 B.L. 7 ÁRA	DRAUGAHÚSÍD ISL. TAL	kl. 6 B.L. 7 ÁRA
MONSTER HOUSE EISKTAL	kl. 4, 6, 8 og 10 B.L. 7 ÁRA	TEXAS CHAINSAW MASSACRE	kl. 8 og 10 B.L. 18 ÁRA	TALLADEGA NIGHTS	kl. 8 og 10
TALLADEGA NIGHTS	kl. 5, 30, 8 og 10, 25	TALLADEGA NIGHTS	kl. 5, 40, 8 og 10, 20	CRANK	kl. 6 og 10
SYND Í LÚXUS	kl. 5, 30, 8 og 10, 25	JOHN TUCKER MUST DIE	kl. 6, 8 og 10	JOHN TUCKER MUST DIE	kl. 8
JOHN TUCKER MUST DIE	kl. 6, 8 og 10	ÞETTA ER EKKERT MÁL	kl. 8 og 10, 15		
CLERKS 2	kl. 10, 15	VOLVER	kl. 5, 50		
ÞETTA ER EKKERT MÁL	kl. 8				

450 kr. í bíó!

BIÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARÁR BÍÓ - bara lúxus

HEIMSRUMSYNING
THE TEXAS CHAINSAW MASSACRE
UPLIFING
FÆDINGU
ÓTTANS
VARÚD
EKKI FYRIR VÍDKVÆMA
BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM

HÚSÍD ER Á LIFI OG ÞAU
ÞURFA AÐ BJARGA HVERFINU!
7

EMPIRE
FYLDIR ENGINN AÐSTRÖD
12

FRABER GAGNANHYDDU SJÓLAUFRÖKUR
SEM STÓRA SAKEN OG HETRA SÍN A
FYRVERANDI KARASTA SEM DÖMPADI MEI
MEÐ HINNI SJÓHEITU SOPHIA BUSH
UR ONE TREE HILL.

HEIMSRUMSYNING
ÞETTA ER
EKKERT MÁL
S.V. MBL
L.B. Topps.is

EMPIRE
V.J.V. Topps.is

2 vikur á toppnum í USA!
TALLADEGA NIGHTS
WILL FERRELL
THE BALLER OF BOONVILLE

VOLVER
S.V. MBL

Sýnd kl. 6, 8 og 10 b.l. 18

Sýnd kl. 6 ísl. tal. b.l. 7

Sýnd kl. 8 og 10

Sýnd kl. 6

Sýnd kl. 8 og 10 b.l. 16

Vinkonur á ný

Nú hafa frægustu óvinkonur í heimi tekið saman á ný, Paris Hilton og Nicole Richie. Þær hafa nú grafið stríðsöxina og eru að sögn bandarískra tímarita orðnar óaðskiljanlegar á ný. Einnig er komin skýring á því af hverju slettist upp á venskapinn hjá þeim stöllum fyrir ári síðan. Nicole Richie mun víst hafa sýnt hina frægu klámmynd með Paris Hilton í partí þar sem þær báðar voru viðstaddir. Það tók Paris rúmlega ár að fyrirgefa vinkonu sinni óleikinn en sem betur geta þessar tvær athafnakonur nú farið að mála bæinn rauðan saman á ný.



BESTU VINKONUR Nicole Richie og Paris Hilton hafa ákveðið að grafa stríðsöxina.

Keppa í barneignum

Kryddpiurnar Victoria Beckham og Geri Halliwell keppa nú um hvor þeirra verði fyrr barnshafandi. Undarleg ástæða liggur þar að baki.

Undarleg staða er komin upp meðal fyrrverandi meðlima stelpuhljómsveitarinnar Spice Girls. Að minnsta kosti tvær þeirra keppast nú um hvor verði á undan að verða ólétt. Þetta eru þær Victoria Beckham og Geri Halliwell sem eru með sama kvensjúkdómalækninn. Sá heitir Malcolm Gillard og hefur í hyggju að setjast í helgan stein eftir tvö ár. Kryddpiurnar eru svo ánægðar með störf hans að þær eru ákveðnar, hvor um sig, að eignast barn áður en hann fer á eftirlaun.

Kvensjúkdómalæknirinn Gillard tók á móti öllum sonum Victoriu Beckham, þeim Brooklyn, Romeo og Cruz. Hann tók sömu leiðis á móti dóttur Geri, Bluebell Madonna. Söngkonurnar tvær eru sagðar með böggum hildar yfir þeirri tilhugsun að einhver annar muni mögulega taka á móti börnum þeirra.

„Þær geta bara ekki hugsað sér að einhver annar sinni þeim,“ sagði vinur Geri og Victoriu við breska blaðið Daily Express. „Malcolm tók á móti Beckhamstrákunum og dóttur Geri. Hann og konan hans hafa meira að segja verið í Madrid hjá Victoriu



VICTORIA BECKHAM Kryddpiurn fyrrverandi vill ólm eignast stúlku. Vel gæti farið svo að hún og David láti reyna á það fyrr en síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



GERI HALLIWELL Keppir við Victoriu um hvor verður á undan að verða ólétt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

og David, sem er líka mjög hrifinn af honum.“

Victoria Beckham hefur ekki farið leynt með þá löngun sína að

ignast stúlku og hafa breskir fjölmiðlar oftsinnis greint frá því að þau David hyggist eignast eitt barn til viðbótar.

VERTU TONY MONTANA Í EINUM SVALASTA LEIK ÁRSINS.
BYGGÐU UPP GLÆPAVELDIÐ OG NÁÐU FRAM HEFNDUM.

SCARFACE
THE WORLD IS YOURS

SENDU SMS BTC CFF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
ADALVINNINGUR ER PS2 TÖLVA + LEIKURINN

VINNINGAR ERU: SCARFACE LEIKUR (PC OG PS2),
PS2 STYRIPINNAR, PS2 MINNISKORT,
DVD MYNDR, FULLT AF ÖÐRUM TÖLVULEIKJUM
OG MARGT FLEIRA

Vinnningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/áskilyt.

BT
LENDIR Í BT 6. OKTÓBER

8
HYR VINNUR

Aðgengileg og skemmtileg krútt

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Íslenska hljómsveitin Skakkamanage er nýjasta útspil krúttkynslóðarinnar sem er orðin jafn íslensk og slátur og brennivín. Skakkamanage hefur þó verið til í nokkurn tíma, sendi meðal annars frá sér sjö tommu í fyrra, en Lab of Love er samt fyrsta breiðskífa sveitarinnar. Hljómheimur sveitarinnar sver sig í ætt við bönd á borð við Hudson Wayne og Slow-blow en Skakkamanage er án efa aðgengilegasta hljómsveit krúttkynslóðarinnar. Nú þegar hefur einmitt lagið None Smoker fengið töluverða spilun í útvarpi. Þó verður að segjast alveg eins og er að None Smoker er langt frá því að vera með betri lögum plötunnar, Ástartilraunastofan hefur upp á mun meira að bjóða.

Lagasmíðar Svavars Péturs Eysteinsonar eru skemmtilega einfaldar en þó margslungnar og oft er ekki allt sem sýnist, líkt og lögin Circle of Wood og Reporter bera með sér. Þau ásamt Walk With Me, OFC's og Colonial eru án efa bestu lög plötunnar. Hið síðastnefnda gæti vel talist sem eitt besta rokklag ársins á Íslandi en meiri hlutinn af plötunni er samt sem áður í mun ljúfsárari stíl; hreinræktað indí-popp.

Allur hljóðfæraleikur á plötunni hefur yfir sér kæruleysislegan brag án þess að vera ófagmannlegur. Í raun er öll platan kærulaus í edli sínu, til dæmis skemmtilega ósamræmdar harmóníur, afar ísl-enskur söngur, kúrekalegur munnhörpuleikur og einfaldir textar. Eðalblanda af góðu krútti. Lab of Love er samt sem áður ekki gallalaus en hún



SKAKKAMANAGE

LAB OF LOVE

Niðurstaða: Fyrirtaks indí-popp sem er í senn kæruleysislegt, falllegt og á tímum rokkað. Ætti að falla íslensku krúttkynslóðinni í geð.

hefur svo sannarlega margt upp á að bjóða þeim sem á hlusta.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Nýjasta stórvirkið frá Oliver Stone
NICOLA CAGE
WORLD TRADE CENTER
Stórmynd sem lætur engan ósnortin.

Truflaðasta
Þinn mynd ársins er komin.
Beerfest
ATH! Lögur og tölur eru þetta myndin.

Biluo skemmtun!
Forsýnd í kvöld
„Nýtt lágmark“
WASHINGTON TIMES
Jackass number two
Varúð! Bretturnar í þessari mynd voru framkvæmdar af atvinnuöðum, þannig að hvorki þú né heimsku litu vinir þínir eittu að reyna að leika þær eftir.

WORLD TRADE CENTER
Stórmynd sem lætur engan ósnortin.
THE QUEEN
THE ROAD TO GUANTANAMO
SIGURVEGARI
kvikmyndahátíðin í Berlín
BESTI LEIKSTJÓRINN
Ótengt

Step Up

ÓBYGGÐIRNAR
THE WILD
Sýnd með stórmynd og endu tali!

BÖRN
KVIÐMYND EFTIR RAGNAR BRAGSON

SAMBÍÓN / ÁLFABAKKA			SAMBÍÓN / KRINGLUNNI			SAMBÍÓN / KEFLAVÍK		
WORLD TRADE CENTER	kl. 5:50 - 8 - 10:40	B.I. 12	BEERFEST	kl. 5:45 - 8 - 10:10	B.I. 12	BEERFEST	kl. 8 - 10:15	B.I. 12
WORLD TRADE CENTER VIP	kl. 4 - 8 - 10:40		JACKASS : NUMBER TWO	kl. 8 (forsýn.)	B.I. 12	AN INCONVENIENT TRUTH	kl. 8 - 10	
BEERFEST	kl. 5:50 - 8 - 10:15	B.I. 12	HARSH TIMES	kl. 10:20	B.I. 16			
HARSH TIMES	kl. 10:40	B.I. 16	BÖRN	kl. 6 - 8 - 10:10	B.I. 12			
NACHO LIBRE	kl. 3:45 - 8	B.I. 7	ÓBYGGÐIRNAR	kl. 6	Leyð			
ÓBYGGÐIRNAR	Mf-Ís tal kl. 4 - 6	Leyð						
THE WILD	Mf-enskjal kl. 4	Leyð						
BÖRN	kl. 5:50 - 8:30	B.I. 12						
STEP UP	kl. 3:45 - 5:50 - 8 - 10:15	B.I. 7						
MAURAHRELLIRINN	Mf-Ís tal kl. 3:45	Leyð						
THE PROPOSITION	kl. 10:40	B.I. 16						

Munið afsláttinn

Órftaar sýningar!
einn af bestu knattspyrnumönnum sögunnar
ZIDANE

WORLD TRADE CENTER	kl. 5:30 - 8:30 - 10:10	B.I. 12
ZIDANE	kl. 8	
THE ROAD TO GUANTANAMO	kl. 8:10 - 10:20	B.I. 16
THE QUEEN	kl. 6 - 8 - 10:10	B.I. 12
ÓBYGGÐIRNAR	Mf-Ís tal kl. 6	Leyð
BJÓLFASKVIÐA	kl. 6	B.I. 16
PIRATES OF CARIBBEAN 2	tilboð 400 kr kl. 8:15	B.I. 12

HAGATORGI • S. 530 1919

Kidman hvetur Holmes til giftingar

Leikkonan og fyrrverandi eiginkona Tom Cruise, Nicole Kidman, sló á þráðinn til núverandi unnustu Cruise, Katie Holmes, og hvatti hana til að giftast leikaranum. Kidman var gift Cruise í tíu ár og hringdi í Holmes þegar henni bást fregnir af því að Holmes hefði áhyggjur af að ganga upp að altarinu með Cruise vegna trúar hans. Cruise er meðlimur í Vísindakirkjunni í Bandaríkjunum en Holmes er kaþólsk. Kidman mun víst hafa fullvissuð Holmes um að Cruise hefði reynt henni mjög góður eiginmaður í tíu ár og hún hefði ekkert að hræðast. Einnig bannaði Kidman henni að hlusta á allar slúður-sögnurnar, þær væru í langflestum tilfellum rangar.

Kidman giftist í sumar sveitasöngvaranum Keith Urban og er hún að sögn vina ástfangin upp fyrir haus.



NICOLE KIDMAN Hringdi í Katie Holmes til að fullvissa hana um að Tom Cruise yrði góður eiginmaður.



SKÖTUHJÚIN Katie Holmes hefur áhyggjur af að giftast Tom Cruise en vonandi hefur símtalið frá Nicole Kidman getað róað hana eitthvað.

Nýr demantur frá Kanada

Patrick Watson er ein af fjórum kanadískum hljómsveitum sem troða upp á komandi Airwaves-hátíð. Steinþór Helgi Arnsteinsson bjallaði í höfuðpaur Patrick Watson, sjálfan Patrick Watson.

„Þetta var í fyrstu persónulegt verkefni sem síðan þróaðist hægt út í heila hljómsveit. Þá þekkti fólk í Montreal nafnið Patrick Watson og það er erfitt að breyta nafninu á einhverju sem nú þegar hefur fengið hljómgrunn,“ útskýrir Patrick um nafngift hljómsveitarinnar.

Áferðarfallleg plata

Nýjasta plata sveitarinnar, Close to Paradise, kom nýlega út í Kanada (þar sem hún er ofarlega á flestum plötusöluhlutum) en kemur ekki út fyrr en í janúar í Bandaríkjunum. Nú þegar hefur samt skapast mikið umtal um þennan nýja demant frá Montreal. Til gamans má geta að platan er samt sem áður fánægleg hér á landi. Close to Paradise hljómar einstaklega vel og þrátt fyrir að þar sé að finna hrærigrout af ýmsum stefnum og straumum í tónlist hefur platan afar sterkan heildarsvip. „Hvert lag [á plötunni] á sína eigin sögu og sinn hljómi. Vissulega hefur



HLJÓMSVEIT Þrátt fyrir nafnið er Patrick Watson skipuð fjórum mættum piltum sem spila ómpýða og fallega tóna sem ættu að falla Airwaves-gestum í geð.

platan mismunandi áferð en ég held að það hjálpi hverju lagi að segja sína sögu. Það eru til svo margar gerðir af tónlist, af hverju ættum við að njórva okkur niður við eina þeirra?“ spyr Patrick skynsamlega.

Godspeed neistinn að bálinu

Eins og áður segir er Patrick Watson frá Montreal í Kanada en þar hefur verið í gangi afar áhugverð tónlistarsena undanfarið sem hefur blómstrað síðustu tvö ár eða svo. „Hér voru engar viðskiptahug-

myndir sem mótuðu tónlistina eins og til dæmis í New York og London og þannig þróaðum við okkar eigin hljómi. Sprengjan varð síðan þegar hljómsveitin Godspeed You! Black Emperor byrjaði að bjóða hljómsveitum að koma hingað. Þá var kominn vettvangur fyrir aðra tónlistarmenn í borginni til þess að spila og vinna með öðrum utanaðkomandi hljómsveitum.“ Að lokum má nefna að Patrick Watson heldur sérstaka aukatónleika í verslun 12 Tóna föstudaginn 20. október.

Miklir aðdáendur Jóhanns

Platan Hvað er hvað verður með hljómsveitinni Sixties er komin út. Á plötunni eru tólf lög eftir Jóhann G. Jóhannsson

Þetta er sjöunda plata Sixties, sem sló á sínum tíma í gegn með útgáfu sinni af laginu Vor í Vagla-skógi. Síðasta plata sveitarinnar kom út fyrir fjórum árum og nefndist Sumargleði. Þar var kassagítarinn í aðalhlutverki en í þetta sinn tekur sveitin fyrir lög Jóhanns G. Jóhannssonar.

Þrjú lög á plötunni hafa aldrei komið út áður. Samdi Jóhann tvö þeirra er hann var á Bifröst árið 1963 og því eru þau svo sem ekki ný af nálinni. Á meðal annarra laga eru slagarnir Hvers vegna varst' ekki kyrr?, Fiskurinn hennar Stínu og Við eigum samleidi.

„Við höfum verið aðdáendur hans í langan tíma. Hann hefur samið mörg af flottustu poppmelódíum Íslands eins og Don't Try to Fool Me og lögin sem hann gerði með Bjögga og Óðmönnum,“ segir Guðmundur Gunn-



SIXTIES Hljómsveitin Sixties er að gefa út sína sjöundu plötu.

laugsson úr Sixties, sem hefur þekkt Jóhann frá árinu 1983.

Strákarnir í Sixties hafa verið hörkuduglegir við spilamennsku

um árin og spila næst fyrsta vetrardag á Grundarfirði og eftir það spilar hún á Players í Kópavogi.



JUSTIN HAWKINS Söngvari The Darkness er hætstur í bandinu og hefur sagt skilið við fyrri lífsstíl sinn. Á myndinni sést hann með eina af síðustu krúsumum sem fóru ofan í hann.

Hætti í The Darkness

Söngvari bresku rokkhljómsveitarinnar The Darkness er hætstur í sveitinni. Justin Hawkins tilkynnti þetta á þriðjudag eftir að hann lauk meðferð við áfengis- og eiturlyfjavanda sínum. Justin hefur nú náð að halda sér þurrum í níu vikur og hefur ákveðið að hann geti ekki haldið áfram í rokkinu án þess að drekka og dýpa. Rokk og ról lífsstíllinn passar ekki við hinn nýja Justin Hawkins.

„Mér líður illa út af hinum strákunum í bandinu en ég get þetta bara ekki lengur,“ segir Justin. Fyrrum félagar Hawkins í bandinu, þar með talinn gítarleikarinn og bróðir hans Dan, hafa ákveðið að halda The Darkness gangandi áfram. Ekki má þó telja líklegt að það gangi vel eftir að söngvarinn er horfinn á braut, enda seldist önnur plata þeirra, One Way Ticket to Hell and Back, mjög illa.

> Eyjólfur vildi Viktor í landsliðið

Forráðamenn íslenska landsliðsins í knattspyrnu reyndu allt hvað þeir gátu til að koma Viktori Bjarka Arnarssyni heim frá Noregi á þriðjudagskvöldið. Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari vildi fá hann fyrir leikinn gegn Svíum en Viktor var staddur í Noregi þar sem hann var til reynslu hjá Lilleström. Ekki tókst að koma honum til landsins í tæka tíð og voru því Ásgeir Gunnar Ásgeirsson og Jónas Guðni Sævarsson valdir en þeir voru báðir staddir hér á landi og gátu komið fyrirvaralitíð.

spo
sport@frettabladid.is



WEST HAM: FÉLAGIÐ NÚ ÞEGAR AÐ HLUTA TIL Í EIGU ÍSLENDINGA

Gylfi Orrason á hluta í West Ham

Mönnum er nú tíðrætt um þann hóp íslenskra fjárfesta sem Eggert Magnússon fer fyrir og hefur áhuga á að gera yfirtökutilboð í enska úrvalsdeildarfélagið West Ham. Það vita það hins vegar færri að félagið er nú að hluta til í eigu Íslendinga. Um er að ræða knattspyrnuáráttamann Gylfa Þór Orrason, sem hefur stutt félagið dyggilega síðan hann var sex ára gamall. Gylfi segir að sinn hlutur sé þó ekki stór og meira til gamans gert. „Ég er nú ekki að tala sama tungumál og þessir viðskiptakallar,“ sagði Gylfi við Fréttablaðið. „Þetta er nú meira til að grobba sig af en ég er nú einn af þeim fáu sem hafa reynt að verða sér úti um þetta. Svo þegar þetta stóð manni til boða ákvað ég að slá til. Maður er bara trúur sínum mönnum og þetta er hluti af því.“ Honum list þó vel á Eggert og félagi. „Mér list ekki verr á þessa menn en þá sem var talað um á undan,“ sagði Gylfi en íranski auðjófurinn Kia Joorabchian hefur lengi



verið orðaður við yfirtökutilboð í félagið og stóð hann til að mynda fyrir komu Argentínumannanna Carlos Tevez og Javier Mascherano til West Ham í haust. „Þessi Írani er víst með ísraelskan fasteignasala og oliubaróna frá Georgíu með sér og finnst mér skipta máli að þarna komi menn í félagið sem eru ekki að gera þetta bara fyrir sjálfa sig eins og virðist tilfellið með þennan hóp. En hvort næstu eigendur West Ham verða Íslendingar eða ekki skiptir mig engu máli, bara að þetta séu menn sem bera hag félagsins fyrir brjósti.“ Gylfi segist ekki vera umsvifamikill á hlutabréfamarkaðnum en viðurkennir að ef hann seldi sína hluti í dag kæmi hann út í gróða. „Það yrði þá í fyrsta skipti á mínum ferli enda er þetta ekki mitt fag.“ Hann bætir við að hann sé reglulega boðaður á aðalfund en hafi ekki látið verða að því að fara. „Það væri gaman að skella sér en ég er þó ekki að liggja yfir ársreikningunum. Það eru til betri menn til að greina þá en ég.“



GUNNAR ÞÓR GÍSLASON Styður Eggert til góðra verka á Upton Park.

Gunnar Þór Gíslason: Hefur trú á Eggerti

FÓTBOLTI Gunnar Þór Gíslason, fyrrverandi stjórnarformaður Stoke City, sagði í samtali við Sky Sports í gær að hann hefði mikla trú á að Eggert Magnússon yrði farsæll í starfi hjá West Ham kæmist hann til valda hjá félaginu.

„Ég heyrði þennan orðróm fyrir nokkrum vikum þannig að þetta er greinilega búið að vera í gangi í nokkurn tíma. Eggert er mjög kraftmikill náungi og mjög mikill knattspyrnuáhugamaður.“

Hann hefur verið viðloðandi íslenska knattspyrnu í mjög langan tíma og síðast sem formaður knattspyrnusambandsins. Ég get ekki svarað því af hverju hann hefur áhuga á West Ham en augljóslega heillar enska úrvalsdeildin Eggert,“ sagði Gunnar Þór við Sky en hann telur að Eggert vilji komast í að stýra knattspyrnufélagi.

„Aðalatriðið er hvað hann kemur með mikið af peningum á borðið en ég veit mjög lítið um smáatriði málsins. Hann mun klárlega gefa verkefninu alla sína athygli og ef honum gengur vel mun West Ham sjá mikla starfsemi í kringum félagið á komandi árum. Hann tengist mönnum sem eiga mikið af peningum og stendur ekkert illa sjálfur,“ sagði Gunnar Þór Gíslason. - hbg

Eggert vill kaupa West Ham

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, skoðar þann möguleika þessa dagana að kaupa enska úrvalsdeildarfélagið West Ham United. Breska blaðið Daily Telegraph segir Eggert tilbúinn að greiða tæpa 10 milljarða fyrir félagið.

FÓTBOLTI Þau stórtíðindi hafa borist frá Bretlandi að Eggert Magnússon, formaður KSÍ, ætli sér að gera tilboð í enska úrvalsdeildarfélagið West Ham United. Breska blaðið Daily Telegraph segir að hugsanlegt tilboð Eggerts sé upp á 75 milljónir punda, eða 9,6 milljarða íslenskra króna. Blaðið segir einnig að í tilboði Eggerts sé gert ráð fyrir að yfirtaka skuldir félagsins, sem eru um tuttugu milljónir punda, og heildarverðmæti tilboðsins yrði því rúmar hundrað milljónir punda.

Athygli vekur að blaðið segist hafa heimildir fyrir því frá Íslandi að Eggert sé tilbúinn að greiða sjálfur fjörutíu milljónir punda úr eigin vasa, um fimm milljarða íslenskra króna.

„Ég er að skoða málið og það er á algjöru byrjunarstigi. Það eru margir hlutir í lagi hjá West Ham og það vakti áhuga minn á að skoða málið. Ég er búinn að lýsa yfir áhuga en það er margt eftir í þessu ferli,“ sagði Eggert en mun hann setja fimm milljarða í félagið og á hann fimm milljarða?

„Þetta eru hreinar ágískanir og ekki haft eftir mér. Ég hef ekkert um þessa frétt að segja og ég læt ekkert uppi um fjármuni mína opinberlega.“

Eggert vill ekkert láta uppi um það hvort hann standi einn að baki tilboðinu eða hvort einhverjir séu í slagtoppi með honum. Eggert vill heldur ekki segja hreint út hvort hann verði stjórnarformaður félagsins, fari svo að hann nái völdum í West Ham.

„Ef ég er leiðandi í þessu þá er ljóst að ég myndi vera á kafi í að sjá um að þessi klúbbur uppfyllti þær væntingar sem ég gerði til hans,“ sagði Eggert en hann segist ekki vera farinn að hugsa svo langt hvort hann þurfi að slíta sig



EGGERT MAGNÚSSON Er stórhuga þessa dagana og ihugar kaup á einu frægasta knattspyrnufélagi Bretlands. Eggert yrði væntanlega stjórnarformaður félagsins ef af kaupunum yrði.

frá KSÍ og íslenska boltanum, fari svo að hann endi sem aðaleigandi West Ham.

Miklir peningar eru í enska boltanum og peningafláðið fer ekki minnkandi. Tekjur vegna sjónvarpsréttar hækka um sjötíu prósent á næsta ári en enska deildin er nýbúin að ganga frá nýjum samningi við Sky-sjónvarpsstöðina.

„Fótbolti á þessu stigi er bara viðskipti. Svo hef ég verið fót-

boltakarll allt mitt líf og ef ég get tvinnad saman viðskiptin og fót-boltann er ég sáttur,“ sagði Eggert en talað hefur verið um að Straumur-Burðarás standi í þessu með honum. Eggert segir það ekki vera rétt.

„Nei, það yrði síðast af öllu þar sem ég er stjórnarformaður þar,“ sagði Eggert en er Björgólfur Thor Björgólfsson með honum í liði? „Hann er ekki nálægt mér í þessu.“ henry@frettabladid.is



ER EKKI Á FÖRUM Forseti Real Madrid segir að Beckham muni framlengja samning sinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ramon Calderon: Beckham mun framlengja

FÓTBOLTI Ramon Calderon, forseti Real Madrid, er sannfærður um að David Beckham muni framlengja samning sinn við félagið um tvö ár þrátt fyrir að önnur félög hafi sýnt honum áhuga. Samningur Beckhams rennur út næsta sumar.

„Beckham er þannig leikmaður að hann á sér marga aðdáendur og hann mun fá mörg tilboð af því að hann er lykilleikmaður á marga vegu. Ég trúi því samt að Beckham muni framlengja samning sinn við okkur um tvö ár í viðbót,“ sagði forsetinn. - dsd

Ole Gunnar Solskjær: Brøndby vildi fá mig

FÓTBOLTI Norski framherjinn Ole Gunnar Solskjær greindi frá því í gær að danska félagið Brøndby, sem Hannes Sigurðsson leikur með, hefði reynt að fá hann til Danmerkur í sumar. Eins og svo oft áður sýndi Solskjær félagi sínu mikla tryggð og ákvað að vera áfram í Manchester og sanna sig upp á nýtt.

„Þeir voru í sambandi en það komst aldrei á alvarlegt stig,“ sagði Solskjær. - hbg

Þýska ungmennalandsliðið: Leikmenn með fordóma

FÓTBOLTI Anton Ferdinand og Micah Richards urðu fyrir kynþáttaníði frá leikmönnum þýska ungmennalandsliðsins í leik Þýskalands og Englands á dögunum. Þýska knattspyrnusambandið hefur í samvinnu við enska knattspyrnusambandið hafið rannsókn á málinu. Leikurinn endaði með 2-0 sigri Englands.

„Við tókum þessum ásökunum mjög alvarlega og höfum farið af stað með rannsókn. Við ræddum við Stefan Kiessling, fyrirlíða þýska liðsins, en hann segist ekki hafa orðið var við neitt og nú er Dieter Eilts, þjálfari liðsins, að ræða málið við leikmennina. Þetta gæti tekið þónokkurn tíma,“ sagði talsmaður þýska knattspyrnusambandsins. - dsd

Helgi Sigurðsson verður áfram hjá Fram eftir stíf fundarhöld með stjórn knattspyrnudeildar:

Veit að önnur lið höfðu samband við Helga

FÓTBOLTI Rekstrarstjórn meistara-flokks Fram í knattspyrnu sendi í gær frá sér þá tilkynningu að Helgi Sigurðsson yrði áfram hjá félaginu og myndi efna þann samning sem hann gerði á síðasta ári. Þá samdi hann til tveggja ára en fyrir í vikunni óskaði hann eftir því að samningi hans við Fram yrði rift.

Helgi var lykilmáður í sigri Fram í 1. deildinni í sumar og fyrir-séð að hann myndi áfram gegna því hlutverki í baráttu liðsins í Landsbankadeildinni næsta sumar.

Brynjar Jóhannesson er framkvæmdastjóri rekstrarstjórnarinnar og sagði að Helgi ætti heiður skilinn fyrir að útkljá þetta mál á skynsamlegan máta.

„Við ræddum bara málin og þetta er niðurstaðan. Samningi

Helga var ekkert breytt eða neitt í þeim dúr. Svona var þetta klárað og er allt í góðu.“

Ólafur Þórðarson, þjálfari liðsins, tók í svipaðan streng. „Hvorki ég né stjórnarmenn Fram vorum tilbúnir að sleppa Helga enda einn besti leikmaður liðsins. Ég hef ekkert nema gott um hann að segja, ég spilaði með honum í landsliðinu og þekki hann því ágætlega. Hann hefur gaman af því að spila fótbolta og það er fyrir öllu.“

Báðir hafa þeir heimildir fyrir því að annað lið í Landsbankadeildinni hafi sett sig í samband við Helga og boðið honum að koma til sín. Brynjar segir að Helgi hafi ekki viljað ræða ástæður sínar fyrir bón sinni um að fara frá Fram.

„En það er ekkert við hann að

sakast þó að menn frá öðru félagi eru að hringja í hann. Ég veit að vissir aðilar báru viðurnar í hann og greinilegt að menn eru alveg landamæralausir í þessu.“

Ólafur segir að ef það sé tilfellið sé það vitanlega kolólöglegt. „Ég hef heyrt af því að lið sem varð ofarlega í Landsbankadeildinni í haust hafi sett sig í samband við hann,“ sagði Ólafur.

EKKI NÁÐIST Í Helga Sigurðsson í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - esá



Í SLAGNUM Helgi Sigurðsson í leik með Fram gegn Víkingi í úrslitaleik Reykjavíkurmótsins í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ

STEFNUMÓT VIÐ LEIÐTOGA

 Landsbankinn

NÓBELSVERÐLAUNAHAFINN
OG MAÐUR NÍUNDA
ÁRATUGARINS AÐ MATI
TÍME SNYR AFTUR
Á SÖGULEGUM TÍMAMÓTUM

Velkominn aftur til Reykjavíkur GORBACHEV Í HÁSKÓLABÍÓI Í DAG

FYRIRLESTUR OPINN ÖLLUM OG HEFST KL. 17:00
MIÐSALA VIÐ INNGANGINN Í SÍMA 511-2255
OG Á CONCERT.IS


NOVATOR

UNDANKEPPNI EM

A-riðill

KASAKSTAN-FINNLAND	0-2
SERBIA-ARMENÍA	3-0
PÓLLAND-PORTÚGAL	2-1
1-0 Smolarek (9.), 2-0 Smolarek (18.), 2-1 Nuno Gomes (92.).	
BELGÍA-ASERBAÍDSJAN	3-0

STADAN

SERBÍA	4	3	1	0	6-1	10
FINNLAND	4	2	2	0	6-2	8
BELGÍA	4	2	1	1	4-1	7
PÓLLAND	4	2	1	1	5-5	7
PORTÚGAL	3	1	1	1	5-3	4
KASAKSTAN	4	0	2	2	1-4	2
ARMENÍA	3	0	1	2	0-4	1

B-riðill

ÚKRAÍNA-SKOTLAND	2-0
1-0 Kucher (60.), 2-0 Shevchenko, viti (90.).	
GEORGÍA-ITALÍA	1-3
0-1 De Rossi (18.), 1-1 Shashivili (26.), 1-2 Camoranesi (63.), 1-3 Perrotta (71.).	
FRAKKLAND-FÆREYJAR	5-0
1-0 Saha (2.), 2-0 Henry (22.), 3-0 Anelka (77.), 4-0 Trezeguet (78.), 5-0 Trezeguet (84.).	

STADAN

SKOTLAND	4	3	0	1	9-3	9
FRAKKLAND	4	3	0	1	11-2	9
ÍTALÍA	4	2	1	1	7-5	7
ÚKRAÍNA	3	2	0	1	5-4	6
LITHÁEN	3	1	1	1	3-3	4
GEORGÍA	4	1	0	3	9-9	3
FÆREYJAR	4	0	0	4	0-18	0

C-riðill

MALTA-UNGVERJALAND	2-1
TYRKLAND-MOLDÓVA	5-0
BOSNÍA-GRIKKLAND	0-4

STADAN

TYRKLAND	3	3	0	0	8-0	9
GRIKKLAND	3	3	0	0	6-0	9
NOREGUR	3	2	0	1	6-2	6
BOSNÍA	4	1	1	2	8-11	4
MALTA	3	1	0	2	4-8	3
UNGVERJAL.	4	1	0	3	5-8	3
MOLDÓVA	4	0	1	3	2-10	1

D-riðill

ÍRLAND-TÉKKLAND	1-1
1-0 Kilbane (62.), 1-1 Koller (64.).	
SLÓVAKÍA-PÝSKALAND	1-4
0-1 Podolski (13.), 0-2 Ballack (25.), 0-3 Schweinsteiger (36.), 1-3 Varga (58.), 1-4 Podolski (72.).	
WALES-KÝPUR	3-1

STADAN

TÉKKLAND	4	3	1	0	13-2	10
PÝSKALAND	3	3	0	0	18-1	9
SLÓVAKÍA	4	2	0	2	12-9	6
WALES	3	1	0	2	5-8	3
KÝPUR	3	1	0	2	5-8	3
ÍRLAND	3	0	1	2	2-3	1
SAN MARÍNÓ	2	0	0	2	0-20	0

E-riðill

KRÓATÍA-ENGLAND	2-0
1-0 Eduardo (61.), 2-0 Gary Neville, sjálfsm. (69.).	
ANDORRA-MAKEDÓNÍA	0-3
RÚSSLAND-EISTLAND	2-0

STADAN

KRÓATÍA	3	2	1	0	9-0	7
ENGLAND	4	2	1	1	6-2	7
ÍSRAEL	3	2	1	0	6-2	7
MAKEDÓNÍA	4	2	1	1	4-1	7
RÚSSLAND	3	1	2	0	3-1	5
EISTLAND	3	0	0	3	0-4	0
ANDORRA	4	0	0	4	1-19	0

F-riðill

ÍSLAND-SVÍPJÓÐ	1-2
0-1 D. Jensen (29.), 0-2 Gravgaard (32.), 0-3 Tomasson (51.), 0-4 Tomasson (64.).	
NORÐUR-ÍRLAND-LETTLAND	1-0
1-0 David Healy (45.).	

STADAN

SVÍPJÓÐ	4	4	0	0	8-2	12
DANMÖRK	3	2	1	0	6-0	7
N.-ÍRLAND	4	2	1	1	4-5	7
LETTLAND	3	1	0	2	4-2	3
SPÁNN	3	1	0	2	6-5	3
ÍSLAND	4	1	0	3	4-8	3
LIECHTENST.	3	0	0	3	1-11	0

G-riðill

HVÍTARÚSSLAND-SLÓVENÍA	4-2
LÚXEMBOURG-BÚLGARÍA	0-1
HOLLAND-ALBANÍA	2-1
1-0 Van Persie (15.), 2-0 sjálfsmark (42.), 2-1 Curri (67.).	

STADAN

HOLLAND	4	3	1	0	7-2	10
BÚLGARÍA	4	2	2	0	7-3	8
RÚMENÍA	3	2	1	0	7-3	7
HVÍTARÚSSL.	4	1	1	2	7-10	4
SLÓVENÍA	3	1	0	2	4-7	3
ALBANÍA	3	0	1	2	3-6	1
LÚXEMBOURG	3	0	0	3	0-4	0

Grátlegt tap gegn slökum Svíum

Hægfara Svíar tóku öll stigin gegn Íslandi í kuldaleik í gær. Lokatölur 2-1 í leik sem Íslendingar voru síst lakari aðilinn í og hefðu átt gera betur. Þrjú töp í röð hjá Eyjólfri Sverrissyni eru staðreynd.

	1-2	
Ísland		Svíþjóð
Laugardalsvöllur. Áhorfendur: 8.725 G. Gilewski, Póll. (2)		

1-0 Arnar Þór Viðarsson (6.)
1-1 Kim Källström (8.)
1-2 Christian Wilhelmsson (59.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	4-8 (2-4)
Varin skot	1-0
Horn	6-2
Aukaspjrnur fengnar	14-22
Rangstöður	1-0

FÓTBOLTI Eyjólfur Sverrissyni varð að gera nokkrar breytingar á liði sínu frá því í Lettlandi um helgina. Jóhannes Karl færði sig aftar á völinni í stöðu Brynjars Björns á miðjunni og Arnar Þór tók stöðu Stefáns Gíslasonar á miðjunni. Grétar Rafn færði sig upp á kantinn og Kristján Örn tók stöðu hans í bakverðinum. Emil Hallfredsson kom síðan inn á vinstri kantinn í stað Hannesar, sem færði sig í framlínuna.

Það var kalt og nokkuð hvasst þegar leikurinn var flautaður á og íslenska liðið mætti ákveðið til leiks á meðan Svíarnir virkuðu nokkuð rólegir. Ísland stýrði ferðinni og Svíarnir voru slegnir kaldir á 6. mínútu þegar Arnar Þór Viðarsson kom Íslandi yfir með frábæru skoti utan teigs.

Það er óhætt að segja að markið hafi komið flestum á vellinum verulega á óvart og meðal annars



GLÆSIMARK Leikmenn Íslands fagna marki Arnars Viðarssonar. FRÉTTABL./ANTON



EIÐUR SMÁRI Fer framhjá Johan Elmander í leiknum í gær.

manningum á markatöflunni, sem var ekki búinn að færa markið til bókar þegar Kim Källström jafnaði leikinn með stórkostlegu skoti úr aukaspjrnunni af um 30 metra færi en markið kom aðeins mínútu eftir mark Arnars Þórs. Grátlegt að halda ekki forystunni lengur en þetta.

Það eru engar ýkjur þegar sagt er að leikurinn hafi dáið í kjölfarið. Bæði lið lögðu niður vopnin og biðu eftir áras frá andstæðingnum sem aldrei kom. Næsta skot leiksins kom ekki fyrr en 26 mínútu eftir jöfnunarmarkið og það skot Arnars Þórs fór hátt yfir mark Svía.

Það var ekkert líf í Svíunum í fyrri hálfleik en litlu munaði að þeir kæmst yfir rétt fyrir hlé þegar önnur aukaspjarna stefndi í markið. Hermann bakkaði þó á elleftu stundu og bjargaði á línu. Jafnt í hálfleik sem var fluttur hjá íslenska liðinu þar sem það sýndi

afbragðsþaráttu og vilja gegn lötum og hrokafullum Svíum sem héldu að hlutirnir kæmu af sjálfu sér. Okkar menn hefðu að ósekju mátt sækja fastar að Svíunum því færið var til staðar.

Íslenska liðið byrjaði síðari hálfleikinn miklum mun betur og hálfleiksraða þjálfara Svía virtist hafa skilað litlu. Það var því sem blaut tuska í andlit íslenska liðsins þegar Wilhelmsson skoraði ódýrt mark á 59. mínútu sem var óverðskuldað en að slíku er víst ekki spurt í knattspjornu.

Íslenska liðið lagði allt í að jafna leikinn en allt kom fyrir ekki. Einhvern slagkraft vantaði til að ljúka dæminu og sá slagkraftur var líklega getan sem virtist ekki vera til staðar. Næst komst Ísland því að jafna er Eiður Smári skaut í slá úr aukaspjornu skömmu fyrir leikslok. Lokatölur 2-1 og Svíar geta verið sælir með stigin þrjú sem þeir

áttu ekki skilið því þeir voru slakir.

Íslenska liðið verður ekki sakað um að leggja sig ekki fram í leiknum því strákarnir gáfu allt sem þeir áttu. Nýju strákarnir komu ferskir inn og minntu rækilega á sig.

Það munaði um minna fyrir Ísland að Eiður Smári komst aldrei í takt við leikinn en það skrifast að stóru leyti á Eyjólf þjálfara, sem lét Eið spila fremstan og Hannes fyrir aftan í stað þess að hafa Eið aðeins fyrir aftan Hannes þar sem hann nýttist best. Svíunum líkaði þetta vel og þeir þurftu ekki að hafa stórar áhyggjur af Eiði í þetta skiptið.

Þrjú töp í röð staðreynd og Ísland er enn að glíma við sömu draugana, slaka vörn og klaufaleg mörk. Leikurinn gegn Norður-Írum virðist hafa gefið falsvönir fyrir framhaldið því strákarnir hafa ekki náð sér á strik síðan.

henry@frettabladid.is

Kim Källström og Rami Shaaban segja leikboltann hafa haft mikil áhrif:

Boltinn var óútreiknanlegur

FÓTBOLTI Kim Källström, miðjumaður sænska liðsins, gerði lítið úr marki sínu á 8. mínútu leiksins þegar hann jafnaði leikinn í 1-1 og sagði boltann og vindinn hafa skilað boltanum framhjá Árna Gauti Arasyni.

„Ég hitti boltann mjög vel og hann fór vissulega þangað sem hann átti að fara en ef aðstæður hefðu verið öðruvísi hefði boltinn líklega aldrei farið inn,“ sagði Källström við Fréttablaðið eftir leik. Hann sagði mark sitt vissulega hafa haft gríðarleg áhrif á leikinn. „Íslendingar komu okkur í opna skjöldu með sínum leik og okkur brá mikið að fá þetta mark á okkur strax í upphafi. En eftir að við jöfnuðum fannst mér leikmönnum Íslands brugðið og ég



BARÁTTA Kim Källström og Kristján Örn Sigurðsson berjast um boltann.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hafði alltaf trú á því að við myndum skora annað mark.“

Rami Shaaban, markvörður sænska liðsins, sagði einnig að boltinn hefði verið mjög vafasamur. „Auðvitað var blautt og mikill vindur en við skulum orða það svo að ég hef spilað með betri bolta,“ sagði Shaaban við Fréttablaðið.

„Það var greinilegt að boltinn hafði mikil áhrif í markinu sem Källström skoraði og svo hegðaði hann sér líka skringilega í markinu sem Ísland skoraði. Síðan þegar Eiður skaut úr aukaspjornunni í lokin breytti boltinn mikið um stefnu,“ sagði Shaaban. Hann vildi þó ekki draga neitt úr draumamarki Arnars Þórs Viðarssonar.

„Við náðum ekki að hreinsa nógu vel í burtu og boltinn datt fyrir fætur leikmannsins. Hann skaut en ég sá boltann of seint til að ná til hans,“ sagði Shaaban og bætti við að heppnin hefði verið með Svíunum í leiknum. „Svona er fótboltinn, stundum er heppnin með manni og stundum ekki. Í dag var hún með sænska liðinu.“ - vig

Niclas Alexanderson, fyrirlíði sænska landsliðsins, í gær:

Heppni að Eiður skoraði ekki

FÓTBOLTI „Ég get ekki sagt að áhersla íslenska liðsins á sóknarleikinn hafi komið mér mikið á óvart þar sem við vissum að leikmenn liðsins vildu skora mörk fyrir áhorfendur eftir vonbrigðin í Lettlandi. Við þurftum að hafa mikið fyrir sigrinum,“ sagði Niclas Alexanderson, hægri vængmaður Svía og fyrirlíði liðsins í fjarveru Freddie Ljungberg og Tobias Linderoth. Hann sagði ist þó hafa gert ráð fyrir því að

Svíar myndu stjórna leiknum betur.

„Mörkin í upphafi leiksins settu sinn svip á leikinn og það var gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að jafna strax. Við vorum lengi í gang, enda með nánast nýja miðju frá því gegn Spáni, en mér fannst þetta ganga betur í síðari hálfleik. Við vorum mjög vafasamir að Eiður skoraði ekki úr aukaspjornunni í lokin,“ sagði Alexanderson við Fréttablaðið.

Christian Wilhelmsson, sem skoraði sigurmark Svía, játti því að hann hefði verið heppinn í marki sínu. „Boltinn datt fyrir mig og ég náði að setja hann. Þetta var heppni. Heppnin virðist vera með mér gegn Íslendingum. Ég ætti að spila sem oftast á Laugardalsvelli,“ sagði Wilhelmsson og hló. Hann skoraði einnig þegar þjóðirnar léku síðast á þjóðarleikvangnum í Laugardal 2004, en þá urðu lokatölur 4-1 fyrir Svía. - vig

EINKUNNIR ÍSLANDS

ÁRNI GAUTUR ARASON 6
Virtist hafa átt að gera betur í fyrri markinu. Stóð þess utan vel fyrir sínu og var öruggur.

KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON 7
Skilaði frábæri vörnarmarkinu allan leikinn og lét Wilhelmsson ekki taka sig eins og síðast.

ÍVAR INGIMARSSON 7
Mun betri en gegn Lettum og sýndi í gær sitt rétta andlit. Var öruggur uppmálað allan leikinn.

HERMANN HREIÐARSSON 6
Grímmur og öruggur allan leikinn en lét taka sig illa í seinna markinu.

INDRÍÐI SIGURÐSSON 6
Stóð vaktina vel þótt lítið hafi reynt á hann. Tók lítinn þátt í sóknarleiknum og hefði mátt koma fram þar sem Svíar sóttu ekki fast að okkur.

GRÉTAR RAFN STEINSSON 7
Mjög góður framman af og ógnaði vel. Rann af honum móðurinn eftir því sem á leið en gaf sig aldrei. Mun betri á kantinum en Kári í síðustu leikjum.

JÓHANNES KARL GUDJÓNSSON 6
Mjög góður í fyrri hálfleik í sinni rétta stöðu en missti taktinn í síðari hálfleik.

ARNAR ÞÓR VIÐARSSON 7
Einn besti landsleikur Arnars. Vann boltann, var duglegur að bjóða sig og skilaði honum vel frá sér.

EMIL HALLFREDSSON 7
Flott innkoma hjá Emil. Var áráðinn og ákveðinn og átti nokkrar hættulegar sendingar. Allt annað að sjá kantana í þessum leik.

EIÐUR SMÁRI GUDJOHNSEN 5
Týndur og tröllum gefinn frá upphafi. Komst aldrei í takt við leikinn og óskiljanlegt að hann hafi ekki leikið aftur á vellinum.

HANNES ÞORSTEINN SIGURÐSSON 6
Duglegur og barðist vel. Nýttist betur frammi en út á kantinum.

VARAMENN

52., HJÁLMAR JÓNSSON 5
Bætti litlu við. Skilaði bolta illa frá sér.

81., MAREL BALDVINSSON -



EIÐUR SMÁRI Sækir að sænska markinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eiður Smári: Ekki að ganga upp hjá mér

FÓTBOLTI Eiður Smári var að vonum svekktur eftir leikinn en hann var ótrúlega nálægt því að skora undir lokin þegar aukaspyrna hans small í þverslánni. Stuttu síðar átti Eiður skot úr annarri aukaspyrnu sem virtist fara í höndina á einum varnarmanni Svía.

„Mér fannst hafa farið pottþétt í höndina á varnarmanninum í aukaspyrnunni. Ég held að þetta sé bara svona tímabil, þegar manni gengur vel þá fær maður kannski aðra aukaspyrnu eða víti en þegar hlutirnir vinna á móti manni þá gerist ekkert,“ sagði svekktur fyrirliði Íslands. - dsd

Hannes Þ. Sigurðsson: Áttum að jafna

FÓTBOLTI Hannes Þ. Sigurðsson barðist vel í leiknum í gær en tókst ekki að skora. „Við sköpuðum meira en þeir en náðum ekki að nýta færin. Við vorum með sjálfstraustið í lagi en bara leiðinlegt að ná ekki að klára færin,“ sagði Hannes eftir leikinn.

„Það er bara verst að ná ekki að hefna fyrir þessa tvo tapleiki alveg strax. Við þurfum því að bíða í fimm eða sex mánuði til bæta fyrir þessa tapleik.“ - dsd

Eyjólfur Sverrisson var ánægður með spilamennsku íslenska liðsins í gær:

Svekkur fyrir hönd strákanna

FÓTBOLTI Eyjólfur Sverrisson var ánægður með leik Íslands í gær en var vitaskuld svekktur með tapið. „Ég er virkilega svekktur fyrir hönd strákanna. Við áttum skilið að fá meira út úr þessum leik. Varnarleikurinn var til fyrirmyndar og það var mikið líf í sóknarleikum,“ sagði vonsvikinn hjálfiari íslenska liðsins eftir leikinn.

Oft skall hurð nærri hælum undir lok leiksins og jöfnunarmarkið lá í loftinu en inn vildi boltinn ekki. „Eins og þetta hefur verið í síðustu leikjum þá hefur boltinn bara ekki viljað inn í netið. Það kemur bara að byggja á því,“ sagði Eyjólfur. „Ég var ekkert alltof sáttur við dómgæsluna í kvöld en þetta er hluti af leiknum og maður verður að kyngja því. Það þýðir samt ekki að væla yfir því, við tókum þessu tapi bara eins og það kom.“

Eyjólfur sagði að taktíkin sem hann lagði upp með fyrir leikinn hefði gengið mjög vel. „Við lögðum upp með sterkan varnarleik og mér fannst hann virkilega góður. Við settum á þá pressu á tímum í leiknum og það var viljandi og gekk mjög vel. Ég er mjög ánægður með þennan þátt í okkar leik en



SVEKKTIR Eyjólfur Sverrisson og Birkir Kristinsson eru óánægðir með gang mála í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ég er ekki ánægður með úrslitin, sérstaklega fyrir hönd strákanna. Þeir eru auðvitað mjög svekktir og nánast klökkir,“ sagði Eyjólfur en það var allt annað að sjá liðið í gær heldur en gegn Lettum um síðustu helgi.

„Við þurfum meiri stöðugleika í okkar leik og við erum að vinna í því. Þessi leikur í dag var að mínu mati okkar besti leikur hingað til í keppninni. Mér fannst við betri í

dag en á móti Norður-Írum. Það var miklu meiri kraftur í liðinu bæði sóknarlega og varnarlega en heppnin er ekki alltaf með okkur,“ sagði Eyjólfur og bætti því við að Lars Lagerbäck hefði beðið sig afsökunar eftir leikinn fyrir að hafa tekið öll stigin í leiknum.

Eyjólfur viðurkendi að kannski hefði mátt setja fleiri í varnarvegginn í fyrra marki Svía. - dsd

Arnar Þór Viðarsson skoraði eina mark Íslands í leiknum með góðu skoti:

Fallegt mark en telur því miður ekkert

FÓTBOLTI Það vakti þó nokkra athygli að Arnar Þór Viðarsson var í byrjunarliði íslenska liðsins og skoraði eina mark Íslands með glæsilegum skoti af löngu færi.

„Þetta var svo sem fallegt

mark en ég hefði frekar viljað skora eitthvað ljótt mark eða skora alls ekki í sigurleik heldur en svona mark sem telur ekki neitt,“ sagði Arnar Þór Viðarsson eftir leikinn. „Okkar leikaðferð

og leikstíll virkaði bara mjög vel í dag og við vorum að spila mjög vel. Ég held að jafntefli hefðu verið sanngjörn úrslit í dag,“ sagði Arnar Þór, markaskorari Íslands í gær. - dsd



SKOT Kim Källström á skot að marki Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mikael Antonsson: Eiður átti ekki góðan dag

FÓTBOLTI Mikael Antonsson, varnarmaður Sviþjóðar, kom inn í liðið í stað Olofs Mellberg sem gat ekki spilað vegna veikinda og stóð Antonsson vaktina í vörninni mjög vel. Hann og félagi hans, Petter Hansson, höfðu góðar gætur á Eiði Smára, en Antonsson sagði við Fréttablaðið að engin sérstök áhersla hefði verið lögð á að taka Eið úr umferð.

„Við reyndum okkar besta og mér fannst ganga ágætlega að halda Eiði niðri. Hann átti hins vegar ekki sinn besta leik og hlutirnir voru ekki að ganga upp hjá honum,“ sagði Antonsson. „Hannes var mjög skæður, sterkur í loftinu og olli okkur meiri vandræðum, sérstaklega í síðari hálfleik. Íslendingar spiluðu vel á köflum og erfitt að eiga við leikmenn liðsins. Sem betur fer höfðum við sigur.“ - vig

Logi Gunnarsson:

Skoraði 36 stig

KÖRFUBOLTI Logi Gunnarsson lét til sín taka í sínum fyrsta leik í byrjunarliði ToPo í finnsku úrvalsdeildinni í gærkvöld. Lið hans vann 94-82 sigur á Tampereen Pyrinto á útvelli og skoraði Logi 36 stig fyrir ToPo. Er það met í finnsku deildinni í ár. - esá



JAFNTEFLISBARÁTTA Brjann Bjarnason átti fínan leik í vörn Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

HK og Fram gerðu jafntefli í Digranesi:

Ferðapreyta hjá Fram

HANDBOLTI Það mátti sjá að nokkur þreyta sat í Frömurum eftir erfiða ferð til Slóveníu um liðna helgi. Eftir fremur dapran fyrri hálfleik á móti sprækum leikmönnum HK, rifu þeir sig þó upp og lönduðu öðru stiginu eftir spennandi lokamínútur, lokatölur 22-22.

HK kom vel stemmt til leiks í Digranesi í gærkvöldi. Með liprum sóknarleik og þéttri vörn náðu þeir tókum á leiknum strax í upphafi. Leikmenn Fram áttu ekkert svar við þessari byrjun HK, sem jók forystuna jafnt og þétt og hafði fjögurra marka forskot þegar flautað var til leikhles, 13-9.

Allt annað var að sjá til Framara í seinni hálfleik. Þeir tóku varnarleikinn föstum tókum og Magnús Erlendsson markvörður bjargaði sínum mönnum á mikilvægum augnablikum. Á móti virkuðu HK-menn ráðalausir í sóknarleik sínum. Framarar náðu tveggja marka forystu skömmu fyrir leikslok en með öflugum endaspretti náðu leikmenn HK að hrfisa til sín annað stigið á síðustu mínútu leiksins, lokatölur 22-22.

Petkevicius og Tomas Eitutis voru bestu menn HK í leiknum en hjá Fram var það markvarsla Magnúsar í seinni hálfleik og góður leikur Daníels Grétarssonar sem stóð upp úr. - sk

HK-FRAM 22-22

Mörk HK: Valdimar Þórsson 7/3 (16/4), Sergey Petraytis 2 (4), Tomas Eitutis 4 (12), Augustas Strazdas 3 (7), Ragnar Hjaltested 2 (5), Brynjar Valsteinnsson 1 (1), Gunnar Steinn Jónsson 1 (4/1), Friðrik Þórarinnsson 1 (1), Ólafur Reynisson 1 (1).
Varin skot: Egidijus Petkevicius 12/1.

Mörk úr hraðaupphlaupum: 3 (Ólafur 1, Gunnar 1, Ragnar 1).
Fiskuð víti: 5 (Friðrik 2, Petraytis 2, Gunnar 1) Utan vallar: 12 mínútur.

Mörk Fram: Daniel Grétarsson 5 (8), Jóhann Einarsson 3/1 (12/2), Brjann Bjarnason 2 (3), Guðjón Drengsson 2/2 (2/2), Stefán Stefánsson 2 (3), Þorri Gunnarsson 2 (3), Haraldur Þorvarðarson 2 (7), Andri Haraldsson 2 (6), Sigfús Sigfússon 1 (6), Hjörtur Hinrikkson (3).

Varin skot: Magnús Erlendsson 6/2, Björgvin Gustavsson 4.

Mörk úr hraðaupphlaupum: 6 (Brjann 2, Jóhann 2, Stefán 1, Þorri 1).

Fiskuð víti: 4 (Jóhann 3, Daniel 1).
Utan vallar: 6 mínútur.



RENAULT



ATVINNUBÍLAR
FYRIRÆKJAPJÓNUSTA



Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.620.000
Verð frá kr. 1.301.205 án vsk
Fjármögnunarleiga kr. 24.896
Fjármögnunarleiga kr. 19.996 án vsk.

Renault Master
Verð frá kr. 2.720.000
Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 42.024
Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.

Trafic



Verð frá kr. 2.280.000
Verð frá kr. 1.831.325 án vsk
Fjármögnunarleiga kr. 35.295
Fjármögnunarleiga kr. 28.350 án vsk.

Master



* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



DIDIER DROGBA Hefur slegið Shevchenko við í vetur.

Didier Droghba:

Ekki gert nýjan samning

FÓTBOLTI Didier Droghba er ekki enn búinn að skrifa undir nýjan samning við Chelsea þó að umboðsmenn hans hafi verið í viðræðum við félagið frá því í sumar. Droghba virðist vilja vera áfram hjá félaginu og umboðsmenn hans sækja fast að fá mjög góðan samning þar sem Droghba hefur leikið vel upp á síðkastið.

Margir áttu von á því að Droghba myndi falla í skuggann af Andriy Shevchenko en sú hefur ekki verið raunin því Droghba hefur blómstrað á meðan Úkraínumaðurinn hefur átt erfitt uppráttar.

„Við sitjum enn við samningaborðið. Þetta tekur vissulega lengri tíma en við vorum að vonast til en við vonum það besta,“ sagði umboðsmaður Droghba.

- hbg

Sárabætur fyrir Fylki:

Vladimir Djuric mættur í Fylki

FÓTBOLTI Fylkismenn fengu loksins góðar fréttir af leikmannamálum sínum í handboltanum en Vladimir Djuric er kominn til landsins og er byrjaður að æfa með liðinu. Í fyrradag kom í ljós að Króatinn Tomislav Broz verður frá fram yfir áramót en hann meiddist í síðustu viku. Hann náði ekki að spila með Fylki í DHL-deildinni fyrir meiddli sín.

Djuric lék í fyrra með Selfossi og getur bæði leikið sem leikstjórnandi og skytta.

- esá



ALONSO FAGNAR Hann er með pálmann í höndunum fyrir síðustu keppni tímabilsins.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Renault í Formúlu 1:

Munu fara öruggu leiðina

FORMÚLA 1 Yfirmenn Renaultliðsins í Formúlu 1 hafa lofað Fernando Alonso að þeir muni setja öruggustu vélin á markaðnum í bílinn fyrir síðustu keppni tímabilsins svo Alonso komist örugglega í mark. Alonso þarf einungis að enda í einu af tíu efstu sætum til að tryggja sér meistaratitilinn.

„Við munum ekki reyna að auka kraft vélarinnar mikið og eiga á hættu að bíllinn bili. Alonso mun samt sem áður reyna að vinna keppnina ef sá möguleiki er til staðar,“ sagði Denis Chevrier, vélstjóri Renault.

- dsd

Enn vandræði á leikmönnum körfuboltaíðsins Indiana Pacers og þá sérstaklega Stephen Jackson:

Í slagsmálum á nektarstað og skaut úr byssu

KÖRFUBOLTI Ef það var slæmur stimpill á körfuboltaíði Indiana Pacers þá er hann orðinn kolsvartur eftir nýjasta upptæki bakvarðarins Stephens Jackson. Hann átti stóran þátt í slagsmálunum frægu gegn Detroit fyrir tveim árum og hlaut fyrir vikið þrjátíu leikja bann.

Jackson virðist leita vandræðin uppi því allt varð vitlaust er hann heimsótti nektarstað á dögnum. Jackson telur sig heppinn að sleppa lifandi eftir átökin en hann var bæði sleginn og svo var keyrt á hann.

„Ég vil biðja liðsfélaga mína afsökunar sem og stuðningsmenn-



STEPHEN JACKSON Skilorð hans var lengt um eitt ár eftir slagsmálin á nektarbúllunni.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

ina og félagið,“ sagði Jackson. „Þetta er mjög leiðinleg uppkoma og ég tek fulla ábyrgð á gjörðum mínum.“

Jackson var ásamt þrem félögum sínum í Pacers-liðinu á nektarstað þegar allt varð vitlaust og slagsmál brutust út. Þegar Jackson var kominn út úr húsinu var keyrt á hann á nokkrum hraða þannig að Jackson kastaðist yfir bílinn. Hann stóð í kjölfarið á fætur, dró upp byssu og skaut úr henni upp í loftið til að forðast frekari slagsmál. Til að bæta gráu ofan á svart fundust kannabísefni í bíl þeirra félaga.

- hbg

Ætlum okkur að vinna Arsenal

Kvinnalið Breiðabliks tekur á móti Arsenal á Kópavogsvelli í dag í átta liða úrslitum í Evrópukeppni meistaraíliða. Arsenal er langöflugasta kvinnalið Englands og hefur verið nær ósigrandi þar í landi.

FÓTBOLTA Stórleikur í knattspyrnu verður í dag þegar Breiðablik fær margfalda Englandsmeistara Arsenal í heimsókn í Evrópukeppni meistaraíliða. Arsenal hefur unnið ensku deildina fimm síðustu tímabil og þar að auki fór liðið taplaust í gegnum síðasta tímabil og vann tvöfalt, bæði deildina og bikarinn á Englandi.

Fréttablaðið ræddi við Guðmund Magnússon, þjálfara Breiðabliks, í gær. „Þetta leggst bara mjög vel í mig og það er kominn upp smá spenningur. Ég er búinn að fá góðar upplýsingar um liðið þannig að við vitum ágætlega út í hvað við erum að fara,“ sagði Guðmundur.

Það er þó skarð fyrir skildi hjá Breiðablik að fyrirlíði liðsins, Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir, verður ekki með vegna meiðsla. Annars eru allir aðrir leikmenn heilir og klárir í slaginn. „Vanja Stefanovic er að skríða saman og hún gæti náð nokkrum þessara leikja.“

Þrjár og hálf vika er liðin frá síðasta leik Breiðabliks en Guðmundur, þjálfari liðsins, hefur reynt að halda sínum leikmönnum við efnið með æfingaleikjum. Einnig voru sex stelpur frá Breiðabliki að leika með kvinnalandsliðinu gegn Portúgal og Bandaríkjunum á dögnum.

„Undirbúningurinn er búinn að vera smá þúsluspil milli okkar og landsliðsins. Stelpurnar sem voru í landsliðinu fengu tvo góða leiki og við höfum reynt að halda hinum stelpunum á tánum með góðum æfingum og æfingaleikjum.“

Það gekk reyndar erfiðlega að fá lið til að spila æfingaleiki en við spiluðum æfingaleiki við A-lands-



AF ÆFINGU BREIÐABLIKS Blíkar vonast til að ná fram hagstæðum úrslitum á heimavelli í dag. Veðrið gæti hjálpað þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

liðið og undir 19 ára landsliðið,“ sagði Guðmundur.

Arsenal hefur á mjög góðu liði að skipa en Guðmundur er hvergi banginn. „Við förum bara í þennan leik til að vinna hann, það er ekki flóknara en svo. Við leggjum þennan leik samt öðruvísu upp en leiki hérna á Íslandi. Við gerum okkur grein fyrir því að við förum kannski í þennan leik sem minna liðið en við erum með sjö til átta landsliðskonur á móti sjö til átta landsliðskonum hjá þeim. Við ætlum okkur bara að vinna þennan leik,“ sagði sigurreifer þjálfari Breiðabliks.

„Það er ekkert annað en tilhlökkun hjá okkur fyrir þennan leik. Það er mjög góð stemning í hópnum og við erum klárar í slaginn. Vonum bara að veðrið verði betra en það hefur verið undanfarið,“ sagði Þóra Björg Helgadóttir, markvörður Breiðabliks, og bætti því við að þetta væri skemmtileg viðbót við Íslands-mótið sem kláraðist fyrir nokkru síðan.

„Við förum í þennan leik til að sigra. Við viljum ná fram hagstæðum úrslitum hér heima svo að við höfum eitthvað í vasanum þegar við förum til London,“ sagði Þóra, sem hafði ekki trú á því að landsleikurinn í Bandaríkjunum á sunnudaginn sæti í þeim stelpum sem hann spiluðu. „Það er smá þreyta eftir leikinn en við fengum á móti frí í vinnunni. Það var líka bara ágætt að fá að spila tvo leiki.“

Leikurinn er á Kópavogsvelli klukkan fjögur og frítt er inn fyrir Blikaklúbbsmeðlimi og iðkendur Breiðabliks.

dagur@frettabladid.is

Veigar Páll Gunnarsson er enn slæmur - „hundfúlt og er sársvekkur“:

Veigar Páll með brenglað jafnvægisskyn

FÓTBOLTI Veigar Páll Gunnarsson á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir. Á þriðjudag var hann færður til rannsóknar á spítala vegna svimakasts sem byrjaði á mánudagskvöldið. Fréttablaðið heyrði í honum í gær, áður en leikurinn gegn Svíum hófst, og sagðist hann enn vera slæmur.

„Á mánudagskvöldið fengu allir landsliðsmenn frí og var ég heima hjá félagi mínum þegar sviminn byrjaði. Þetta var ekkert stórvægilegt í byrjun en fór alltaf sívaxandi. Ég sagðist svo þurfa að standa upp en þegar ég reyndi það hélt ég að það ætlaði að líða yfir mig. Ég fór því heim til tengdafaeldra minna og lagðist upp í rúm. Ég reyndi að standa upp en þá kastaði ég bara upp. Allt herbergið virtist vera á hreyfingu. Eftir þetta mátti ég liggja í rúminu og gat ekkert gert.“

Veigar segir að hann hafi hringt í Sveinbjörn Brandsson, lækni landsliðsins, sem hafi í kjölfarið pantað tíma hjá sérfræðingi sem

Veigar hitti svo á þriðjudag. „Þar kom í ljós að jafnvægisskynið mitt er í óreglu. Það gæti verið að það tengist því að á æfingu með landsliðinu á mánudagsmorgun heyrði ég smá smell aftan í hálsinum eftir að ég hafði skallað bolta. En það var ekkert vont og var ég alveg góður eftir æfinguna. Það var ekki fyrr en um kvöldið að sviminn kom.“

Það mátti telja fullvíst að Veigar byrjaði inn á gegn Svíum og segir hann það hundfúlt að missa af leiknum. „Ég er sársvekkur yfir því að þetta skuli gerast rétt fyrir leik þegar ég á loksins stóran möguleika á því að byrja inni á í stórum landsleik.“ Hann sagðist þó vonast til að geta horft á leikinn.

Veigar sagðist í gær vera betri en daginn á undan. „Í gær gat ég ekkert gengið en nú er ég aðeins skárri. En ég hef nánast eingöngu sofið síðan þetta gerðist. Ég hef varla náð að halda augunum opnum eftir að þetta byrjaði.“



Í KAPLAKRIKA Veigar Páll á æfingu landsliðsins þar sem hann fann „smell aftan í hálsinum“ eftir að hafa skallað boltann.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Hann segist ekki vitað hvenær hann geti farið aftur til Noregs en hann er í lykhlutverki hjá félagi sínu, Stabæk, og er meðal markahæstu leikmanna deildarinnar.

„Það verður bara að koma í ljós hvenær ég get farið. Þeir hjá Stabæk vita af þessu ástandi en framhaldið verður að koma betur í ljós síðar.“

- esá



EKKI MISSA AF TÆKIFAERI LÍFS ÞÍNS!

Á LAUGARDAGINN Á HÓTEL NORDICA.

Við skorum á alla eldri en 16 ára,
söngvara og sönghópa að mæta.

SKRÁNING Á XFACTOR.IS



Í SAMSTARFI VIÐ



ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„Nobody's looking for a puppeteer in today's wintry economic climate.“

Svar: Craig Schwartz (John Cusack) úr myndinni Being John Malkovich frá 1999.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON FANN GUÐ Á RÚV

Almættið í Sjónvarpinu

Ríkissjónvarpið hefur undanfarna mánudaga sýnt sjónvarpsþætti úr ranni BBC sem heita Rætur Guðs. Þar hefur breski vísindamaðurinn Robert Winston brugðið ljósi á hvernig vísinda- og fræðimenn hafa í gegnum tíðina reynt að sanna eða afsanna tilvist almættisins.

Winston hefur áður gert stórskemmtilega þætti fyrir BBC sem hafa verið sýndir hér á landi og bregst ekki bogalístin í þetta sinn. Winston kemur fyrir sjónir sem umburðarlyndur húnasti og þrátt fyrir að hafa helgað sig vísindum er hann að eigin sögn trúður. Skýrasta dæmið um umburðarlyndi hans var líklega sú mikla virðing sem Winston sýndi súrrandi rugludöllum á borð við þá sem aðhyllast það



sem kallað hefur verið sköpunarkenningin eða heimshönnunarkenningin, það er að segja þá sem trúa því að Biblíuna eigi ekki að túlka, heldur líta á sem nákvæma útlistun á upphafi og þróun jarðarinnar.

Ekki svo að skilja að Winston hafi gert þessum sjónarmiðum hátt undir höfði en þegar hann mótmælti vitleysunni í þeim gerði hann það á yfirvegaðan og rökvisan hátt án þess að tala niður til þeirra (að því marki sem það er hægt). Hins vegar er ugghægt til þess að vita að í Bandaríkjunum njóta sjónarmið sem þessi æ meiri skilningi hjá stjórnmálum þar á landi.


Þættir á borð við Rætur Guðs eru með því besta sem Sjónvarpið býður upp á hverju sinni. Meira svona.



▶ 23.20

Gaman

AÐÞRENGDAR EIGINKONUR



▶ 20:05

Dægurmál

Í SJÖUNDA HIMNI



▶ 18.00

Slúður

INSIDER



▶ 21.30

Gaman

SIGTIÐ



▶ 24.45

Fitness

ARNOLD SCHWARZENEGGER MÓTIÐ

SKJÓVARPIÐ



6.58 Ísland í bítíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah (107:145) 10.20 William and Mary (2:6) 11.10 Whose Line Is it Anyway? 4 11.35 Punk'd 2 (e)

13.50 Landsleikur í fótbolta 15.50 Evrópukeppni meistaraíða í fótbolta 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Stundin okkar (2:30)

12.00 Hádegisfréttir 12.40 Neighbours 13.05 Í finu formi 2005 13.20 My Sweet Fat Valentina 14.05 My Sweet Fat Valentina 14.50 Two and a Half Men (1:24) 15.15 Related (15:18) 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours

18.30 Lína (3:7) (Världen enligt Piplina) Teiknimynd fyrir yngstu börnin.

18.38 Vinir á Kúbu Spænsk barnamynd.

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

20.25 Á okunnri strönd (10:12) (Distant Shores II)

21.15 Launráð (98) (Alias V) Jennifer Garner er í aðalhlutverkinu og leikur Sydney Bristow, háskólustúlku sem hefur verið valin og þjálfuð til njónastarfa á vegum leyniþjónustunnar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

22.00 Tíufréttir

22.25 Soprano-fjölskyldan (The Sopranos VI) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

▶ 23.20 Aðþrengdar eiginkonur (36:47) 0.05 Kastljós 0.55 Dagskrárlök

23.40 La Mentale (The Code) (Stranglega bönnuð börnum) 1.40 Hustle (6:6) 2.35 The Bread, My Sweet 4.25 Big Love (7:12) (Bönnuð börnum) 5.20 Fréttir og Ísland í dag 6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SKJÁR SPORT

20.00 Stuðningsmannabátturinn Líðið mitt (b) Boltaspjall með Bödda Bergs. Gestir í myndveri ræða það sem efst er á baugi í boltanum.

21.00 Ítölsku mörkin (e)

22.00 Newcastle – Everton (e) Frá 24.09

0.00 Stuðningsmannabátturinn Líðið mitt (e) 1.00 Dagskrárlök

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

17.00 Nýtt í vikunni 18.00 Spánareignir

19.00 Fjölbýli og hæðir (e)

20.00 Nýtt í vikunni

21.00 Einbýlishús

22.00 Fjölbýli og hæðir

23.00 Nýtt í vikunni (e) 0.00 SMS eignir

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

23.15 Insider 23.40 Ghost Whisperer (e) 0.25 Seinfeld (4:24) 0.50 Entertainment Tonight (e)

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 Child Star Confidential 13.30 10 Ways 14.00 Special Jennifer Aniston: America's Sweetheart 15.00 Stranded With A Star: Who Would You Choose? 17.00 Girls of the Playboy Mansion 17.30 Girls of the Playboy Mansion 18.00 E! News 18.30 The Daily 10 19.00 Kate Moss THS 20.00 101 Guiltiest Guilty Pleasures 21.00 Sexiest Red Carpet Divas 22.00 Dr. 90210 23.00 Girls of the Playboy Mansion 23.30 Girls of the Playboy Mansion 0.00 Kate Moss THS 1.00 101 Guiltiest Guilty Pleasures 2.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

Í SJÖUNDA HIMNI

MEÐ HEMMA GUNN

ÍSLENSKAR HÆFILEIKAKONUR Í ÖNDVEGI

- ★ Aníta Briem Hollywood leikkona
- ★ Margét Lára fótboltadrottning
- ★ Amiina upphitunarsveit Sigur Rósar
- ★ Sigga Beinteins söngkona og Idol dómari
- ★ Guðrún Gunnars söngkona tekur lagið ásamt Friðriki Ómari

Í beinni í kvöld kl. 20:00 á Stöð 2

VIÐ MÆLUM MEÐ

STÖÐ 2 KL. 20.05

Hemmi í kvennafans

Í þessum þriðja þætti vetrarins verða íslenskar hæfileikakonur í hávegum hafðar í tilefni af átaki sem staðið hefur yfir til að minna á baráttuna gegn brjóstakrabbameini og mikilvægi forvarna. Í heimsókn til Hemma koma þær Aníta Briem, sem um þessar mundir leikur í nýrri Hollywood-mynd á móti leikaranuma Brendan Fraser, fótboltadrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir sem er á leið í atvinnu-mennskuna og Sigga Beinteins, söng-kona og Idol-dómari. amíinu-stúlkur verða einnig gestir hjá Hemma og taka lagið. Svo syngja Guðrún Gunnarsdóttir og Friðrik Ómar en þau hafa gefið út tvær vinsælar plötur með sígildum og skemmtilegum íslenskum dægurflugum.



■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

5	2	1	4	3	6	7	9	8
8	9	3	2	5	7	6	4	1
6	7	4	1	9	8	5	2	3
7	1	6	5	2	9	8	3	4
4	5	2	7	8	3	1	6	9
9	3	8	6	4	1	2	5	7
3	4	7	8	6	5	9	1	2
2	8	5	9	1	4	3	7	6
1	6	9	3	7	2	4	8	5

		9		2		7	4	
	2			7		5		
							6	
2					1		9	
8		3				6		2
	7		3					8
	6							
		5		4			3	
	8	2		9		1		



▶ **24.00**
Spenna

CRADLE, 2 CRADLE

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Wind in the Willows 8.00 The Five Senses 10.00 Fíaskó

12.00 Along Came Polly 14.00 Wind in the Willows 16.00 The Five Senses 18.00 Fíaskó

20.00 **Along Came Polly** (Svo kom Polly) Rómantísk gamanmynd. Ráðgjafinn Reuben Feffer vill alltaf hafa hlutina á hreinu. Allt fer því skiljanlega í rúst þegar eiginkonan heldur fram hjá honum í brúðkaupsferðinni! En mitt í raunum Reubens kemur gamla skóla-systirin, Polly, fram á sjónarsviðið. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.

22.00 **Wakin' Up in Reno** (Helgarferð til Reno) 2002. Bönnuð börnum.

▶ **0.00** Cradle 2 the Grave (Stranglea bönnuð börnum) **2.00** Poolhall Junkies (Stranglea bönnuð börnum) **4.00** Wakin' Up in Reno (Bönnuð börnum)

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.13 Litla flugan 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vít og breitt 14.03 Útvarpsagan: Lygasaga 14.30 Leikhúsröttan 15.03 Fallegast á fóninn 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.27 Óperukvöld útvarpsins: Trítan og Ísólf 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Jazzhátíð Reykjavíkur 2006

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.45 Morgunútlarp Rásar 2 9.03 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlarpíð

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ungmennafélagið 20.30 Konsert með Scissor sisters 22.10 Marzipan 0.10 Popp og ról 0.30 Spegillinn

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



Leðursófasett 3+1+1
verð kr. 299.000.-
Verð nú kr. 254.150.-




Rýmum til fyrir nýjum vörum

40-60%
afsl. af völdum vörum



Hvít leðursófasett
3+1+1 verð kr. 289.000.-
Verð nú kr. 245.650.-



Tunguleðursófi
verð kr. 199.900.-
Verð nú kr. 169.915.-

15% afsláttur
af nýjum vörum

opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 - Sunnudaga 13-16
bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is




... fá Pálmi Sigurhjártarson og félagar í Sniglabandinu fyrir hið frábæra lag Kæri Jón, sem samið var á hálf tíma í sjónvarpsþætti.

Óli Tynes kominn á Gráa fiðringinn

Fréttamaðurinn Óli Tynes keyrir um á ansi glæsilegum bíl sem hann keypti í sumar en þetta er silfurlitaður Opel Astra OPC. „Þetta er 240 hestafla bíll og hann segir ekki ha? þegar ég stíg á bensínjökina.“ útskýrir Óli, sem segist þó ekki hafa orðið bílakarl fyrir en aldurinn færðist yfir. „Ég sá hann auglýstan og fannst hann alveg rosalega fallegur, stóðst hann hreinlega ekki en vissi reyndar ekkert um að hann væri svona tryllitæki,“ segir Óli og viðurkennir að þetta hafi verið ást við fyrstu sýn.

sagði að þetta væri mjög þægilegur og góður bíll, sagði henni eiginlega allt nema hversu kraftmikill hann væri,“ segir Óli og hlær en eiginkonan komst þó fljótlega að raun um hvers slags tryllitæki húsbóndinn hafði keypt. „Þegar hún hafði spænt upp málbikið fyrir framan Landspítalann fyrir algjöra slysi kom hún til mín og spurði hvað í andskotanum ég hefði verið að gera,“ útskýrir Óli og hlær, segir hana ekki hafa verið lengi að finna bílnum nafn við hæfi, Grái fiðringurinn. - fgg



ÓLI OG ASTRAN Fréttamaðurinn hafði ekki hugmynd um að bíllinn væri svona kraftmikill en líkar það vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HELENA STEFÁNSDÓTTIR: VINNUR AÐ TVEIMUR KVIKMYNDUM

Gerir virkjanamynd með Bafta-verðlaunahafa

„Ég fékk hugmyndina eftir að hafa lesið bókina The Man who Mistook his Wife for a Hat eftir Oliver Sacks fyrir fimm árum,“ segir Helena Stefánsdóttir, kvikmyndagerðarkona og einn eigna Kaffi Hljómalindar, en hún stefnir á að frumsýna stuttmyndina Anna í lok þessa mánaðar. Myndin fjallar um samnefnda konu sem glímur við Tourette-heilkenni og hvernig það sem hinum heilbrigðu reynist létt og auðvelt verk er henni næstum ofviða. „Bandaríska leikkonan Katherine Baldwin leikur Önnu en hún er loftfímleikakona og hefur unnið töluvert á sviði í New York,“ segir Helena en að gefnu tilefni skal tekið fram að Katherine er ekkert skylt þeim Baldwin-bræðrum. Hilmir Snær fer síðan með hlutverk Adams, nágranna Önnu, sem er boðið í kaffi þennan venjulega morgun. „Það er ekkert tal í myndinni heldur byggist hún að mestu á ljóðrænum myndum,“ útskýrir leikstjórnin.



HELENA STEFÁNSDÓTTIR Frumsýnir í byrjun þessa mánaðar stuttmynd um konu með Tourette-heilkenni þar sem Katherine Baldwin og Hilmir Snær Guðnason leika aðalhlutverkin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Helena hefur sagt skilið við Önnu og vinnur nú hörðum höndum að því að klára heimildarmynd um virkjanir á Íslandi, málefni sem brennur óneitanlega á þjóðinni. Helena fékk áhuga á raforku og virkjunum eftir að hafa dvalist heilt sumar á Kárahnjúkum og hefur nú ferðast um landið allt til að kynna sér þau svæði sem raforkuvirkir hafa augastað á en fólk í landinu hefur ekki haft tök á að kynna sér. „Ég fékk rosalegt áfall þegar ég kom fyrst á Kárahnjúka en naut þess síðan að vera þarna uppfrá,“ útskýrir Helena. „Mér leið síðan illa núna í sumar og upplifði eiginlega allan tilfinningaskalann, sérstaklega þegar lokað var fyrir og fyllt upp í Háls-lón,“ bætir hún við.

fékk meðal annars Bafta-verðlaunin fyrir tæknibrellurnar í heimsendamyndinni The Day after Tomorrow. „Honum þykir mjög vænt um landið og vill allt

fyrir það gera,“ segir Helena en hún vonast til að frumsýna myndina sem fyrst þótt það yrði aldrei fyrir en á næsta ári.

freyrgigja@frettabladid.is

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2 uss 6 drykkur 8 neðan 9 bók 11 samþykki 12 teygjudýr 14 hlutverk 16 tveir eins 17 gól 18 húðsepi milli taa 20 til 21 innýfli.
LÓÐRÉTT
1 að utan 3 tveir eins 4 rabba 5 forsögn 7 gufulest 10 efni 13 málmur 15 eyðimörk 16 vafi 19 í röð.

LAUSN

andun, 16 eft, 61 tu.
spá, 7 eimreið, 10 tau, 13 bý, 15
LÓÐRÉTT: 1 lyta, 3 un, 4 spjalla, 5
18 fit, 20 að, 21 iður.
já, 12 amaba, 14 rulla, 16 ee, 17 ylu,
LÁRÉTT: 2 uss, 6 te, 8 upp, 9 fit, 11

allt heimili
Alla fimmtudaga

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bryndís Schram er nýr liðsmaður í Íslandi í bítið á Stöð 2. Bryndís var kynnt til leiks í þættinum í gærmorgun og mun birtast áhorfendum einu sinni í viku. Hlutverk hennar verður að svara spurningum áhorfenda sem þeir senda inn til þáttarins. Óhætt er að fullyrða að Bryndís muni setja skemmtilegan svip á þáttinn, eins og henni er einni lagið.



Koma **Mikhails Gorbatsjov**, fyrrum leiðtoga Sovétríkjanna, til Íslands hefur vakið mikla athygli. Gorbatsjov kom til landsins í gær og heldur fyrirlestur í Háskólabíói í dag klukkan 17. Ferðamáti Sovétleiðtogans fyrirverandi hefur sömuleiðis vakið nokkra athygli því Gorbatsjov flaug hingað til lands á einkaþötu auðjófursins **Björgólfs Thors Björgólfssonar** og lenti á Reykjavíkflugvelli. Skýring þessa er sú að Landsbankinn er einn af bakhjörllum komu Gorbatsjov ásamt Fréttablaðinu. Tengsl Björgólfs Thors við Rússland eru reyndar vel kunn og fór vel með á honum og Gorbatsjov á



Reykjavíkflugvelli í gær. Sagnfræðingurinn **Guðmundur Magnússon** fer mikinn á bloggsíðu sinni <http://www.gudmundurmagnusson.blogspot.com> þessa dagana og fylgist ekki sist grannt með gengi íslenskættaða fríblaðsins Nyhedsavisen í Danmörku. Guðmundur kallar blogg sitt Skrafað við skýin en hann hefur áður skrifað á netið undir þeim gunnfána og var sérstaklega afkastamikill fyrst eftir að hann hætti störfum á Fréttablaðinu í ársbyrjun. Hann hvarf skyndilega af bloggvellinum, líklega þar sem hann fór í rannsóknarleiðangur til Kaupmannahafnar en hann vinnur nú að bók um samskipti Danakonunga við Íslendinga á tímum sjálfstæðisbaráttunnar. Það má því teljast eðlilegt að Guðmundi sé Danmörk hugleikin og þar liggur ef til vill skýringin á tíðum skýrslum hans um Nyhedsavisen nú þegar hann er upprisin í netheimum. - hdm/þþ

Reykjavíkflugvelli í gær.

Sagnfræðingurinn **Guðmundur Magnússon** fer mikinn á bloggsíðu sinni <http://www.gudmundurmagnusson.blogspot.com> þessa dagana og fylgist ekki sist grannt með gengi íslenskættaða fríblaðsins Nyhedsavisen í Danmörku. Guðmundur kallar blogg sitt Skrafað við skýin en hann hefur áður skrifað á netið undir þeim gunnfána og var sérstaklega afkastamikill fyrst eftir að hann hætti störfum á Fréttablaðinu í ársbyrjun. Hann hvarf skyndilega af bloggvellinum, líklega þar sem hann fór í rannsóknarleiðangur til Kaupmannahafnar en hann vinnur nú að bók um samskipti Danakonunga við Íslendinga á tímum sjálfstæðisbaráttunnar. Það má því teljast eðlilegt að Guðmundi sé Danmörk hugleikin og þar liggur ef til vill skýringin á tíðum skýrslum hans um Nyhedsavisen nú þegar hann er upprisin í netheimum. - hdm/þþ

Reykjavíkflugvelli í gær.

Sagnfræðingurinn **Guðmundur Magnússon** fer mikinn á bloggsíðu sinni <http://www.gudmundurmagnusson.blogspot.com> þessa dagana og fylgist ekki sist grannt með gengi íslenskættaða fríblaðsins Nyhedsavisen í Danmörku. Guðmundur kallar blogg sitt Skrafað við skýin en hann hefur áður skrifað á netið undir þeim gunnfána og var sérstaklega afkastamikill fyrst eftir að hann hætti störfum á Fréttablaðinu í ársbyrjun. Hann hvarf skyndilega af bloggvellinum, líklega þar sem hann fór í rannsóknarleiðangur til Kaupmannahafnar en hann vinnur nú að bók um samskipti Danakonunga við Íslendinga á tímum sjálfstæðisbaráttunnar. Það má því teljast eðlilegt að Guðmundi sé Danmörk hugleikin og þar liggur ef til vill skýringin á tíðum skýrslum hans um Nyhedsavisen nú þegar hann er upprisin í netheimum. - hdm/þþ

Emilíana eykur dramatíkuna í Grey's Anatomy

Íslenski söngfuglinn Emilíana Torrini virðist vera í miklu eftirlæti hjá framleiðendum sjónvarpsþáttarins Grey's Anatomy því fjögur lög af disknum Fisherman's Women hafa hljómað í þáttunum. Nú síðast var það Nothing Brings Me Down sem spilað var undir í hádramatísku atriði fyrsta þáttarins í nýrri seríu vetrarins. Samkvæmt Nielsen-sjónvarpsmælingunum horfðu í kringum 24 milljónir á þennan þátt og vinsældir sjónvarpsseríunnar eru orðnar því líkar að þátturinn hefur velt glæparannsóknardeildinni CSI og Desperate Housewives úr efsta sæti vinsældalistans en þessir tveir þættir hafa skipt því



DÁLÆTI Á TORRINI Framleiðendur sjónvarpsþáttarins Grey's Anatomy eru augljóslega hrifnir af lögum Emilíönu.

ekki færi á sér í nein viðtöl um þessar mundir. Tónlistarmenn hafa oft notið góðs af því að fá lögin sín í sjónvarpsþætti og nægir þar að nefna The Rembrandts sem varð heimsfræg eftir að slagarinn I'll Be There For You varð titillag sjónvarpsþáttaraðarinnar Friends. Þá hefur hljómveitin Death Cab for Cutie heldur betur vakið á sér athygli eftir að lög hennar fóru að hljóma í unglingsáþunni The O.C. - fgg

EMILIANA TORRINI Vildi ekki ræða málið við Fréttablaðið en fjögur lög af Fisherman's Women hafa hljómað í Grey's Anatomy.



Reykjavíkflugvelli í gær.

Hildur Vala

- er komin í Skífuna



1.999 kr.

Ég er kona - Lifðu hægt - Palli var einn í heiminum
Fréttir - Gömul taska - La la la - Í stóru húsi - Fölblá fiðrildi
Finngáalknið - Draumalandið - Maðurinn í götunni
Þá dreymir mig um þig

**Tryggðu þér eintak
af þessari æðislegu plötu**

KOMIN Í SKÍFUNA



skemmtir þér ;)

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

KONUNGLEGUR!
ÍSKALDUR
FAXE
ROYAL
LÉTTUR ÖLLARI



BAKÞANKAR

DR. GUNNA

Listauppeldi

Nú þegar alvöru fólk eins og Eva María Jónsdóttir er farið að ámálga þau sannindi að fólk eigi að setja börnin sín í fyrsta sæti er bara tímaspursmál hvenær það þykir jafn hallærislegt og træbaltattú á mænunni að eyða meirihluta dagsins í vinnunni. Sjálfur verð ég ekki sáttur fyrr en nóg er að vinna til klukkan eitt til að hinir svokölluðu endar nái saman.

ÉG reyni að eyða sem mestum tíma með syni mínum. Ég sver það! Stundum freista þó ýmis áhugamál heima fyrir og þá kemur sjónvarpið í góðar þarfir. Sonurinn er vandlátur á skrípíði og lætur ekki bjóða sér hvað sem er. Hann vill eiginlega miklu frekar leika sér með dótið sitt og vill að ég leiki með honum. Þá toga bókaskápurinn og tölvan en ég bít á jaxlinn, fer á rassinn og byrja að dæla bensíni á legóbíla.

ÞÓTT skömm sé frá að segja finnst mér ekkert sérlega gaman að dæla bensíni á legóbíla, a.m.k. ekki tímum saman, og því er eitt þegar við feðgar dettum niður á eitthvað sem við höfum jafn gaman af. Teiknimyndir frá Hollywood innihalda alltaf smotteri fyrir full-orðna, Húsdýragarðurinn er ágætur, fjörur, göngustígar, endurnar á tjörninni og Kolaportið er klassískt stöff.

ÉG vil auðvitað efla listrænan áhuga hjá syninum og fer stundum á listasöfnin með hann. Þar eru fáir á ferli en vítt til veggja og nóg pláss fyrir eltingarleiki. Í bland má reyna að vekja áhuga á dótinu á veggjunum.

NEMA hvað. Nú er það allra fínasta að gera sem ógeðslegust verk, kannski til að sýna fram á hvað við lifum á viðsjárverðum tímum. Við fórum í Hafnarhúsið á Pakkhús postulanna, sem er mjög góð sýning að sögn. Listaverkin líta flest út eins og sviðsmyndir úr Aliens III: Sjúkleg hljóð hvína í sölum með sturluðu ljósablikki, dót í lofti er eins og rakaskemmd frá helvíti, hárflekjur sem minna á kóngulóarvef teygja sig um veggj og allt er sem hryllilegast. Hræðsla sonarins magnaðist með hverju verkinu og ég sá mig fljótlega tilneyddan að hlaupa með hann organdi út.

ÉG gafst ekki upp og fór á Kjarvalsstaði. Þar brast barnið strax í grát yfir málverkum Þórdísar Aðalsteinsdóttur af ljótu fólki í afkáralegum stellingum. Síðasta hálmstráíð var verk gömlu meistaranna en nú var sonurinn búinn að fá því líkt listaofnæmi að hann fór að kjökra og íða í skinninu þegar við nálgudumst landslagsmyndir Kjarvals. Það kostaði mjög stóran ís að bæta fyrir þessa meðferð.



Hver segir að fjölskylduboð geti ekki verið fjör?

Pabbi sagði að það yrði fjölskylduboð um helgina. Frábært. Einmitt það sem mig langaði að eyða sunnudeginum í. Eða þannig. En þegar til kom þá voru allir þarna. Öll fjölskyldan. Og veistu hvað – það var bara ótrúlega gaman.

gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone

ELDHÚSIÐ KOMIÐ HEIM OG SAMAN FYRIR JÓL!

... ef gengið er frá pöntun í október.



Glæsi eldhúsin frá HTH eru ekki eins dýr og þau líta út fyrir að vera!



AEG

FULLKOMIN LÖGUM OG LEKNI

20% AFSLÁTTUR VEITTUR AF AEG HEIMILISTÆKJUM ÞEGAR KEYPTAR ERU INNRETTINGAR FRÁ HTH.



... þú færð það aðeins betra!

Opið virka daga frá 9-18 og laugardaga frá 11-15

ORMSSON

Lágmúla 8 · Sími 530 2800